# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. mars 2009 — 73. tölublað — 9. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000


**MIÐVIKUDAGUR**



**Í minningu Hólmfríðar**
Leikfélag Hörgdæla styrkir Krabbameinsfélag Akureyrar.
TÍMAMÓT 18



**Dökkhærð Sandy**
Ólöf Jara Skagfjörð og Bjartur Guðmundsson leika aðalhlutverkin í Grease.
FÓLK 22

**Gjaldþrota draugaborgir**
„Nú eru um 7.000 íbúðir tómar, hálfbyggðar eða lóðir tilbúnar. Er hægt að kalla það annað en hrun á hugmyndafræði í húsnæðismálum?“ spyr Reynir Ingibjartsson.
Í DAG 16



**Réðu ekki við Jón Arnór**
KR-ingar eru komnir í 2-0 í einvíginu á móti Íslandsmeisturum Keflavíkur eftir sigur í Keflavík.
ÍÞRÓTTIR 26

**VEÐRIÐ Í DAG**




**BJART Í BORGINNI** Í dag verða norðlægar áttir, 3-13 m/s hvassast NV-til. Heldur meiri vindur síðdegis. Él á norðurhluta landsins, snjókoma suðaustan til en bjart með köflum suðvestanlands. Frost 0-7 stig.
VEÐUR 4

# Bankarnir bjuggu til eigið fé með kúnstum

**Viðskiptaráðherra segir bankana hafa búið til eigið fé í bókum sínum. Líkindi séu með þeim gjörningum og athæfi stjórnenda Enron. Hann telur fullvíst að sum af verkum forvígismanna bankanna verði rannsökuð sem sakamál.**

**STJÓRNMÁL** Eigið fé bankanna var aukið með reiknilistum og er eitt af því sem fór úrskeiðis í fjármálakerfinu. Þetta er mat Gylfa Magnússonar viðskiptaráðherra.

„Já, ég held að það sé alveg augljóst að eitt af því sem gerðist í hrunadansinum var að menn bjuggu til eigið fé með því annars vegar að breyta lánsfé í eigið fé með því að lána til hlutabréfakaupa og síðan bjuggu menn til eigið fé á pappírnum með því að kaupa eignir á verði sem var mjög óraunhæft og færa muninn sem viðskiptavild,“ sagði Gylfi á fundi með blaðamönnum í gær.

Atli Gíslason, þingmaður VG, sagðist í Fréttablaðinu í gær hafa heimildir fyrir því að eigið fé bankanna hafi verið „fixað“. Með aukinni viðskiptavild fengist aukinn hagnaður sem aftur leiddi til möguleika á auknum arðgreiðslum. Loftbóluhagnað og loftbóluarðgreiðslur kallar Atli slíkar kúnstir.

Gylfi er á sama máli. Menn hafi búið til fjármagn á pappírnum sem engin innstæða hafi verið fyrir.

Spurður hvort forvígismenn bankanna hafi stundað ámóta viðskiptahætti og stjórnendur bandaríska fyrirtækisins Enron gerðu og leiddu til þrots þess sagði Gylfi margt líkt með skyldum. „Auðvitað voru menn að blekkja sjálfa sig að hluta og aðra í leiðinni,“ sagði hann og kvaðst telja að sumt af háttalaginu verði rannsakað sem sakamál. Það væri þó í höndum þar til bærra stofnana að ákvarða slíkar rannsóknir.

Gylfi segir hætt við að viðskiptavild sé ofmetin í bókum þeirra fjármálafyrirtækja sem enn starfi. Hún hafi ekki verið færð niður. Til hins beri þó að líta að slík bókfærð viðskiptavild sé ekki mikils virði nú um stundir.

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að samanlögð viðskiptavild Glitnis, Kaupþings og Landsbankans jókst úr tæpum nítján milljörðum árið 2003 í 123 milljarða árið 2007. Á sama tíma jókst eigið fé bankanna þriggja úr 92 milljörðum í 714 milljarða.
**- bþs / sjá síðu 12**



**ÆFA SVEIFLUNA** Það var margt um manninn í Básum í Grafarholtinu gær þar sem kylfingar æfðu sveifluna fyrir sumarið. Þótt kalt hafi verið í veðri í vetur hafa kylfingar slegið hvítu kúlunrar í Básum af miklum móð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Makríldeila við Norðmenn:

## Íhuga að svipta íslensk skip veiðileyfum

**SJÁVARÚTVEGUR** Helga Pedersen, sjávarútvegsráðherra Noregs, íhugar að beita Íslendinga þvingunum fyrir að hafa úthlutað sér einhliða 112 þúsund tonna makrílkvóta. Meðal aðgerða sem koma til greina er að fá norsk fyrirtæki til að hætta að flytja inn fiskimjöl og lýsi frá Íslandi eða þá að banna íslenskum skipum sem fengið hafa veitt um sem veitt hafa makríl að veiða, hvaða fisktegund sem er, innan norskrar landhelgi.



HELGA PEDERSEN

Landssamband íslenskra útvegsmanna hefur farið þess á leit við Steingrím J. Sigfússon sjávarútvegsráðherra að hann ræði málin við norska kollega sinn.
**- jse/sjá síðu 8**

Óvæntur liðstyrkur Íslands:

## Með leynivopn í Eurovision

**TÓNLIST „Við reyndum að halda þessu leyndu enda vildum við að fólk kynni að meta lagið en væri ekki að kjósa út frá pólitískum hagsmunum,“ segir rússneska söngkonan Tinatin Japaridze. Hún er meðhöfundur að íslenska laginu Is it True? sem Jóhanna Guðrún flytur í Eurovision-keppninni í Moskvu. Söngkonan þýðir nú texta lagsins yfir á rússnesku til að kynna það frekar.**



TINATIN

**Tinatin er ákaflega ánægð með Jóhönnu Guðrúnu og er fullviss um að hún eigi eftir að standa sig vel á stóra sviðinu.**
**- fgg / sjá síðu 30**

Kröfuhafar SPRON töldu samningaleið ekki fullreynda og vildu meiri tíma:

# Furða sig á þætti AGS í málinu

**VIÐSKIPTI** Að höfðu samráði við fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) var það mat Fjármálaeftirlitsins (FME) að SPRON myndi ekki uppfylla skilyrði um eiginfjárhlutfall þrátt fyrir að eftir gengi áætlun sú sem sparisjóðurinn vann að í samstarfi við stýrihóp kröfuhafa bankans. Þetta kemur fram í rökstuðningi fyrir þeirri ákvörðun FME að taka yfir stjórn SPRON um helgina, en þá var einnig tekin yfir stjórn Sparisjóðabankans.

Samkvæmt heimildum Markaðarins gætir megnrar óánægju í hópi kröfuhafa SPRON sem furða sig á að AGS hafi ekki gætt betur hagsmuna þeirra banka sem um ræðir, enda hafi samningaleið um niðurfellingu skulda og framlengingu lána ekki verið fullreynd.

Í tölvuskeytum til stjórnvalda síðasta föstudag, daginn áður en SPRON og Sparisjóðabankinn voru teknir yfir, vara kröfuhafarnir sterklega við ótímabærum aðgerðum yfirvalda sem byggja kunni á misskilningi og slæmri ráðgjöf. Áhyggjur hópsins virðast hafa aukist eftir símafund með fulltrúum stjórnvalda síðdegis á föstudag.
**- óká / sjá Markaðinn**










**SPURNING DAGSINS**



*Karl Ágúst, hver ykkar ætlar að bregða sér í hlutverk feitu konunnar sem syngur?*

„Við erum allir svo spengilegir að ég hugsa að við verðum að fá gestaleikara í það hlutverk.“

Tökur standa yfir á síðasta Spaugstofuþætti vetrarins, sem gæti einnig orðið allra síðasti þátturinn. Karl Ágúst Úlfsson er einn af forsprökkum Spaugstofunnar.

Forsætisráðherra undrast aðgerðir í kjölfar minnisblaðs um ástand bankanna:

# Stjórnvöld vantaði aðgerðaáætlun

**STJÓRNMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra botnar lítt í orðum og athöfnum forsvarsmanna Seðlabankans á síðasta ári og telur að bankinn og Fjármálaeftirlitið (FME) hefðu átt að smíða aðgerðaáætlun fyrir stjórnvöld.

Eftir að hafa í febrúar skrifað og kynnt þremur ráðherrum minnisblað um bágt ástand bankanna og slæmar horfur á erlendum lánsfjármarkaði lækkaði Seðlabankinn bindiskyldu í mars og lýsti fjármálakerfinu í meginatriðum traustu í maí. Lækkun bindiskyldunnar náði til erlendra útibúa íslenskra banka og liðkaði til dæmis fyrir útþenslu Icesave. Í minnisblaðinu segir meðal annars af áhyggjum Moody's af Icesave.



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Mér finnst að eftirlitsstofnanirnar hafi ekki staðið sig sem skyldi,“ sagði Jóhanna á fundi með blaðamönnum í gær. Hún vildi ekki svara hvort eðlilegt hafi verið af Geir H. Haarde forsætisráðherra og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra að kynna ágæti íslensku bankanna á fundum í Kaupmannahöfn og New York, nokkrum vikum eftir að þau heyrðu af minnisblaði Seðlabankans. „Þau tóku ákvarðanir um að gera þetta með þessum hætti,“ sagði Jóhanna sem telur að Seðlabankinn og FME hefðu átt að leggja fram áætlun um aðgerðir stjórnvalda til að bregðast við þeim viðvörunum sem fram komu í minnisblaðinu. **- bþs**

Embætti sérstaks saksóknara:

# Starfsmönnum fjölgað í tuttugu

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin hefur ákveðið að fjölga starfsmönnum embættis sérstaks saksóknara. Verða þeir tuttugu í stað níu, eins og fyrri áform gerðu ráð fyrir.

Þá mun embættið njóta liðsinnis fjögurra til fimm erlendra sérfræðinga undir handleiðslu Evu Joly, sérfræðings á sviði alþjóðlegrar fjármálaspillingar.

Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra upplýsti á fundi í gær að fyrir lægi að kostnaður við embættið ykist við þetta úr rúmum sjötíu milljónum króna í um 170 milljónir. Ótalinn væri þá kostnaðaraukinn vegna erlendu starfsmannanna. **- bþs**

Vantrauststillaga á þingi:

# Tékklandsstjórn fallin

**TÉKKLAND, AP** Þriggja flokka samsteypustjórnin, sem verið hefur við stjórnvölinn í Tékklandi síðan í september 2006, er fallin. Hún tapaði vantrauststillögu sem atkvæði voru greidd um á þinginu í Prag í gær.



**MIREK TOPOLANEK**

101 þingmaður af 200, sem sæti eiga í þinginu, studdi vantraustsyfirlýsinguna. Ríkisstjórnin, undir forystu Mireks Topolaneks, verður nú að víkja. Málið setur stjórnmál í Evrópusambandinu í nokkurt uppnám, enda gegna Tékkar nú formennskunni í sambandinu. Von er á Barack Obama Bandaríkjaforseta í heimsókn til Prag í næstu viku til að funda þar með ESB-leiðtogum. **- aa**

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn:

# Sveigjanlegri lánareglur

**EFNAHAGSMÁL** **Framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) samþykkti í gær allsherjaruppfærslu á lánareglum sjóðsins.**

**„Þessar umbætur endurspegla verulega breytingu á því hvernig sjóðurinn getur aðstoðað aðildarríki sín, sem er ekki vanþörf á nú á tímum alþjóðlegrar kreppu,“ er haft eftir Dominique Strauss-Kahn, forstjóra AGS, í tilkynningu frá sjóðnum. „Meiri sveigjanleiki í lánafyrirgreiðslu ásamt einfaldari skilyrðum mun hjálpa okkur að bregðast með skilvirkum hætti við hinum ýmsu þörfum aðildarríkjanna. Þetta mun aftur á móti hjálpa þeim að standa kreppuna betur af sér og snúa aftur á braut sjálfbærs hagvaxtar,“ sagði hann.** **- aa**

# Vill að biskup borgi fyrir álitshnekkinn

**Séra Gunnar Björnsson krefur Biskupsstofu um skaða- og miskabætur vegna lausnar hans frá störfum. Rétt hjá biskupi að leysa frá störfum prest sem sætir ákæru um kynferðisbrot, sagði sérstök matsnefnd í desember síðastliðnum.**

**ÞJÓÐKIRKJAN** Séra Gunnar Björnsson, sóknarprestur á Selfossi, krefst bæði skaðabóta og miskabóta frá Biskupsstofu vegna tímabundinnar lausnar hans frá störfum í september síðastliðnum. Biskup leysti hann frá störfum þegar hann sætti ákæru um kynferðislega áreitni gegn sóknarbörnum sínum. Hæstiréttur hefur nú sýknað Gunnar.

Guðjón Ólafur Jónsson, lögmaður Gunnars, fundar með fulltrúum Biskupsstofu í dag vegna málsins. Hann vonast til þess að hægt verði að semja um málið og segir niðurstöðu Hæstaréttar sýna að ekki hafi verið nægjanlegur grundvöllur fyrir því að leysa Gunnar frá störfum. Guðjón segir að annars vegar verði farið fram á skaðabætur, þar sem séra Gunnar hafði orðið af ýmsum sérverkefnum á borð við giftingar og útfarir, og hins vegar miskabætur vegna þess álitshnekkis sem lausnin olli honum. Hann vill ekki nefna neinar upphæðir í þessu samhengi.



**SÉRA GUNNAR BJÖRNSSON**

Þegar málið kom upp í maí í fyrra tók Gunnar sér hálfs árs námsleyfi en þegar því lauk vék biskup honum frá störfum í hálft ár til viðbótar á hálfum launum. Gunnar mótmælti því og taldi að skilyrðum til að veita honum lausn væri ekki fullnægt. Nefnd sem fer yfir öll slík mál skilaði áliti í desember og komst að því að rétt hafi verið af biskup að leysa Gunnar frá störfum. Hann hafði þá þegar verið sýknaður í héraði.

Eftir að Hæstiréttur sýknaði Gunnar á föstudag sendi biskup honum bréf og boðaði hann aftur til starfa 1. maí. Jafnframt var Gunnari tilkynnt að hann fengi greidd full laun, auk vaxta, fyrir allan leyfistímann.

Ragnhildur Benediktsdóttir, skrifstofustjóri á Biskupsstofu, mun funda með Guðjóni Ólafi í dag ásamt framkvæmdastjóra kirkjuráðs. Hún vill ekki taka afstöðu til kröfu Gunnars fyrirfram, en bendir þó á niðurstöðu nefndarinnar sem mat ákvörðun biskups rétta á sínum tíma. **stigur@frettabladid.is**



**SELFOSSKIRKJA** Óvissa ríkir innan Selfosskirkju um hvernig taka skuli á málinu. Farið hafði verið fram á að starfandi prestur fengi að ljúka fermingum en ekki er víst að svo verði.

## SKAPAR VANDRÆÐI INNAN KIRKJUNNAR

Þeir aðilar innan Selfosskirkju sem Fréttablaðið ræddi við í gær vildu lítið tjá sig um væntanlega endurkomu séra Gunnars til starfa í kirkjunni.

Eysteinn Ó. Jónasson, formaður sóknarnefndarinnar, segir það hafa komið fólki á óvart að hann myndi snúa aftur til starfa 1. maí, enda hafi sérstaklega verið óskað eftir því að sá sem nú gegnir starfinu, séra Óskar Hafsteinn Óskarsson, fengi að ljúka fermingum, en tvisvar er fermt eftir 1. maí. Eysteinn segir að tíminn einn muni leiða í ljós hvernig sóknarbörn taka séra Gunnari, þrátt fyrir sýknuna, og hvort hann mun ávinna sér traust þeirra á ný.

„Það er ljóst að þetta mun skapa vandræði innan kirkjunnar,“ segir Herdís Styrkársdóttir, æskulýðsfulltrúi Selfosskirkju. Hún segir að starfsfólk hafi ekki fundað sérstaklega um hvernig taka skuli á málinu en slíkur fundur hljóti að vera á döfinni.

Lögreglan á Hvolsvelli:

# Kannabisræktun í Þykkvabæ

**LÖGREGLUMÁL** **Lögreglan á Hvolsvelli fann um miðnætti í fyrrakvöld kannabisverksmiðju í iðnaðarhúsnæði í Þykkvabæ. Þar voru um 500 plöntur í ræktun, bæði fullvaxnar en einnig svokallaðir græðlingar sem eru plöntur skemur á veg komnar.**

**„Það má segja að þetta hafi litið út fyrir að vera mjög fagmannleg ræktun,“ segir Sveinn K. Rúnarsson, yfirlögregluþjónn á Hvolsvelli. Hann segir að húsnæðið hafi verið undir smásjánni hjá lögreglunni á Hvolsvelli og rannsóknardeildinni á Selfossi um nokkurt skeið. Málið er nú í rannsókn en Sveinn telur að þarna séu aðkomumenn að verki sem talið hafi að þeir fengju frekar frið frá yfirvaldinu við þessa svörtu iðju væru þeir í fjarlægð frá höfuðborginni.** **- jse**

Forseti Alþingis:

# Þingi verði slitið í næstu viku

**ALÞINGI** Guðbjartur Hannesson, forseti Alþingis, segir stefnt að þingslitum einhvern tíma í næstu viku.



**GUÐBJARTUR HANNESSON**

Þingið starfar með hefðbundnum hætti í dag en óvíst var í gær hvort þingfundur verði á morgun. Þá hefjast landsfundir Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokks. Vegna þeirra verður ekki þingað á föstudag en þráðurinn tekinn upp á ný eftir helgi.

„Við reynum að klára eins hratt og hægt er en án þess þó að það bitni á málefnunum,“ segir Guðbjartur. **- bþs**




Fyrrum seðlabankastjóri vill ekki ræða um ferðaskýrslu formanns bankastjórnar:

# Davíð var sá eini úr bankastjórn sem sat fundina í Lundúnum

**EFNAHAGSMÁL** Davíð Oddsson, þáverandi formaður bankastjórnar Seðlabankans, sat fundina sem urðu að efni í ferðaskýrslu um bágborna stöðu íslensku bankanna í Lundúnum í febrúar í fyrra.

Þetta segir Ingimundur Friðriksson, þáverandi bankastjóri. Davíð til liðsinnis var sérfræðingur úr bankanum, og ræddu þeir við fulltrúa matsfyrirtækja og erlendra viðskiptabanka. Aðrir úr bankastjórn voru ekki með.

Arnór Sighvatsson aðstoðarbankastjóri sagði í blaðinu í gær að honum væri ekki kunnugt um hverjir hefðu setið fundinn. Arnór sagði einnig að hann vildi ekki svara fyrir gjörðir þáverandi bankastjórnar, er hann var spurður hví bankinn hefði afnumið bindiskyldu á erlend útibú íslenskra banka, stuttu eftir að skýrslan var rituð. Bindiskylda þýðir að hluti innlána banka er lögð inn á reikning hjá Seðlabankanum og dregur úr getu banka til útlána. Spurður um þetta vísar Ingimundur í fréttatilkynningu um ákvörðunina, þar sem segir að tilgangurinn hafi verið að samræma reglur bankans erlendum reglum.



**FYRRUM BANKASTJÓRN SEÐLABANKANS** Ingimundur segist ekki hafa verið á fundinum og hann vill ekki ræða um ferðaskýrsluna, né viðbrögð bankans við henni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ingimundur vill heldur ekki svara fyrir annað sem kemur skýrslunni við, svo sem hvers vegna bankinn lagðist ekki gegn útrás Landsbankans til Hollands með Icesave. Moody's matsfyrirtækið lýsti á fundinum sérstökum áhyggjum af þeim reikningum, en fulltrúi Seðlabankans reyndi að eyða efasemdunum. Boðið var upp á reikningana þremur mánuðum síðar. **- kóþ**

Fíton/SÍA

# Fólkið í landinu hefur alltaf verið okkar fjárfesting

## Ánægðustu viðskiptavinirnir eru áfram hjá Sparisjóðnum

Hlutverk sparisjóðanna er að standa vörð um hagsmuni landsmanna, treysta innviði samfélagsins og styðja við félags- og atvinnulíf í heimabyggð. Við lítum á viðskiptavini okkar sem mikilvægustu fjárfestinguna og aðstoðum þig við að ná yfirsýn og tökum á fjármálum heimilisins.

Við hvetjum þig til þess að kynna þér málið í næsta sparisjóði eða á **spar.is**. Verið velkomin í viðskipti.

**Við lögum okkur að þínum þörfum.**

SPARISJÓÐURINN
spar.is

## GENGIÐ 24.03.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,91 | 114,45 |
| Sterlingspund | 167,09 | 167,91 |
| Evra | 154,14 | 155,00 |
| Dönsk króna | 20,687 | 20,809 |
| Norsk króna | 17,924 | 18,030 |
| Sænsk króna | 14,146 | 14,228 |
| Japanskt jen | 1,1600 | 1,1668 |
| SDR | 171,56 | 172,58 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

187,7868

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lögreglan tapar máli vegna ólögmætrar handtöku í annað skipti í mánuðinum:

# Ríki borgi Fáfnismanni bætur

**LÖGREGLUMÁL** Íslenska ríkið var í gær dæmt til að greiða Ólafi Vilberg Sveinssyni skaðabætur. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafði handtekið hann án þess að geta sýnt fram á rökstuddan grun um framinn glæp.

Manninum var haldið í fangaklefa í sextán klukkustundir án þess að „rannsóknarhagsmunir hafi verið slíkir að réttlætti frelsissviptingu“, eins og segir í dómnum: „Verður því ekki annað séð en að aðgerðir lögreglu [...] hafi verið óþarfar.“

Lögreglan hafði fengið tilkynningu um barsmíðar í húsi vélhjólasamtakanna Fáfnis í júlí 2007. Hún hitti þar Ólaf og segir að hann hafi „brugðist illa við afskiptum“. Fórnarlamb barsmíðanna benti á tvo aðra menn sem árásarmenn, en lögreglan handtók Ólaf engu síður, ásamt öðrum í húsnæðinu.



**ERLENDUR ÞÓR GUNNARSSON** Segja má að skjólstæðingur Erlends, Ólafur, hafi fengið 6.250 krónur á tímann í fangelsinu.

Erlendur Þór Gunnarsson, lögmaður Ólafs, segir dóminn staðfesta að lögreglu beri að fara eftir lögum og reglum eins og aðrir og gæta þess að brjóta ekki á rétti borgarana: „Lögreglan þarf að bregðast eins við hvort sem um Fáfnismenn er að ræða eða briddsfélagið Baldur.“ Ólafur fær 100 þúsund krónur í bætur auk málskostnaðar.

Þetta er í annað sinn í mánuðinum sem einstaklingar vinna slíkt mál gegn lögreglunni. Þrír piltar fengu nýlega 200 þúsund krónur hver fyrir að hafa verið handteknir að ósekju af vopnuðum lögreglumönnum, og síðan berstrípaðir og niðurlægðir, að mati dómsins.

Tíu teknir fyrir ölvunarakstur:

# Yngsti stúturinn sextán ára

**LÖGREGLUMÁL Yngsti ökumaðurinn sem tekinn var fyrir ölvunarakstur á höfuðborgarsvæðinu um helgina var sextán ára stúlka.**

**Tíu ökumenn voru teknir fyrir ölvunarakstur í umdæminu. Þetta voru átta karlmenn á aldrinum 18 til 48 ára og tvær konur.**

**Eldri konan sem tekin var er á sjötugsaldri. Báðar lentu konurnar í umferðaróhappi sem og sumir karlmannanna sem teknir voru. Einn þeirra stakk af eftir að bíll hans hafði lent á bifhjóli, öðrum bíl og götuvita. Ökumaðurinn kom á lögreglustöð klukkutíma síðar til að sækja bílinn en var handtekinn.** - jss



**ÓSÁTTUR** „Ólögleg aðgerð“ segir Mirko Cvetkovic, forsætisráðherra Serbíu (t.h.), um loftárásir NATO fyrir tíu árum.
NORDICPHOTOS/AFP

Tíu ár frá loftárásum NATO:

# Serbar minnast myrkra daga

**SERBÍA, AP „Árásin á land vort var ólögleg aðgerð,“ sagði Mirki Cvetkovic, forsætisráðherra Serbíu, í gær í tilefni af því að rétt tíu ár eru liðin frá því að loftárásir NATO á Serbíu hófust vegna hernaðar Serbíuhers gegn Kosovo-Albönum í Kosovo. „Serbía getur ekki gleymt þessum hörmungardögum,“ bætti Cvetkovic við.**

**Við upphaf kennslu í skólum var stríðsins minnst með mínútu þögn og þjóðþinginu í Belgrad hélt sérstakan fund af sama tilefni. Ráðherrar lögðu kransa að minnismerkjum.**

**NATO, sem mun halda upp á 60 ára afmæli sitt eftir mánaðamótin, gaf ekki út neina ályktun í tilefni af afmæli loftárásanna.** - aa

## DÓMSTÓLAR

### Mánuður fyrir þjófnaði

Karlmaður hefur verið dæmdur í eins mánaðar fangelsi, skilorðsbundið, fyrir þjófnaði. Hann stal þráðlausu símtóli, áleggsbréfi af Goðaskinku og Giletterakvél, ásamt rakspápu.

## KRÓATÍA

### Sonur Tudjmans í framboð

Miroslav Tudjman, sonur Franjo Tudjmans heitins sem var forseti Króatíu 1991-1999, hefur tilkynnt að hann hyggi á framboð í forsetakosningunum 2010.

# Minni verðbólga hraði vaxtalækkun

**Verðbólga hefur ekki verið minni síðan í september. Forsætisráðherra segir þetta hraða stýrivaxtalækkun. Hagfræðingur ASÍ telur verðbólgu geta farið undir þrjú prósent í lok árs. Seðlabanki byggi stýrivexti frá því í apríl í fyrra.**

**EFNAHAGSMÁL** Vísitala neysluverðs lækkaði um 0,59 prósent milli febrúar og mars, og mælist verðbólga nú 15,2 prósent, samkvæmt mælingum Hagstofu Íslands. Hún var í síðasta mánuði 17,6 prósent. Mestu munar um lækkun á húsnæðisverði, um 5,1 prósent.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir þetta ánægjulegar fréttir.

„Við erum að sjá mikinn viðsnúning á verðbólgunni sem mun örugglega auðvelda okkur að fara hratt í stýrivaxtalækkun,“ segir hún. Verðbólga, miðuð til þriggja mánaða, reiknist nú 1,9 prósent, en var 24 prósent í desember.

Henný Hinz, hagfræðingur hjá ASÍ, segir verðbólguna ganga hraðar niður en búist var við.

Spurð hvaða áhrif þetta hafi á fjárhag heimilanna, nefnir hún fyrst að höfuðstóll verðtryggðra lána lækki um 0,6 prósent milli mánaða. Um leið lækki verðbætur á verðtryggðum innstæðum.

„En þetta þýðir auðvitað að útgjöld til daglegrar neyslu heimilanna lækka einnig,“ segir Henný. „Í mat og drykk sáum við miklar og hraðar hækkanir þegar gengi krónu veiktist, og það er eðlilegt að það gangi til baka núna,“ segir hún. Svo fremi sem gengi krónu haldist stöðugt ætti verðbólga að ganga hratt niður næstu mánuði.

„Okkar spár gera ráð fyrir því að undir lok ársins gætum við verið komin undir þrjú prósent,“ segir hún.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segist ánægður með útkomuna. „Þetta sýnir að þetta er bara algjörlega að detta niður,“ segir hann. Honum þyki merkilegast hvað aðrir liðir en húsnæðisliðurinn lækki mikið.

Seðlabankinn lækkaði vexti sína nýlega um eitt prósentustig og niður í sautján prósent. Vilhjálmur segir það umhugsunarefni á hvaða forsendum stýrivaxtaákvarðanir séu teknar.

„Bankinn lækkar ekki vexti sína meira núna vegna þess að í apríl í fyrra var mikil hækkun,“ segir hann. „Það virðist taka ár fyrir þá að uppgötva að verðbólgan sé að lækka,“ segir hann.

klemens@frettabladid.is,
bjorn@frettabladid.is

**Verðbólga, mars 2008–mars 2009**






**HENNÝ HINZ**



**VILHJÁLMUR EGILSSON**



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

Amnesty International:

# Aftökum fækkar vestanhafs

**MANNRÉTTINDI** Aftökum fer fækkandi í Bandaríkjunum, en dauðarefsing er enn algeng í ríkjum á borð við Japan og Sádi-Arabíu. Frá þessu greindu talsmenn Amnesty við kynningu á ársskýrslu samtakanna í gær.

Alls 37 menn voru teknir af lífi vestra á síðasta ári, en aftökur hafa ekki verið færri þar í meira en áratug. Þetta vilja talsmenn Amnesty rekja til þess að sjónarmiðum þeirra sem hafna dauðarefsingum sé að vaxa ásmegin. Aftur á móti eru um 50 sinnum fleiri líflátnir árlega í Kína. - aa



**FJÖLSKIPAÐ** Í ráðinu situr fólk með fjölbreytta reynslu af þróunarstarfi.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýtt þróunarsamvinnuráð:

# Gefur ráð um forgangsröðun

**ÞRÓUNARMÁL Nýtt samstarfsráð um alþjóðlega þróunarsamvinnu kom saman til síns fyrsta fundar í utanríkisráðuneytinu í gær.**

**Ráðið hefur ráðgefandi hlutverk við stefnumótun í þróunarmálum og fjallar um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu.**

**Ráðið gefur ráð um forgangsröðun, val á samstarfslöndum og skiptingu milli tvíhliða þróunarsamvinnu. Það ráðleggur líka um fjölþjóðlegt samstarf, sem á sér stað í alþjóðastofnunum á borð við Sameinuðu þjóðirnar, Alþjóðabankann og fleiri.**

**Valgerður Sverrisdóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, er formaður ráðsins.** - aa


20 ÁRA STARFSAFMÆLI

ALLIR FISKRÉTTIR

990 KR/KG

ÝSA Í RASPI, MARINERAÐAR FISKSTEIKUR OG ALLIR FISKRÉTTIR.

Hlakka til að sjá alla mína gömlu og nýju viðskiptavini í gegnum árin

*Tilboðið gildir út alla vikuna*

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**FROST UM MEST ALLT LAND**

Kaldar norðanáttir munu leika um okkur næstu daga. Þá verður vindur almennt nokkuð stífur sem þýðir að vindkæling verður töluverð og því napurt. Almennt verða él á norðurhluta landsins fram yfir helgi en úrkomulítið syðra, þó verður snjókoma suðaustan til í dag. Á laugardag verður svo líklega úrkoma víða um land. síst þó á Austurlandi.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Amsterdam | 9° |
| Basel | 7° |
| Berlín | 4° |
| Billund | 3° |
| Eindhoven | 9° |
| Frankfurt | 7° |
| Friedrichshafen | 6° |
| Gautaborg | 4° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 12° |
| New York | 12° |
| Orlando | 26° |
| Osló | 1° |
| París | 10° |
| Róm | 15° |
| Stokkhólmur | 0° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# IQ-CARE

HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR



Ein besta heilsudýna í heimi



iq-care.com

ÍSLENSK HÖNNUN

ATH.
Breyttir opnunartímar
12:00-18:00 virka daga
12:00-16:00 laugardaga

# MARS-TILBOÐ



## IQ-CARE

**King**
Áður 269.900
**Nú 199.900**

**Cal. King**
Áður 269.900
**Nú 189.900**

**Queen**
Áður 189.900
**Nú 149.900**




Sá nýjasti og besti frá Leggett
2x90 x 200 cm. Áður 684.900
**Nú 499.000**

## FERMINGARTILBOÐ

**Beauty Sleep**
TwinXL 97x203 cm **kr. 59.900**
135x200 cm **kr. 79.900**

**IQ-CARE**
100X200 cm **kr. 99.900**

## PROFLEX

Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.
2x80x200 cm. Áður 384.900
**Nú 279.900**

**30% afsláttur**
af fylgihlutum við dýnukaup



**20-50% afsláttur**
af völdum vörum




AKUREYRI

Svefn & heilsa




REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

## KJÖRKASSINN



*Á að lögleiða kannabisefni?*

| | |
|---|---|
| Já | 66,4 |
| Nei | 33,6 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ættu fyrrum seðlabankastjórar að birta gögn sín um hrunið?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

vísir

Friðarráðstefnu í Suður-Afríku frestað eftir að Dalai Lama var meinuð þátttaka:

# Segjast óttast áhrif á HM2010

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Skipuleggjendur fjölþjóðlegrar friðarráðstefnu, sem fara átti fram í Jóhannesarborg í Suður-Afríku í lok vikunnar, segja að ákveðið hafi verið að fresta ráðstefnunni um óákveðinn tíma eftir að suður-afrísk stjórnvöld meinuðu Dalai Lama þátttöku.

Suður-Afríkustjórn neitaði að gefa út vegabréfsáritun til hins útlæga andlega leiðtoga Tíbeta, og gaf sem skýringu tengslin við Kína. Thabo Masebe, talsmaður Kgalema Motlanthe forseta, sagði Dalai Lama ekki vera velkominn til Suður-Afríku fyrr en eftir heimsmeistaramótið í knattspyrnu, sem fram fer í landinu árið 2010. Kæmi Dalai Lama til S-Afríku fyrir þann tíma myndi að sögn Masebe athygli fjölmiðla snúa að honum og Tíbetdeilunni, ekki þeim framförum sem náðst hefðu í Suður-Afríku.

Þessi ákvörðun stjórnarinnar sætir harðri gagnrýni í Suður-Afríku. Desmond Tutu biskup, friðarverðlaunahafi Nóbels, og fleiri þekktir einstaklingar hættu við þátttöku í hinni áformuðu friðarráðstefnu í mótmælaskyni. **- aa**



**BREYTTIR TÍMAR** Friðarverðlaunahafarnir Desmond Tutu biskup og Dalai Lama á góðri stund í Suður-Afríku árið 1996. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átta hnökkum stolið:

# Hnakkaþjófur aftur á ferð

**LÖGREGLUMÁL Sex hnökkum var stolið úr hesthúsi í Víðidal í fyrrinótt. Þá var tilkynnt um þjófnað á tveimur hnökkum til viðbótar til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í gær.**

**Þjófurinn eða þjófarnir sem fóru inn í hesthúsið í Víðidalnum tóku nýjustu hnakkana en skildu hins vegar eftir öll önnur reiðtygi, þar á meðal fimm eða sex eldri rykfallna hnakka.**

**Ómar Smári Ármannsson, yfirmaður fjármunabrotadeildar lögreglunnar, beinir þeim tilmælum til fólks að vera vel á verði gagnvart grunsamlegum mannaferðum í hesthúsabyggðum. - jss**






# Foreldrarnir kaupa áfengi fyrir börn sín

**Helmingur 18 til 19 ára framhaldsskólanema segir að foreldrar þeirra hafi keypt fyrir sig áfengi. Lektor hvetur foreldra nemanna til að hugsa málið betur.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Eining ríkir meðal foreldra um að börn í tíunda bekk grunnskóla eigi ekki að drekka áfengi eða neyta annarra vímuefna. Áfengisneyslan tekur hins vegar stökk á fyrsta ári í framhaldsskóla. Í framhaldsskóla virðist margir foreldrar líta svo á að krakkarnir séu orðnir fullorðnir og slaki því á kröfum. Áfengisdrykkja er sögð vera stór hluti af skemmtanamenningunni í framhaldsskólum.



**ÁLFGEIR LOGI KRISTJÁNSSON**

Helmingur framhaldsskólanema á aldrinum 18 til 19 ára hefur fengið foreldra sína til að kaupa fyrir sig áfengi. Álfgeir Logi Kristjánsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, segir að enn sé mikið tekist á um hverjar eigi að vera áherslurnar í forvarnastarfi í framhaldsskólum, en starfið hafi verið fremur ómarkvisst.

„Eins og staðan er í dag er engin stefna og engin eining um hvernig eigi að vinna með þetta," segir hann og bendir á hið skrítna aldursbil frá því krakkarnir byrja í framhaldsskóla 16 ára þar til þau verða sjálfráða 18 ára og svo aftur þar til þau mega kaupa áfengi 20 ára. „Þetta er mjög furðulegt og óskiljanlegt. Það veit enginn hvað þetta þýðir, hvort krakkar á þessum aldri megi drekka áfengi eða ekki."

Gríðarleg aukning er á áfengisneyslu milli tíunda bekkjarins og framhaldsskóla. Margir þættir hafa áhrif en „tölurnar sýna að heilmargir nemendur segja að mamma og pabbi hafi keypt fyrir sig eða boðið sér áfengi. Þetta gefur vísbendingar um að foreldrar séu enn mjög ósamstiga og óvissir um hvað þeir mega gera. Margir telja að leyfilegt sé fyrir krakka sem eru 16 til 19 ára að drekka áfengi," segir hann.



**FRÁ BUSAVÍGSLU Í REYKJAVÍK** Áfengisdrykkja tvöfaldast þegar unglingarnir byrja í framhaldsskóla. Lektor segir foreldra ringlaða í afstöðu sinni til áfengisdrykkju framhaldsskólanema. Krakkarnir verði sjálfráða 18 ára en megi ekki kaupa áfengi fyrr en við tvítugsaldur. Í framhaldsskólunum er áfengisdrykkja stór hluti af skemmtanamenningunni. Myndin tengist efni fréttarinnar ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Álfgeir segir forvarnirnar byrja inni á heimilunum og bendir á að foreldrar eigi „erfitt uppdráttar" einir og sér. „Aflið í hópi unglinga kemur úr jafningjahópnum og þegar unglingar ákveða eitthvað er mjög erfitt fyrir staka foreldra að vera með fingurinn á lofti," segir hann og bendir á að foreldrar séu samstiga í því að unglingar í efstu bekkjum grunnskóla eigi ekki að neyta vímuefna. Þegar komið er í framhaldsskóla vanti hins vegar á samstöðu. Álfgeir Logi kallar eftir því að hún verði mynduð. „Foreldrar og forvarnaaðilar þurfa að mynda sér heillega skoðun á því hvort þeir vilji hafa áfengisneyslu í skemmtanamenningu framhaldsskólanema og við hvaða aldur eigi að miða forvarnastarfið," segir hann. **ghs@frettabladid.is**






Verkalýðshreyfingin verður með aukaársfund í dag vegna kosninganna:

# Vill þrýsta á ESB-umræðu

**VINNUMARKAÐUR** Verkalýðshreyfingin verður með aukaársfund ASÍ í dag vegna alþingiskosninganna og ástandsins í þjóðfélaginu. Á fundinum verður fjallað um sýn ASÍ á endurreisn íslensks efnahags- og atvinnulífs. Áherslan er á ESB-aðild og upptöku evru.

Á fundinum verður lögð fram greinargerð atvinnumálanefndar ASÍ. Þar kemur fram að full ástæða sé til að hefja aðildarviðræður við ESB og láta reyna á aðild með samningaviðræðum. ASÍ telur að evra tryggi stöðugleika í efnahagslegu umhverfi sjávarútvegsins, tollar falli niður og hagstæðara verði að vinna fisk meira fyrir útflutning. Sjómenn vilji fyrst og fremst tryggja yfirráð yfir efnahagslögsögunni, óskorað fullveldi landsins í samningum um deilistofna og afdráttarlausa heimild þjóðarinnar til að stunda hvalveiðar.

Skiptar skoðanir eru meðal verkafólks á því hvort landbúnaður leggist niður með inngöngu í ESB, segir í greinargerð ASÍ. Hvað byggðamálin varði eru áhyggjur af því að erfitt geti orðið að spyrna gegn atvinnuleysi á landsbyggðinni ef evran verði tekin upp.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir að með fundinum vilji ASÍ reyna að stuðla að umræðu um ESB fyrir kosningarnar, eina leiðin út úr höftunum sé ESB og evran. Hann vill að þannig verði erlendir fjárfestar róaðir niður.



**GYLFI ARNBJÖRNSSON**

„Við höfum áhyggjur af því að þetta brýna mál sé enn einu sinni að lenda út á hliðarspori í pólitískri stöðu dagsins og ekki sé hægt að móta samningsmarkmið, fara í viðræðurnar og gefa þjóðinni færi á að tjá hug sinn heldur að menn að slá þessu á frest um fjölda ára," segir hann. **- ghs**

þýskir dagar

# 25%

## afsláttur

## af öllum þýsku merkjunum okkar!

eingöngu nýjar vörur í okkar verslunum

BOSS HUGO BOSS

HUGO HUGO BOSS

strellson

LLOYD

eterna

gardeur

SARAR

bugatti

herra GARÐURINN

-klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND

568 9234 544 2410

BOSS HUGO BOSS

HUGO HUGO BOSS

B & S

KONUR

B&S | Kringlunni 553 4141

HUGO BOSS

KRINGLUNNI 533 4242

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hve háar voru samanlagðar arðgreiðslur viðskiptabankanna þriggja og SPRON árin 2004-7?*
2. *Hve háan styrk fékk Sjálfstæðisflokkurinn frá Neyðarlínunni fyrir kosningarnar 2007?*
3. *Hver er staðan í einvígi Hauka og KR í körfubolta kvenna eftir tvo leiki?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Ráðgera að reisa kapalverksmiðju sem skapa myndi 300 til 500 störf:

# Vilja vinna álið og skapa störf

**IÐNAÐUR** Félagið The North Pole Wire vinnur að því að reisa hér á landi kapalverksmiðju sem skapa mun um 300 til 500 störf. Ráðgert er að fyrsti áfangi verði tilbúinn eftir eitt til tvö ár en að verksmiðjan verði fullbúin eftir þrjú til fjögur ár.

„Þetta eru gríðarlega mikilvæg tíðindi ofan í fréttaflutning um atvinnuleysi og aðra óáran," segir Friðrik Þór Guðmundsson, fjölmiðlafulltrúi félagsins. „Þessi verksmiðja byggir á úrvinnslu úr álinu framleiddu á Íslandi, á góðri íslenskri endurnýjanlegri orku og mengar sama og ekki neitt. Því ætti þetta að falla öllum í geð."



**HANGANDI RAFLÍNUR** Verksmiðjan myndi framleiða strengi og kapla sem hentuðu vel þegar koma á raflínum sem þessum í jörðu, segir fjölmiðlafulltrúi The North Pole Wire.

Stofnendahópurinn innanlands er í umsjá Verkfræðistofu FHG, Friðriks Hansen Guðmundssonar, en að baki verkefninu eru erlendir aðilar sem hópurinn vill ekki greina frá enn sem komið er. Ekki er búið að ákveða staðsetningu fyrir verksmiðjuna.

Í fréttatilkynningu frá The North Pole Wire segir að fyrir liggi að hér á landi þurfi að leggja mikið af rafmagnsköplum í jörð á næstu árum og endurnýja strengi í gömlum háspennulínum. Verksmiðjan muni geta boðið upp á strengi og kapla sem henta mun vel til þess á samkeppnishæfu verði. Verksmiðjan muni þó aðallega framleiða strengi og kapla til útflutnings. - jse

Tveir piltar dæmdir:

# Kýldu og börðu pilt með kúbeini

**DÓMSMÁL Tveir piltar innan við tvítugt hafa verið dæmdir í skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu skaðabóta fyrir líkamsárás.**

**Þeir réðust á pilt, sem er tveimur árum yngri en þeir, á hjólabrettasvæði á Selfossi. Annar þeirra kýldi piltinn þrisvar í andlitið en hinn sló hann í bakið með kúbeini.**

**Árásarmennirnir játuðu báðir sök fyrir dómi. Árásin var algjörlega tilefnislaus. Piltarnir voru báðir dæmdir í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi og til að greiða fórnarlambinu 180 þúsund, auk sakarkostnaðar.** - jss


# VOR Í ENDURMENNTUN

Verkefnin í garðinum - almenn umhirða og viðhald
hefst 1. apríl

Fuglar og fuglaljósmyndun
hefst 15. apríl

Ræktun matjurta í heimilisgarðinum
hefst 22. apríl

Róm - Borgin eilífa
hefst 28. apríl

Íslenska flóran
hefst 4. maí

Frístundalóðir: Umhirða og skipulag
hefst 5. maí

Fuglar og fuglaskoðun
hefst 5. maí

Franska Rivieran
hefst 11. maí

Eldfjöll
hefst 13. maí

Safnhaugar í heimilisgörðum
hefst 18. maí

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning:
sími 525 4444
endurmenntun.is


# Norðmenn íhuga hefndaraðgerðir

**Sjávarútvegsráðherra Noregs íhugar aðgerðir gegn Íslendingum til að stemma stigu við makrílveiðum þeirra. Viðskiptahöft og bann við veiðum íslenskra skipa í norskri lögsögu eru meðal hugmynda sem ræddar eru.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Tilmæli til norskra fyrirtækja um að flytja ekki inn fiskimjöl né lýsi frá Íslandi og veiðileyfissvipting íslenskra skipa sem veitt hafa makríl innan norskrar lögsögu eru meðal tillagna sem Helga Pedersen, sjávarútvegsráðherra Noregs, hefur nefnt í norskum fjölmiðlum til að stemma stigu við markrílveiðum Íslendinga.

Undanfarna daga hefur hún átti fundi með Huw Irranca-Davies, sjávarútvegsráðherra Breta, sem var í heimsókn í Noregi.

„Ég vona að niðurstaðan af fundi þeirra beri það með sér að Íslendingar verði ekki teknir neinum vettlingatökum," segir Audun Maraak, framkvæmdastjóri Samtaka norskra útgerðarmanna, sem vonar að báðar tillögurnar verði að veruleika. Í vefútgáfu norska dagblaðsins Stavanger Aftenblad er haft eftir Kjell Bjordal, framkvæmdastjóra EWOS, sem flytur einna mest inn af fiskimjöli og lýsi frá Íslandi, að ef tilmæli berist frá ráðherra um að sniðganga íslenskar vörur muni fyrirtækið verða við því.

„Við erum náttúrlega vanir ýmsum látum frá Norðmönnum en það er þó nýlunda að ráðherra taki þátt í þeim," segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útgerðarmanna. Hann segir að ef norsk yfirvöld hvetji til þess að ekki verði flutt inn fiskimjöl og lýsi þá brjóti það bæði í bága við samninga EFTA og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. „Þá væri það náttúrlega mjög alvarlegt mál og við myndum sækja okkar rétt," segir hann. Friðrik óttast þó ekki að erfitt yrði að finna annan markað fyrir þessar afurðir. Hann hefur óskað eftir því að Steingrímur J. Sigfússon, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, ræði málið við norska kollega sinn.



**Í ÓLGUSJÓ** Íslendingar stíga nú ölduna í samskiptum sínum við Norðmenn.



**FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON**



**GUNNÞÓR B. INGVASON**



**HELGA PEDERSEN**

En hvað ef Norðmenn gripu til þess ráðs að svipta íslensk skip sem veitt hefðu makríl veiðileyfum í norskri lögsögu? „Það er í raun svo fráleitt að ég tel best að vera ekkert að fabúlera um það," segir hann. Ef til slíks kæmi myndi það meðal annars hafa áhrif á veiði á norsk-íslensku síldinni.

„Auðvitað myndi það hafa slæm áhrif á okkur ef gripið yrði til þessara aðgerða en ég trúi ekki að til þess komi; það væri ekki boðlegt að nútíma samfélag stæði þannig að málum," segir Gunnþór B. Ingvason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar, en þeir veiddu um 37 þúsund tonn af makríl í fyrra.

Ekki náðist í Steingrím J. Sigfússon né Helgu Pedersen, kollega hans frá Noregi.

jse@frettabladid.is

Ríkissaksóknari ákærir rúmlega tvítugan mann fyrir alvarleg brot:

# Tvöfaldaði rítalínskammt og skar leigubílstjóra með vopni

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra af ríkissaksóknara.

Manninum er gefið að sök að hafa á árinu 2008 framvísað fölsuðum lyfseðli í lyfjaverslun í Hagkaupum á Akureyri eftir að hafa breytt töflufjöldanum á honum úr þrjátíu rítalíntöflum í sextíu.

Eftir þetta ók maðurinn, réttindalaus, frá lyfjaversluninni og að Fjórðungssjúkrahúsinu. Þar hótaði hann starfsmanni á slysadeild með klaufhamri og krafði hann um símanúmer geðlæknisins sem hann hafði fengið lyfseðilinn hjá. Þegar það gekk ekki hótaði hann öðrum starfsmanni deildarinnar með klaufhamrinum í sama tilgangi.

Skömmu síðar áreitti maðurinn tvo lögreglumenn við störf, ýtti við öðrum og sparkaði í hinn, sem féll til jarðar, að því er segir í ákæru.

Þá hótaði hann tveimur mönnum lífláti í kjölfar umferðaróhapps.

Loks hótaði hann fjórum lögreglumönnum sem voru við störf líkamsmeiðingum og hélt hótununum áfram á leið á lögreglustöð. Á árinu 2007 hafði maðurinn reynt að ræna leigubílstjóra í Reykjavík. Hann sló bílstjórann og skar hann í andlit og hendur með eggvopni. - jss




**RÍTALÍN** Maðurinn falsaði lyfseðil og breytti fjölda rítalíntaflna úr þrjátíu í sextíu.



# Goran Superform

- raunhæft námskeið sem kemur þér í form á 6 vikum.

Goran Micic íþróttafræðingur hjálpar þér að ná líkamlegum og huglægum framförum og stíga örugg en einföld skref í átt að bættri heilsu.

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, þ.á.m. mat sem örvar fitubrennslu. Þú lærir hvernig á að glíma við matar- og sykurþörfina og hvernig þú brennir meira og léttist hraðar.

**Nýtt á Íslandi.**
**Superform matartaska.**

Nú bjóðum við fólki að taka með sér matartösku heim eftir hverja æfingu. Goran útbýr töskuna sérhannaða fyrir þig með þína orkuþörf í huga sem tryggir þér hámarks árangur í ræktinni.



## Vilt þú:

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfið og heilsuna?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?

KINESIS

5 tímar á viku.
Takmarkaður fjöldi.
Einkaráðgjöf hjá Goran.
Persónuleg næringaráðgjöf.
Ráðgjöf við matarinnkaup.
Næringadrykkur í lok hvers tíma.
Herðanudd í pottum eftir æfingar.



Technogym-lykillinn fylgir þér gegnum æfingarnar og hefur að geyma stillingar þínar fyrir hvert og eitt tæki og safnar upplýsingum um árangur þinn og elju.

Námskeiðið hefst 30. mars kl:
6:30 | 7:30 | 10:00 | 12:00 | 16:30 | 17:30

Skráðu þig núna!



Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | www.grandspa.is

GrandSpa

# BORGARHOLTSSKÓLI
Framhaldsskóli í Grafarvogi

## Opið hús 26. mars 2009

Fimmtudaginn 26. mars er opið hús í skólanum kl. 17:00 til 19:30

Kynnt er námsframboð skólans, inntökuskilyrði, húsnæði, félagslíf o.fl.

10. bekkingar sem eru að útskrifast í vor eru sérstaklega hvattir til að koma.

Allir velkomnir.

Skólameistari.





BHS Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt
Mosavegi 112 Reykjavík


Kjarnorkutilraunir Frakka á árunum 1966-1996:

# Bjóða bætur eftir kjarnorkutilraun

**FRAKKLAND, AP** Franska ríkisstjórnin hefur ákveðið að bjóða bætur þeim þúsundum manna sem hlutu heilsutjón af völdum kjarnorkutilrauna Frakka í Alsír og í Kyrrahafi á tímabilinu 1966-1996.

Allt að 150.000 manns, bæði hermenn og óbreyttir borgarar, voru á vettvangi er tilraunasprengingarnar voru framkvæmdar. Þær voru alls 210 talsins.

Franski varnarmálaráðherrann Herve Morin sagði í gær að það væri tími til kominn fyrir Frakka að „semja frið við sjálfa sig“ og viðurkenna hliðarverkanir tilraunasprenginganna.

- aa



**HLIÐARVERKANIR** Frá einni af tilraunasprengingum Frakka árið 1971 á Mururoa-skerjum í Suður-Kyrrahafi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**VIÐ LANDAMÆRIN** Mexíkóskur hermaður stendur vörð við landamæri Bandaríkjanna skammt frá Tijuana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Bandaríkjaher líklega á leið í eiturlyfjastríð

**Bandarísk stjórnvöld hafa vaxandi áhyggjur af eiturlyfjastríðinu í Mexíkó. Hillary Clinton fundar með forseta Mexíkó á næstu dögum. Milljónir dollara eru í verðlaun fyrir upplýsingar um eiturlyfjabaróna.**

**MEXÍKÓ** Bandarísk stjórnvöld hyggjast auka eftirlit við landamæri Mexíkó. Dagblaðið The Washington Post greindi í gær frá sívaxandi áhyggjum stjórnvalda yfir eiturlyfjastríðinu í Mexíkó en það hefur í auknum mæli teygt anga sína norður yfir landamærin.

Í Bandaríkjunum eru mannrán nú hvergi tíðari en í Phoenix í Arizona, sem er skammt frá landmærum Mexíkó, og er það tengt við átök mexíkóskra eiturlyfjahringa.

Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, mun funda með Felipe Calderón, forseta Mexíkó, á næstu dögum. Munu þau ræða hvernig þjóðirnar geti unnið saman að því að binda enda á átökin og sérstaklega ólöglegt vopnasmygl frá Bandaríkjunum til Mexíkó. Talið er að um 95 prósent þeirra vopna sem eiturlyfjabarónarnir noti séu keypt eða stolin í Bandaríkjunum.

The Washington Post greinir frá því að þess sé ekki langt að bíða að Bandaríkjaforseti sendi hersveitir suður að landamærum Mexíkó. Bandarísk stjórnvöld hafa hins vegar verið treg til að gera það.

Mexíkósk stjórnvöld birtu í gær lista með nöfnum þrjátíu glæpamanna sem eftirlýstir eru vegna eiturlyfjastríðsins í landinu. Tveggja milljóna dollara verðlaun eru í boði fyrir upplýsingar sem leiða til handtöku þeirra þrettán sem eru efstir á listanum.

Frá því að Felipe Calderón tók við forsetaembætti í Mexíkó í desember árið 2006 hafa yfir níu þúsund manns látist í átökum tengdum baráttunni gegn eiturlyfjabarónunum.

Efstur á lista mexíkóskra yfirvalda er Joaquín Guzman Loera, höfuðpaur Sinaloa-eiturlyfjahringsins. Hann komst fyrir skömmu í 701. sætið á lista Forbes-tímaritsins yfir ríkustu menn veraldar. Auður hans er talinn nema um einum milljarði dollara. Guzman Loera er líka hundeltur af bandaísku fíkniefnalögreglunni (DEA) sem heitir fimm milljóna dollara verðlaunum fyrir upplýsingar sem geta leitt til handtöku hans. Guzman Loera hefur verið á flótta síðan hann strauk úr fangelsi í Mexíkó árið 2001.

Mexíkósk stjórnvöld hafa sent um 45 þúsund hermenn til þeirra svæða þar sem eiturlyfjahringirnir eru hvað sterkastir. Flestir eru við landamæri Bandaríkjanna.

**trausti@frettabladid.is**



**EFTIRLÝSTIR** Ricardo Najera, talsmaður mexíkóska dómsmálaráðuneytisins, stendur fyrir framan veggspjald með myndum af eftirlýstum glæpamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 09-0340

„Veita persónulega ráðgjöf.“
Kona, 39 ára.

Getum við aðstoðað?
Í dag, miðvikudag, sitja ráðgjafar okkar lengur við símann.

Ráðgjafar Eignastýringar, Almenna lífeyrissjóðsins og Fjármögnunar svara spurningum ásamt ráðgjöfum Íslandsbanka.

Hringdu í okkur á milli kl. 17 og 21 í síma 440 4000.

Á islandsbanki.is getur þú einnig pantað fjármálaviðtal þar sem við bjóðum þér að setjast niður með okkur og fara ítarlega yfir stöðuna.

Íslandsbanki



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

# Þjóðleikhúsið

## Komdu og sjáðu



# HART Í BAK

★★★★ JVJ, DV ★★★★ EB, FBL

Ekki missa af leikhúsperlu á Stóra sviðinu

Framlengt sýningatímabil, sýningum lýkur í maí

Gunnar Eyjólfsson hlaut Menningarverðlaun DV fyrir túlkun sína á Jónatan skipstjóra



# Þrettánda-kvöld

## eða ... hvað sem þér viljið

★★★ EB, FBL

„...eitt alskemmtilegasta leikrit Vilhjálms Shakespeare, hryllilega fyndið...“
SA, tmm.is

Dásamlegt augnakonfekt

Hrífandi sjónarspil og sannur gleðileikur eftir meistara leikhússins, Shakespeare

Í samstarfi við Nemendaleikhús LHÍ

Miðasala á www.leikhusid.is / 551 1200 Ath. Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir 25 ára og yngri

FBL-GREINING: VIÐSKIPTAVILD

# *Blásist út á undanförnum árum*

Margir telja svokallaða viðskiptavild hafa þanist út í allt of miklum mæli hjá mörgum íslenskum fyrirtækjum í aðdraganda bankahrunsins, og hún hafi átt sinn þátt í hruninu.

### ■ Hvað er viðskiptavild?

Viðskiptavild er hluti af svokölluðum óefnislegum eignum fyrirtækja. Hún verður til þegar fyrirtæki kaupir annað félag í rekstri, og greiðir fyrir hærri upphæð en bókfært eigið fé félagsins sem er keypt. Bókfært eigið fé fyrirtækis er í raun eignir þess að frádregnum skuldum. Í sem einfaldastri mynd má ímynda sér félag sem á húsnæði sem kostar tíu milljónir króna, en skuldar þrjár milljónir í húsnæðinu. Eigið fé þess er þá sjö milljónir króna.

Ef fyrirtæki borgar hærra verð fyrir annað félag en eigið fé þess þarf að gera grein fyrir mismuninum á verðinu sem greitt var og því sem kalla má raunverulegt verðmæti félagsins, eigin fé þess, í bókhaldinu. Það er gert með því að skrá mismuninn sem viðskiptavild í bókhaldi félagsins.

### ■ Hvernig virkar þetta í viðskiptum?

Í dæmaskyni má nefna félagið Allt ehf., sem kaupir félagið Gott ehf. Eignir Gott ehf. eru 100 milljóna króna virði, en skuldir eru 20 milljónir, og eigið fé því 80 milljónir. Allt ehf. greiðir hins vegar 120 milljónir fyrir félagið og skráir muninn á kaupverðinu og eigin fé, 40 milljónir króna, í bókhald sitt sem viðskiptavild.



### ■ Hvernig hefur viðskiptavild aukist?

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisskattstjóra hækkaði viðskiptavild viðskiptabankanna þriggja úr 18,7 milljörðum króna árið 2003 í 123 milljarða árið 2007. Sérfræðingar hafa bent á að félög virðist hafa gengið kaupum og sölum, oft milli tengdra aðila, á sífellt hærra verði. Þannig gátu félögin skráð sífellt hærri viðskiptavild sem eign í bókhaldi, en að baki stóðu engar áþreifanlegar eignir.




**FRÉTTASKÝRING:** Arðgreiðslur fjármálafyrirtækja

# Greiddu 143 milljarða í arð

**Nokkur helstu fjármálafyrirtæki landsins greiddu hluthöfum sínum samtals um 142,5 milljarða króna í arð á árunum 2004 til 2007. Hagnaður félaganna á þessu árabili var um 800 milljarðar króna. Afar misjafnt er milli fyrirtækja hversu hátt hlutfall hagnaðar var tekið út úr fyrirtækinu sem arður. Glitnir greiddi eigendum sínum út um 23 prósent af hagnaði, á meðan Landsbankinn lét nægja að greiða sjö prósent hagnaðarins út.**

Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, gagnrýndi arðgreiðslur fjármálafyrirtækja á síðustu árum á Alþingi á mánudag. Í samtali við Fréttablaðið sagði hann hagnað hafa verið búinn til með hækkandi viðskiptavild, og sá „loftbóluhagnaður“ notaður til að greiða út háan arð til hluthafa.

Fréttablaðið hefur tekið saman upplýsingar úr ársreikningum viðskiptabankanna þriggja, auk nokkurra af helstu fjármálafyrirtækjum landsins. Þar má meðal annars sjá hagnað félaganna á árabilinu 2004 til 2007, og arðgreiðslur sem hluthafar fengu greiddar á sama árabili.

### Hagnaður meiri en skuld ríkisins

Samanlagður hagnaður helstu fjármálafyrirtækja landsins var um 800 milljarðar króna á árunum 2004 til 2007. Í þeim hópi eru viðskiptabankarnir þrír, Straumur-Burðarás, FL Group, Exista, Milestone, SPRON og Byr.

Af þessum 800 milljarða króna hagnaði, sem lesa má um í ársreikningum félaganna, greiddu þau hluthöfum samanlagt um 142,5 milljarða króna arð. Það er um 17,8 prósent af hagnaði fyrirtækjanna, en hlutfallið var afar breytilegt eftir fyrirtækjum og árum.

Ríkið fékk einnig sinn skerf af þessum háu hagnaðartölum fjármálafyrirtækjanna í formi skattgreiðslna. Á móti kemur að áætlað hefur verið að kostnaður ríkisins vegna bankahrunsins verði um 370 milljarðar króna. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra staðfesti við Fréttablaðið að þessi tala sé enn nærri lagi þrátt fyrir fall SPRON og Sparisjóðabankans.

Hagnaður viðskiptabankanna þriggja á árabilinu 2004 til 2007 var um 448 milljarðar króna, eða um 78 milljörðum meira en kostnaður ríkisins. Bankarnir þrír greiddu eigendum sínum 71,1 milljarða króna arð á árabilinu, um fimmtung af skuldum ríkisins vegna hrunsins.

### Verkefni fyrir rannsóknarnefnd

„Ég legg ekki mat á það hvort lög voru brotin, en hitt blasir við að stór hluti af þessum hagnaði reyndist sýnd veiði en ekki gefin,“ segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra. Hann segir viðbúið að rannsóknarnefnd Alþingis sem fjalla mun um bankahrunið muni fjalla meðal annars um þessi mál.

Gylfi segir að svo virðist sem eigið fé hafi sífellt verið hækkað með viðskiptum sem byggt hafi á því að selja eignir manna á milli, á sífellt hærra verði. Þannig hafi verið búið til svigrúm til að greiða eigendum fyrirtækjanna arð.

Í ljós hafi komið að eignir hafi ekki staðið undir því háa verði sem sett hafi verið á þær, og það hafi verið hluti af ástæðunni fyrir bankahruninu.

Gylfi segir að ekki sé hægt að setja fram þumalputtareglu um eðlilegar arðgreiðslur sem hlutfall af hagnaði. Það verði að meta í hverju tilviki í samræmi við stefnu fyrirtækja.

### Arðgreiðslur metnar í hverju tilviki

Vilhjálmur Bjarnason, framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta, segir einkennilegt að gagnrýna fyrirtæki fyrir að greiða hluthöfum arð. Það sé forsenda þess að hluthafar vilji eiga hlut í fyrirtæki að það greiði út eðlilegan arð.

Ekki er hægt að draga miklar ályktanir út frá því hversu stór hluti hagnaðar fyrirtækja er greiddur út sem arður, segir Vilhjálmur. Það sé alltaf matsatriði í hverju tilviki hvort fyrirtæki eigi að greiða út mikinn arð, eða greiða eigendum lægri upphæð og nota hagnaðinn til fjárfestinga.

Vilhjálmur segist ósammála Atla Gíslasyni um að viðskiptavildin hafi orðið til sem einhvers konar loftbóla. Vandinn við viðskiptavildina sé frekar hvernig fjármálafyrirtæki hafi lánað út á hana og ekkert annað.

### Landsbankinn skar sig úr

Bæði hagnaður og arðgreiðslur voru hlutfallslega hæstar hjá Kaupþingi (áður KB Banka). Samanlagður hagnaður á fjögurra ára tímabili, frá 2004 til 2007, var um 224,5 milljarðar króna. Fyrirtækið greiddi samtals 39,7 milljarða króna í arð á tímabilinu, eða að meðaltali um 17,7 prósent hagnaðar félagsins.

Glitnir greiddi að meðaltali hlutfallslega hærri arð til eigenda. Samkvæmt ársreikningum félagsins hagnaðist það um samtals 96,4 milljarða á fjögurra ára tímabili, frá árinu 2004 til ársins 2007. Bankinn greiddi um 25,5 milljarða króna í arð, eða 22,3 prósent að meðaltali.

Landsbankinn skar sig úr með því að greiða hluthöfum sínum mun lægra hlutfall af hagnaði sem arð. Á árabilinu 2004 til 2007 hagnaðist bankinn um 126,9 milljarða króna, og greiddi 9,9 milljarða króna í arð. Það eru um 7,8 prósent hagnaðarins.

### Arðgreiðslur þrátt fyrir mettap

Afar misjafnt er hvert hlutfall útgreidds arðs var í öðrum fjármálafyrirtækjum. Straumur-Burðarás var um margt líkur Glitni. Hagnaður á árunum 2004 til 2007 var um 93,1 milljarður króna. Arðgreiðslur námu um 18,9 milljörðum króna, sem er um 20,2 prósent af hagnaði félagsins.

Exista hagnaðist um 155,1 milljarð króna á þessu sama árabili, og greiddi út samtals um 17,2 milljarða króna, eða 11,1 prósent.

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis skilaði 18 milljarða króna hagnaði á þessum fjórum árum, og greiddi 11,2 milljarða króna í arð, mest árið 2007.

Gríðarlegt tap FL Group, síðar Stoða, upp á um 67,3 milljarða króna á árinu 2007, var meira en hagnaður síðustu þriggja ára á undan. Félagið tapaði 1,9 milljörðum á árabilinu 2004 til 2007. Þrátt fyrir það greiddi félagið eigendum sínum 23,4 milljarða króna arð, þar af um 15 milljarða árið 2007, þegar félagið skilaði mettapi.



FRÉTTASKÝRING
BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is

**ARÐGREIÐSLUR FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA 2004-2007**




Tölur eru í milljörðum króna

HEIMILD: ÁRSREIKNINGAR OG CREDITINFO

**ARÐGREIÐSLUR FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA 2004-2007 SAMANLAGT**




Tölur eru í milljörðum króna

HEIMILD: ÁRSREIKNINGAR OG CREDITINFO

**HEILDARGREIÐSLUR HELSTU FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA**




Tölur eru í milljörðum króna

HEIMILD: ÁRSREIKNINGAR OG CREDITINFO

**HAGNAÐUR OG ARÐGREIÐSLUR FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA Á ÁRUNUM 2004-2007**

Tölur eru í milljörðum króna




HEIMILD: ÁRSREIKNINGAR OG CREDITINFO

# Kauptu nýju COOLPIX S220

## – myndavélin sem fær höfuð til að snúast




Allar Nikon myndavélar koma með íslenskum leiðarvísi.

**NÚ KEMUR COOLPIX S220 – ARFTAKI HINNAR VINSÆLU S210**

Nýja Nikon COOLPIX S220 á margt sameiginlegt með forvera sínum S210. Hún er jafnlitrík og jafnlítil (18 mm á þykkt), en með 10 megapixla upplausn og fleiri nýjum aðgerðum: Þú getur lagfært myndirnar þínar á skjá myndavélarinnar í stað þess að gera það í tölvunni. COOLPIX lagar sjálfkrafa hreyfðar myndir (Mode Detector). Fæst í mörgum líflegum litum – veldu eftirlætið þitt!

- 2.5 tommu LCD skjár
- 3x NIKKOR aðdráttarlinsa
- Sjálfvirkar myndstillingar fyrir t.d hágæða nærmyndir
- Hraðlagfæring í myndavélinni sjálfri

**Heimilistæki**, Reykjavik • **Sjónvarpsmiðstöðin**, Reykjavik • **Beco**, Reykjavik
**Fotoval**, Reykjavik • **MAX**, Garðabær • **MAX**, Reykjavik • **Samkaup**, Borgarnes
**Hljómsýn**, Akranes • **Blómsturvellir**, Hellissandur • **Skipavík**, Stykkishólmur
**Samkaup**, Grundarfjörður • **Samkaup**, Ísafjörður • **Kaupfélag V-Húnvetninga**, Hvammstangi • **Krákur**, Blönduós • **Samkaup**, Blönduós • **Skagfirðingabúð**, Sauðárkrókur • **Heimilistæki**, Akureyri • **Hemilistæki/Öryggi**, Húsavík
**Samkaup**, Egilsstaðir, Seyðisfjörður, Fáskrúðsfjörður • **Martölvan**, Höfn í Hornafirði
**Mosfell**, Hella • **Hemilistæki/Fossraf**, Selfoss • **Geisli**, Vestmannaeyjar
**Foto**, Vestmannaeyjar • **Tækniráð**, Grindavík • **Samkaup**, Njarðvík

*At the heart of the image*

Nikon



# KONUKVÖLD

## ALLAR KONUR HJARTANLEGA VELKOMNAR Á KONUKVÖLD LÉTT BYLGJUNNAR Í SMÁRALIND Í KVÖLD

Á Konukvöldi Létt Bylgjunnar verða um 70 verslanir og þjónustufyrirtæki með opið í Smáralind kl. 19-23. Við bjóðum upp á skemmtilegheit um allt hús, yndislegt dekur, kynningar og mjúk tilboð. Komdu í Smáralind og skemmmtu þér um leið og þú nýtir þér frábær tilboð og skoðar allt það sem við höfum upp á að bjóða. Sjáumst hressar á Konukvöldinu!

## FYRSTA FLOKKS VEITINGAR Á GÓÐU VERÐI

Kjörið að koma snemma og njóta frábærra tilboða veitingastaðanna í Smáralind.

## DAGSKRÁ

**19.00** – Húsið er opnað

**19.30** – Skemmtun hefst í Vetrargarði

**20.00** – Skemmtun hefst í göngugötu

**21.30** – Tískusýning hefst í göngugötu

**23.00** – Verslanir loka í Smáralind

# SPENNANDI KONUKVÖLDSTILBOÐ KL. 19-23 Í KVÖLD

**Adams**
Spennandi tilboð og léttar veitingar.
**Benetton**
20% afsláttur af öllum yfirhöfnum í dömudeild.
**Bianco**
Kynning frá Make-up og Airbrush studio. Kynning á nýrri íslenskri hönnun. 1.000 kr. gjafakort í Snyrtistofuna Bonitu fylgir hverju seldu skópari. Léttar veitingar.
**Bisón**
Léttar veitingar.
**Bjarkarblóm**
Kynning á brúðarvöndum. Súkkulaði og rósir í boði. Hverri pöntun á brúðarvendi fylgir brúðarskreyting á bíl. 30% afsláttur af hvítum englum.
**Blend**
Léttar veitingar og ný Crew-vika hefst!
**Body Shop**
Ráðgjöf varðandi umhirðu húðar og 25% afsláttur af vörum fyrir andlit þegar keyptar eru þrjár eða fleiri. Allir sem versla fyrir 4.990 kr. eða meira fá spennandi kaupauka (snyrtibudda full af glaðningi).
**Carat**
Léttar veitingar í boði og þær konur sem versla fyrir 20 þús. kr. eða meira fá glæsilegan demant að verðmæti 8.400 kr.
**Coast**
15% afsláttur af öllum vörum, stílistaráðgjöf og léttar veitingar.
**Debenhams**
Skemmtilegar kynningar, tilboð á völdum vörum og ýmiss konar afslættir.
**Dorothy Perkins**
15% afsláttur af öllum vörum og gjöf fylgir kaupum yfir 15.000 kr. Léttar veitingar.
**Drangey**
50% afsláttur af völdum loðskinnsflíkum og 50% afsláttur af skarti.
**Dýrabær**
20% afsláttur af hundafötum.
**Evans**
10% afsláttur af öllum vörum og gjöf fylgir kaupum yfir 15.000 kr. Léttar veitingar.
**Eymundsson**
Tilboð á nýjum íslenskum kiljum, ferðatöskum og beautyboxum frá Carlton. Mikið úrval tískutímarita og bóka.
**GK Reykjavík**
Sönghópurinn Þrjár raddir taka lagið, léttar veitingar, starfsfólk kynnir vor/sumarlínuna 2009. Glæsileg dagskrá allt kvöldið.
**Gleym mér ei/Pylones**
Spennandi afslættir og léttar veitingar.
**Gullsmiðja Óla**
Léttar veitingar og tilboð á völdum vörum.
**GS skór**
15% afsláttur af öllum Billi Bi skóm.
**Hagkaup**
20% afsláttur af dömufatnaði, dömuundirfatnaði og dömuskóm. 20% afsláttur af öllum snyrtivörum.
**Hygea**
Heiðar snyrtir verður konum innan handar með kynningu á öllum snyrtivörum, ásamt því að kynna Jean Paul Gaultier skart og töskur. Léttar veitingar í boði.
**Intersport**
Léttar veitingar.
**Jane Norman**
15% afsláttur af öllum vörum og léttar veitingar.
**Jón og Óskar**
Frí skartgripahreinsun og ráðgjöf um umhirðu skartgripa.
**Karen Millen**
30% afsláttur af völdum vörum og léttar veitingar.
**Kaupfélagið**
Léttar veitingar og tilboð á völdum vörum.
**La Senza**
Brjóstamælingar og tilboð á völdum vörum.
**Líf&List**
10% afsláttur af öllum littala vörum í tilefni dagsins.

LÉTT BYLGJAN 967

# Í SMÁRALIND

**Lyfja**
Spennandi kynningar og léttar veitingar.
**Make Up store**
Sýnikennsla í förðun, ilmvatnskynning , fullt af tilboðum og kaupaukum, 10% afsláttur af öllum vörum, M-magazine gefins með kaupum að andvirði 990 kr. Heppnir viðskiptavinir geta unnið förðunarnámskeið.
**Meba Rhodium**
40% afsláttur af völdum Dyrberg Kern vörum.
**Nova**
Skemmtileg tilboð og súkkulaði.
**Ormsson**
25% afsláttur af Home Art vörum.
**Oasis**
15% afsláttur af öllum vörum og kynning á nýjustu hárlínunum. Léttar veitingar.
**Office 1**
Tímarit og valdar bækur á tilboði.
**Polarn O. Pyret**
15% afsláttur af barnafatnaði og 20% afsláttur af meðgöngufatnaði.
**Retro**
15% afsláttur.
**SELECTED femme/homme**
10% afsláttur, léttar veitingar.
**Síminn**
Lukkuleikur í verslun! Með hverjum keyptum síma eða aukahlut, fylgir lukkumiði sem inniheldur inneign, símatösku eða jafnvel símtæki!
**Skart Company**
20% afsláttur af öllum vörum.
**Skór.is**
Léttar veitingar og tilboð á völdum vörum.
**Smáraskóari**
Frí burstun og silikonhúð. Gljápúðar á kynningarverði.
**Steinar Waage**
Léttar veitingar og afsláttur af völdum vörum.
**Söstrene Grene**
Skemmtileg vara á kynningartilboði.
**Te og Kaffi verslun**
Tesmakk og tilboð á sérstökum konuvörum.
**Topshop**
10% afsláttur af öllum vörum og léttar veitingar.
**Tous**
20% afsláttur af öllum vörum, kaupaukar og léttar veitingar.
**Útilíf**
Vörukynning og 20% afsláttur af Cintamani útivistarvörum.
**Vero Moda**
Tilboð á völdum vörum, léttar veitingar.
**Vila**
Tilboð á völdum vörum, léttar veitingar.
**Vodafone**
Tilboð á Nokia 5310 sem er nettur og flottur tónlistarsími. Með honum fylgir 1.000 kr. inneign á mánuði í heilt ár ásamt símaskrauti og 5 fríum lögum í tónlistaverslun Vodafone.
**Zara**
Léttar veitingar.
**Zink**
Spennandi tilboð og léttar veitingar.

OPIÐ Í DAG 11-23

**SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA**
**Verslanir opnar:** mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

Smáralind

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þingmenn tæpir í tímaþröng:

# Sundrung í þingsölum

**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR**

Þau eru svolítið trekkt í þinginu þessa dagana. Þarf ekki annað en fylgjast með umræðum á vef þingsins til að sjá að taugarnar eru farnar að gefa sig. En nú eru prófkjör og listaval að baki. Mörg mál bíða afgreiðslu þingsins og eindrægninni er ekki mikið fyrir að fara. Því miður, þótt mál séu brýn mörg hver og heimti afgreiðslu sem fyrst þar sem vá er fyrir dyrum víða. Tímaskortur er mikill í þinginu og ónógar aðstæður til að kryfja mál eins og æskilegt hefði verið.

Þær stundir koma í starfsemi Alþingis að menn verða að breyta til, hætta hinum vanabundnu erjum og stælum, sem alla jafna setja svip sinn á umræður þingsins, og leggja sig raunverulega fram um að ná víðtækri og almennri samstöðu um það sem gera þarf. Þá er tími þeirra sem kunna að sætta sjónarmið en ekki hinna sem á öðrum tíma eru notaðir í þvarg og stæla og oftast er hleypt fram þegar málþóf er uppi.

Nú eru slíkir tímar. Nú ber að leggja allt kapp á að menn nái sáttum í mikilvægum málum, finni þá fleti sem geta leitt menn til sameiginlegrar niðurstöðu, en skákir sem leiða til átaka verði látnar liggja.

Íslensk pólitík er oftast ekki á háu plani. Margt veldur því enda nýtur þingið um þessar mundir lítils álits meðal umbjóðenda þeirra þingmanna sem á þingi sitja. Þjóðin hefur lítið álit á þinginu og þingmenn verða að taka þann missi alvarlega.

Nú skyldu menn ætla að þingið sé ekki svo rofið úr öllu sambandi sínu við þjóðina. Þingheimur finnur pressuna. Þótt þessi dægrin umgangist þingmenn mest stuðningsmenn sína og viðhlæjendur. Margir í hópi þingmanna eru nú að yfirgefa þingið, hverfa frá vettvangi, sumir við skaddaðan orðstír, aðrir hverfa þaðan með eftirsjá og hafa tapað trausti kjósenda. Þeim öllum ætti þó að vera ljóst að á þeirri ögurstund sem nú vakir yfir þjóðinni hefur aldrei verið brýnna en að menn nái saman, skjótt og vel, í mörgum málum.

Það er beinlínis skylda þingmanna; sumir ganga svo langt að segja að sú skylda ætti að vera æðri endurnýjun sem fyrirhuguð er á umboði þingsins sem nú er í vændum. Þingið sem nú situr sé í raun að flýja bæði vanda og ábyrgð. Þess heldur er ekki tími fyrir þref og mótþróa. Og þá verða menn að hætta að líta á hina staðbundnu og smáu hagsmuni og horfa á heildarhagsmuni.

Oft er kvartað yfir litlum samstarfsvilja milli meirihluta og minnihluta. Er þá gjarnan vísað til þess að framkvæmdarvaldið voki yfir þinginu og þar fáist engin mál unnin nema meirihlutans. Þessu fylgist þjóðin með. Trúa þingmenn að slík vinnubrögð séu það sem kjósendur kæra sig um? Vilja þeir leggja fyrir umbjóðendur sína framboð um fautaskap sem sérstakt kosningamál? Bera þeir gæfu til að ganga til kosninga nú með þann yfirlýsta vilja að sameinast í brýnum málum, semja sig til niðurstöðu til framfara á miklum erfiðleikatímum?

Þjóðin fylgist með.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ólík sýn

Ólík er sýn þeirra Egils Helgasonar og Sigurðar Einarssonar á fræga skýrslu Seðlabankamannsins um mat erlendra bankamanna á íslensku viðskiptabönkunum frá febrúar á síðasta ári. „Textinn ber þess vott að þar hafi ritfær maður verið að verki," segir Egill á síðunni sinni en Sigurður er á öðru máli. „Ég hef aldrei á 25 ára starfsferli mínum séð jafn lélegt og illa skrifað plagg," er haft eftir honum í DV. Ekki hefur komið fram hver hélt um penna en Davíð Oddsson er jú ritfær mjög. Grípum niður í skýrsluna. „Ljóst er að áhyggjur af Íslandi litast eingöngu af áhyggjum af íslensku bönkunum, og talið að fyrirferð þeirra í fjármálalífi Íslendinga sé slík, að verði þeim hált á svelli þá detti aðrir með þeim."



### Sagan

Sparisjóðabankinn, sem nú heyrir sögunni til, byrjaði smátt en stækkaði svo og stækkaði og varð að endingu að engu. Hann var stofnaður fyrir rúmum tuttugu árum til að þjónusta sparisjóðina og var markmiðið aðeins eitt; að styrkja samkeppnishæfni þeirra.

### Eins og hinir

Sparisjóðabankamennirnir horfðu á viðskiptabankana í kringum sig stækka og vildu verða eins. Í nóvember 2006 kynntu þeir nýja framtíðarsýn sem byggði á að af-sparisjóða sig. Vaxa átti utan sparisjóðakerfisins, meðal annars með uppbyggingu erlendis. Keypt var fyrirtæki sem starfaði í Lettlandi og Litháen. Og skrá átti Sparisjóðabankann í Kauphöllina. Til þess kom þó aldrei.



bjorn@frettabladid.is

# Gjaldþrota draugaborgir



**REYNIR INGIBJARTSSON**

**Í DAG** | Íslensk húsnæðisstefna

Hún er sérkennileg umræðan um húsnæðismálin þessa dagana. Enginn grefst fyrir um orsakirnar fyrir ósköpunum og umræðan snýst um afskriftir af skuldum. Fæstir hafa neina framtíðarsýn. Þó stöndum við í rústum gjaldþrota húsnæðisstefnu, sem hefur verið stór þáttur í græðgisvæðingu þjóðfélagsins. Suðvesturhorn landsins er undirlagt af húsalausum lóðum, hálfköruðum byggingum eða fullbúnum húsum með engum íbúum. Það mætti halda að allir væru að flytjast til landsins – ekki frá því.

Séreignarstefna hefur einkennt húsnæðiskerfið á Íslandi frá því þéttbýli fór að myndast. Ísland hefur skorið sig úr á Norðurlöndunum og reyndar frá flestum Evrópulöndum. Önnur form eins og leiguréttur og búseturéttur hafa varla komist á blað. Hinir ráðandi flokkar á Íslandi, allt fram til dagsins í dag – Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur – hafa staðið vörð um þetta kerfi. Á árum Jóhönnu Sigurðardóttur í félagsmálaráðuneytinu kringum 1990, voru þó gerðar heiðarlegar tilraunir til að breyta þessum áherslum. Það sem kallað var; félagslega húsnæðiskerfið var stóreflt með hagstæðum lánum og húsaleigubótum, lög voru sett um nýtt form húsnæðisfélaga – húsnæðissamvinnufélög og húsbréfakerfið leysti af hólmi gamaldags lánakerfi með langar biðraðir í eftirdragi. En dagar Jóhönnu voru þó ekki runnir upp og eldri áherslur tóku aftur við.

**Dregið úr eftirliti**

Eitt fyrsta verkið var að leggja Húsnæðisstofnun niður og þar með hlutverk hennar í að stýra húsnæðisþróuninni. Rannsóknir og eftirlit voru úrelt orð. Loks stóð ekkert eftir af verkum Jóhönnu nema fjárvana húsaleigubótakerfi. Sveitarfélögin fengu fullt skipulagsvald í sínar hendur og lóðakapphlaupið hófst fyrir alvöru. Flokkur húsnæðismála þurfti að höfða til unga fólksins fyrir kosningarnar 2003 og beitti sér fyrir hækkun húsnæðislána í 90% fyrir alla. Það gaf sjálfsagt nokkur þúsund atkvæði. Hinir einkavæddu bankar sáu sér líka leik á borði og buðu betur – 100% lán, enda lánahirslur allt um kring fullar af peningum.

**Fasteignabólan**

Nú rauk húsnæðisverð upp með ómældu veðrými í íbúðunum. Það var stækkað við sig, skólafólk keypti sér íbúðir til að halda upp á sjálfræðisaldurinn, hinir eldri komu sér fyrir í barnlausum blokkum með góðu útsýni og afganginn mátti nota til jeppakaupa og ferðalaga.

Allir voru að græða, enda tvöfaldaðist íbúðaverðið á örstuttum tíma. Upp úr hefðbundnum byggingarfélögum spratt urmull af fjárfestingafélögum og eignarhaldsfélögum og sveitarfélögin gáfust upp á að standa sjálf fyrir framkvæmdum, heldur létu þessum félögum eftir landið og lóðirnar.

Enginn spáði í íbúaþróun og raunverulega þörf fyrir nýbyggingar, enda ekkert fylgst með af opinberum aðilum. Samkeppni sveitarfélagana snerist um að fá fleira fólk til að borga skatta af allri veltunni í þjóðfélaginu. Þá var um að gera að byggja – nóg. Fremstur fór jráðamaður í sveitarfélagi með landrými fyrir flesta íbúa höfuðborgarinnar, ef þeim þóknaðist að flytja þangað. Aðrir urðu að bjóða betur. Hvernig var hann annars dansinn kringum gullkálfinn forðum?

Einhverjum reiknaðist til að nú væru um 7000 íbúðir í pottinum; tómar, hálfbyggðar eða lóðir tilbúnar. Svo ber að sjálfsögðu enginn ábyrgð á þessu frekar en öðru.

Svona var nú aðdragandinn. Er hægt að kalla þetta annað en hrun á hugmyndafræði í húsnæðismálum, þar sem framkvæmdin var eftir efninu? Engin hugmynd sannast, nema henni sé komið í framkvæmd. Þá sést hvort hún gengur upp eða ekki. Tugþúsundir eru nú með hana á bakinu til næstu áratuga – hver og einn. Einhver verður að borga ef skuldir eru afskrifaðar og það hefur enginn gefið sig fram – enn þá.

**Fólk í fyrirrúmi – ekki peninga**

Sá sem hér festir línur á blað kom nokkuð að húsnæðismálum í nærri tvo áratugi og var meðal annars í forsvari fyrir húsnæðissamvinnufélögunum: Búseta og Búmönnum. Þau félög standa traustum fótum í dag og margur þakkar fyrir að hafa valið þann kostinn. Baráttan fyrir þessu húsnæðisformi tók mörg og ströng ár og traustustu liðsmennirnir á þeim tíma meðal þingmanna og ráðherra voru núverandi forsætisráðherra og fjármálaráðherra. Ég ætla að vona að reynsla þeirra og framtíðarsýn leiði loksins til þess að fólk almennt verði í fyrirrúmi í húsnæðismálunum á næstunni, en ekki bara peningarnir, sem eru þeirrar náttúru nú um stundir, að gufa upp jafn skjótt og þeir koma í augsýn.

*Höfundur er fyrrverandi framkvæmdastjóri Búseta og Búmanna.*

# Veröldin er leiksvið

**UMRÆÐAN**

Tryggvi Gíslason skrifar opið bréf til stjórnmálamanna



**TRYGGVI GÍSLASON**

Stjórnlagaþing og ný stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland eru nauðsynleg til þess að efla lýðræði í landinu, vekja með fólki von um betra stjórnarfar og auka traust á Alþingi og stjórnmálaflokkum – og ekki síst til þess að stuðla að sátt í samfélaginu.

Enginn stjórnmálaflokkur má eigna sér komandi stjórnlagaþing og enginn flokkur má leggjast gegn stjórnlagaþingi á vegum fólksins og fyrir fólkið, en það er til fólksins – almennings í landinu – sem þið, alþingismenn, sækið umboð ykkar.

Illt var að ekki skyldi reynt til þrautar að fá Sjálfstæðisflokkinn til þess að standa að frumvarpi um stjórnlagaþing, flokk sem hefur flesta fulltrúa á Alþingi og hefur verið stærsti stjórnmálaflokkur landsins frá stofnun lýðveldis.

Lýðræðisþjóð getur ekki verið án stjórnmálaflokka – annað er blekking. Sjónarspil stjórnmálamanna fyrir opnum tjöldum er, hefur verið og verður hluti af þeim sjónleik sem fylgt hefur stjórnmálum alla tíð og við megum ekki vera án – því að þetta sjónarspil hefur líka sitt gildi,enda er öll veröldin leiksvið og hver karl og kona aðeins leikarar sem fara og koma og breyta oft um gervi, eins og meistari Shakespeare segir.

Engu að síður skora ég á ykkur, alþingismenn, að finna leið til þess að allir flokkar á Alþingi standi að stjórnlagaþingi, kjörnu af fólkinu, fyrir fólkið. Sundrung, sýndarmennska og pólitískur rétttrúnaður hæfir ekki á Alþingi Íslendinga nú.

*Höfundur er fyrrverandi skólameistari.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*





# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 25. mars 2009 – 12. tölublað – 5. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir


Göngum hreint til verks!
GuðjónÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

**Össur Kristinsson**
Gefur fátækum gervifætur 2



**Sparisjóðirnir**
Laskaðir með óbreytta framtíðarsýn 4



**Art Schalk**
Sparnaðarleiðir og sóknarfæri 6



## Vísitalan yfir 200 stigin

Gengisvísitala krónunnar styrktist um 0,75 prósent í gær og rauf hún við það 200 stiga múrinn sem hún hefur legið fast upp við síðan í síðustu viku. Vísitalan endaði í 200,9 stigum og hefur ekki verið veikari síðan í enda janúar.

Veikingin var snörp, öll fyrir hádegi, sem er lýsandi fyrir millibankamarkaðinn um þessar mundir. Fyrir breytinguna í gær höfðu engin viðskipti verið með krónur frá því á fimmtudag í síðustu viku.

Birting verðbólgutalna og síðbúin áhrif af stýrivaxtalækkun Seðlabankans í síðustu viku auk útflæðis á gjaldeyri vegna gjalddaga á ríkisog innistæðubréfum skýra veikingu krónunnar í gær, að sögn Greiningar Íslandsbanka. - jab



### GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Alfesca | 17,9% | -21,4% |
| Bakkavör | -3,4% | -43,8% |
| Eimskipafélagið | 33,3% | -20,0% |
| Föroya Bank | 11,3% | -2,5% |
| Icelandair | -36,4% | -47,4% |
| Marel | -4,8% | -41,9% |
| Össur | 32,2% | -2,8% |

**Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.*
*Úrvalsvísitalan OMXI15 215*
*Úrvalsvísitalan OMXI6 637*

### HELST Í ÚTLÖNDUM

**Ein mynt** | Seðlabankastjóri Kína hefur lagt fram tillögu um sameiginlega mynt fyrir heimshagkerfið. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn myndi halda utan um gjaldmiðilinn. Bankastjórinn segir þetta geta minnkað vægi annarra mynta, ekki síst Bandaríkjadals.

**Borga til baka** | Bandaríski fjárfestingabankinn Goldman Sachs hefur tilkynnt að hann hyggist greiða til baka tíu milljarða neyðarlán fyrir fjármálafyrirtæki innan mánaðar sem bankinn sótti til stjórnvalda. Fleiri fyrirtæki hafa tekið í sama streng.



**Mikil hækkun** | Fjárfestar í Bandaríkjunum kættust mjög á mánudag eftir að stjórnvöld þar greindu frá áformum sínum um kaup á eitureignum og öðrum verðlausum bréfum fyrir allt að þúsund milljarða dala. Dow Jones-vísitalan stökk upp um sjö prósent.

**Nýbúar kaupa** | Nýbúar standa á bak við 70 prósent íbúðakaupa á vissum svæðum í Kaupmannahöfn. Að hluta til skýrist það af því að þeir lána hver öðrum fyrir kaupum á íbúðum eða húsum, að sögn danska dagblaðsins Börsen.

**Verðbólga eykst** | Verðbólga mældist 3,2 prósent í Bretlandi í febrúar samanborið við slétt þrjú prósent í janúar, samkvæmt nýjustu hagtölum. Þróunin er þvert á væntingar. Verðhækkanir á innfluttum vörum vegna falls pundsins skýra breytinguna að mestu.

# Útlendingar vilja fimmtung í Marel

## Hópar fjárfesta og fyrirtækja vilja kaupa ráðandi hlut í Marel Food Systems. Ásókn er í ódýr hlutabréf eftir gengishrunið.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Óformlegar viðræður hafa átt sér stað um kaup evrópskra fjárfesta og fyrirtækja á tuttugu prósenta hlut í Marel Food Systems. Áhuginn mun vera allnokkur og hafa margir sýnt áhuga á að eignast ráðandi hlut, eða 51 prósent. Áætlað er að sala skili 40 milljónum evra hið minnsta, eða sex milljörðum króna.

Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marel Food Systems, staðfesti að viðræður hefðu átt sér stað. Hann vildi ekki tjá sig frekar um málið. Eyrir Invest, stærsti hluthafinn, muni ekki selja úr eignasafni sínu náist samningar.

Þetta er annað sinnið á viku sem greint er frá áhuga erlendra fjárfesta á íslensku stórfyrirtæki. Hitt er stoðtækjafyrirtækið Össur, sem Eyrir á fimmtungshlut í.

### TÍU STÆRSTU HLUTHAFARNIR

| Hluthafar | Eignarhlutur |
|---|---|
| Eyrir Invest | 39,79% |
| Horn fjárfestingarfélag | 19,43% |
| Grundtvig Invest A/S | 10,61% |
| Lífeyrissjóður verslunarmanna | 3,02% |
| Gildi – lífeyrissjóður | 2,61% |
| Lífeyrissjóðir Bankastræti | 2,58% |
| Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 2,44% |
| Stafir lífeyrissjóður | 1,75% |
| Ingunn Sigurðardóttir | 1,21% |
| Stapi lífeyrissjóður | 1,15% |

Gengi hlutabréfa í Marel Food Systems hefur fallið um rúm fjörutíu prósent frá áramótum og fór undir 45 krónur á hlut í gær. Í kjölfar gengishrunsins eru hlutabréfin í þessu stærsta matvælavinnsluvélafyrirtæki heims afar ódýr í evrum og Bandaríkjadölum talið. Sama máli gegnir um hlutabréf Össurar.

Víst þykir að hvorki er vilji hjá Marel Food Systems né stærstu eigendum að selja hlutabréf á núverandi markaðsgengi. Hins vegar er óvíst um stöðu hluthafanna. Eyrir Invest má ekki bæta við sig þótt það vildi án þess að brjóta yfirtökureglur. Óvíst er með burði annarra hluthafa.

Marel Food Systems situr ekki sjálft á fimmtungshlut eigin bréfa og mun væntanleg sala fela í sér að einhverjir hluthafar minnka við sig auk þess sem heimild stjórnar til útgáfu á nýjum hlutum verður virkjuð náist samningar.

# Rangri eða slæmri ráðgjöf fylgt

Kröfuhafar SPRON töldu stjórnvöld fylgja rangri eða gallaðri ráðgjöf í aðdraganda þess að Fjármálaeftirlitið (FME) greip inn í rekstur SPRON og Sparisjóðabankans um síðustu helgi. Þetta kemur fram í tölvupóstskrifum fulltrúa stýrihóps kröfuhafanna til stjórnvalda síðasta föstudag. Í erindum sínum til stjórnvalda þann dag áréttuðu kröfuhafarnir vilja sinn til að ná samkomulagi um framlengingu lána og afskriftir sem þurft hefðu til að tryggja starfhæfi SPRON og væri líklegt til að hámarka heimtur þeirra.

„Í kjölfarið á símafundi sem nýlokið er við fulltrúa FME, Seðlabankans og fjármálaráðuneytisins [síðdegis föstudaginn 20. mars], hefur stýrihópur sá sem er fulltrúi 35 alþjóðlegra banka sem lánað hafa SPRON miklar áhyggjur af því að taka eigi handahófskennda og óábyrgar ákvarðanir í málefnum SPRON. Ákvarðanir sem byggja á skorti á skilningi viðeigandi yfirvalda á þeirri lausn til endurskipulagningar sem þeim var kynnt 18. mars,“ segir í erindinu, sem er frá fulltrúa Sumitomo Mitsui-bankanum. Sá banki er jafnframt einn stærsti kröfuhafi Kaupþings.

Þá hefur Markaðurinn heimildir fyrir því að auki á reiði kröfuhafanna að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) virðist hafa átt hlutdeild í þeirri ákvörðun að taka SPRON yfir, en ákvörðun þar að lútandi hafi verið tekin að höfðu samráði við sjóðinn. - óká



# Segja Marel ekki á leið úr landinu

## Ný framkvæmdastjórn Marel Food System stýrir samþættingu og innri uppbyggingu eftir mikinn ytri vöxt síðustu ára. Nýr forstjóri segir fyrirtækið ekki á förum frá landinu.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

„Áherslan er nú á samþættingu rekstrarins og endurskipulagningu undir einu heiti eftir mjög hraðan uppvöxt og útrás síðustu ára,“ segir Theo Hoen, nýr forstjóri Marel Food Systems. Hann hefur starfað við hlið Harðar Arnarsson frá því Marel Food Systems sameinaðist Stork Food Systems í fyrravor, en þar var Theo Hoen forstjóri áður. Tilkynnt var um starfslok Harðar um helgina. Þá tók Sigsteinn Grétarsson, sem áður var framkvæmdastjóri starfsemi Marel hf. hér á landi, sæti í framkvæmdastjórn félagsins við hlið Hoens og Eriks Kaman fjármálastjóra.

Breytingarnar ollu nokkru umróti meðal starfsfólks Marel Food Systems hér, en nýir yfirmenn félagsins kynntu þær á fjölmennum fundi á mánudag. „Spurningarnar sem helst brunnu á fólki sneru að því hvort flytja ætti félagið úr landi og hvort störf þess væru trygg,“ segir Hoen, sem vísar á bug öllum vangaveltum um flutning fyrirtækisins. Þekkingin sé hér til staðar og eðli starfseminnar ekki þannig að hún verði auðveldlega flutt. „Svo hefur starfsemin líka gengið mjög vel hér og undarlegt að fara að hrófla við því. Frekar væri að við mundum auka við okkur,“ segir hann, en segist um leið skilja áhyggjur fólks af þessu. „En þetta sýnum við best í verki næsta hálfa árið.“

Theo Hoen og Sigsteinn Grétarsson segja ljóst að félagið sé í yfirburðastöðu í heiminum með heildarlausnir í vinnslu matvæla sem ekkert annað félag fái keppt við. Vissulega sé samkeppni þó hörð innan einstakra framleiðsluþátta, svo sem hvað varði einstakar skurðar- eða pökkunarvélar. Ekki sé hins vegar von á neinum kollsteypum í starfseminni og áherslan á vöruþróun tengdri vinnslu á fuglakjöti, fiski og öðru kjöti. „Núna ríður á að koma fram sem eitt fyrirtæki, bæði inn á við og út á við. Það er stærsta áskorunin sem við Sigsteinn stöndum nú frammi fyrir,“ segir Hoen. Hluthafar segir hann að standi sterkir að baki stefnu félagsins og hafi burði til að styðja við hana, þótt ekkert launungarmál sé að stjórnin vildi gjarnan aukna erlenda fjárfestingu í félagið. „Stærsti hluti fjármögnunarinnar er hins vegar hér á landi og engin vandkvæði fyrirséð þar,“ segir hann og telur ekki að gjaldeyrishöft Seðlabankans séu til trafala.


**THEO HOEN OG SIGSTEINN GRÉTARSSON** Marel er ekki á förum og gjaldeyrishöft ekki til vandræða samkvæmt því sem nýir yfirmenn Marel Food Systems segja. MARKAÐURINN/GVA

Hoen verður með aðsetur í Boxmeer í Hollandi þar sem yfir 800 manns starfa, en Sigsteinn verður starfandi hér, þar sem um 350 manns starfa hjá fyrirtækinu. Höfuðstöðvar Marel Food Systems verða áfram hér á landi.

# Stofnandi Össurar hf. minnkar við hlut sinn

Össur Kristinsson, stofnandi stoðtækjafyrirtækisins Össurar, hefur selt um tvær milljónir bréfa í fyrirtækinu úr safni sínu síðan hann steig úr stjórn fyrirtækisins í febrúar.

Stofnandinn átti fjórðungshlut í Össuri árið 2004 en hefur minnkað hann jafnt og þétt síðan þá og fer nú með 8,4 prósenta hlut í nafni eignarhaldsfélagsins Mallard Holding. Fyrir viku var greint frá því að breskur einkaframtakssjóður hafi gert öðrum hluthöfum tilboð í hluti þeirra og stefndi að yfirtöku á félaginu.

IFS Greining segir í nýrri greiningu kauptækifæri í bréfum Össurar og verðmetur þau á 1,2 dali á hlut. Það jafngildir um 136 krónum, sem er 40 prósentum yfir verði þeirra í gær. Þetta er engu síður talsvert undir fyrra markaðsgengi Össurar en vorið 2007 stóð það í tæpum 130 krónum á hlut. Á sama tíma stóð gengi Bandaríkjadals í um sextíu krónum sem jafngildir rúmum tveimur dölum á hlut. Í dag nemur verðið um 0,9 dölum á hlut. **- jab**

# Gefur fátækum gervifætur

„Ég ákvað fyrir tíu árum að hætta í stjórninni eftir fjörutíu ára starf,“ segir Össur Kristinsson, stoðtækjafræðingur og stofnandi stoðtækjafyrirtækisins Össurar.

Össur segir ástæðuna fyrir sölu á hlutum sínum þá að hann reki tvö fyrirtæki sem þurfi á fjármagni að halda.

Annað þeirra er O.K. Prosthetics, sem framleiðir gervilimi með ódýrari og fljótvirkari hætti en áður hefur tekist. Gervifæturnir eru hannaðir fyrir íbúa fátækra ríkja sem misst hafi fætur af ýmsum orsökum, ekki síst vegna stríðsátaka. Stefnt er að því að kenna íbúum landanna að framleiða gervilimina sjálft. Fyrirtækið er ekki rekið í ágóðaskyni. Össur segir erfitt að finna fjárfesta að verkefninu og verði hann því að nýta eigin fjármuni í það.

Fyrirtækið hefur meðal annars farið til Mósambík í Afríku og á átakasvæði í Pakistan. Nú hefur Félag Palestínuvina styrkt O.K. Prosthetics með kaupum á 25 til 30 gervilimum.

„Við förum til Gasasvæðisins í Palestínu á föstudag og verðum í viku,“ segir Össur.


**ÖSSUR KRISTINSSON**





TÆKIFÆRI Í NÆSTA NÁGRENNI

**Viðskiptasendinefndir**
til Færeyja, og Spánar og Portúgal

**Útflutningsráð** fer fyrir viðskiptasendinefnd til Færeyja dagana **27.-29. maí.**

Íslenskum fyrirtækjum bjóðast tækifæri til samstarfs á hinum ýmsu sviðum, bæði í framleiðslu og þjónustu. Viðskiptafundir eru skipulagðir fyrir íslensku þátttakendurna.

**Viðskiptasendinefnd til Spánar og Portúgal**
Útflutningsráð kannar áhuga fyrirtækja á sendinefnd til Spánar og Portúgal í haust.

**Markmið** ferðarinnar er kynning á markaðstækifærum ásamt fyrirtækjafundum. Tækifæri á þessum markaði eru m.a. í þjónustugreinum ýmiss konar, fiskveiðum og fiskvinnslu og tækniþekkingu á sviði orkulausna.

Áhugasamir hafi samband sem fyrst við **Elsu Einarsdóttur, elsa@utflutningsrad.is** eða í síma **511 4000.**

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • www.utflutningsrad.is



**Háskólinn í Reykjavík, SAS Institute og PricewaterhouseCoopers hf. bjóða þér að sitja málþing föstudaginn 27. mars, kl. 8:00 – 12:00.**

STJÓRNUNARREIKNINGSSKIL:
ERU ÞAU Í LAMASESSI
HJÁ ÍSLENSKUM FYRIRTÆKJUM?

Kynntar verða glænýjar niðurstöður rannsókna á stjórnunarreikningsskilum á Íslandi. Þetta er í fyrsta sinn sem slík rannsókn er gerð á Íslandi og því mikill fengur fyrir endurskoðendur, stjórnendur fyrirtækja og aðra áhugasama að sitja þingið.

**8:00 – 8:30** **Léttur morgunverður**

**8:30 – 9:15** **Stjórnunarreikningsskil í íslenskum fyrirtækjum: Staða og þróun**
Dr. Páll Ríkharðsson dósent við Háskólann í Reykjavík og viðskiptaráðgjafi hjá SAS Institute

**9:15 – 10:00** **Icelandic Management Accounting in an International Perspective**
Dr. Carsten Rohde prófessor í reikningshaldi við Copenhagen Business School

**10:00 – 10:30** **Kaffihlé**

**10:30 – 11:15** **Mikilvægi innra eftirlits fyrir stjórnendareikningsskil**
Ólafur Kristinsson endurskoðandi hjá PricewaterhouseCoopers hf. og Jón Óskar Hallgrímsson hagfræðingur hjá PricewaterhouseCoopers hf.

**11:15 – 12:00** **Stjórnendaupplýsingar og ársreikningar: Er grundvallarmunur þarna á?**
Stefán Svavarsson endurskoðandi og dósent í hlutastarfi við Háskólann í Reykjavík

**Fundarstjóri er Guðfinna S. Bjarnadóttir**
Aðgangur er ókeypis og öllum opinn
Staðsetning: Háskólinn í Reykjavík, Ofanleiti 2, stofa 101
Vinsamlega tilkynnið þátttöku á skraning@ru.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY · sas · PRICEWATERHOUSECOOPERS

PROLOGUS

PROLOGUS býður ykkur velkomin á HönnunarMars 2009

íslensk hönnun og framleiðsla



Prologus ehf. | Súðarvogur 20 | 104 Reykjavík | sími: 551 5860 | prologus@prologus.is | www.prologus.is

Prologus er íslenskt hönnunarfyrirtæki sem hefur á undanförnum áratug sérhæft sig í hönnun, framleiðslu og sölu á húsgögnum og innanstokksmunum fyrir fyrirtæki og heimili. Í dag býður fyrirtækið fjölbreytt úrval húsgagna, meðal annars stóla, sófa, skenka, skiltalínur, sýningaskápa, bæklingastanda og skrifstofuhúsgögn auk þess að bjóða upp á sérhannaðar lausnir.

# Óbreytt framtíðarsýn *laskaðra sparisjóða*

**Tveir sparisjóðir færðust í sögubækur um síðustu helgi. Þrettán standa eftir en helmingur þeirra stendur höllum fæti. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson leit yfir sögu sparisjóðanna og skoðaði ástæðurnar fyrir falli þeirra.**

Nýr kafli var skrifaður í sögu sparisjóða landsins um helgina þegar lyklavöldin voru tekin af stjórnum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Sparisjóðabankans. Útlit er fyrir að tilvist þeirra beggja færist fljótlega í sögubækur.

Því til viðbótar hafa sex sparisjóðir óskað eftir eiginfjárframlagi frá hinu opinbera til að bæta úr slæmri stöðu.

Þrettán sparisjóðir standa nú eftir. Líklegt má telja að vaxtartímabili þeirra sé lokið í bili og muni þeir snúa sér að rótunum, starfi í heimabyggð líkt og á upphafsárum þeirra.

HB GRANDI

## Aðalfundur

**Aðalfundur HB Granda hf. verður haldinn föstudaginn 3. apríl 2009 í matsal fyrirtækisins að Norðurgarði, Reykjavík og hefst hann kl. 17:00.**

### Dagskrá

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 18. gr. samþykkta félagsins.
2. Tillaga um heimild félagsstjórnar til kaupa á eigin hlutum samkvæmt 55. gr. hlutafélagalaga.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins, hluthöfum til sýnis, viku fyrir aðalfund. Ennfremur er hægt að nálgast gögnin á vefsíðu félagsins *www.hbgrandi.is*.

Framboðsfrestur vegna stjórnarkjörs rennur út fimm dögum fyrir upphaf aðalfundar. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl. 16:30.

Óski hluthafar eftir að ákveðin mál verði tekin til meðferðar á aðalfundinum, þarf skrifleg beiðni um það að hafa borist félagsstjórn með nægjanlegum fyrirvara, þannig að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Hluthafar sem ekki geta mætt á fundinn en hyggjast gefa umboð, þurfa að gera það skriflega.

**Stjórn HB Granda hf.**

FABRIKAN

**BANKI BÚLAUSRA VINNUMANNA**

Sparisjóðirnir eiga rætur að rekja allt aftur til þess þegar Jón Sigurðsson forseti talaði fyrir eflingu á innlendum sparnaði og nauðsyni þess að afla fjár til framfara um miðja nítjándu öld. Ráðamenn þjóðarinnar skeggræddu um stofnun innlendra fjármálastofnana í kjölfarið en áhuginn var lítill og koðnaði hugmyndin niður.

Fyrsti sparisjóðurinn mun hafa verið Sparnaðarsjóður búlausra í Skútustaðahreppi, sem stofnaður var um mitt ár 1858 á Grænavatni í Mývatnssveit. Stofnendur voru fátækir þingeyskir vinnumenn sem ekki fengu fyrirgreiðslu í fjármálastofnunum þess tíma. Saga sjóðsins var stutt en hann þraut örendi sökum lausafjárskorts í sveitinni tveimur árum síðar.

Íslendingar voru almennt seinir til að tileinka sér sparisjóðahugmyndina. Fyrsti sparisjóðurinn hafði litið dagsins ljós um hálfri öld fyrr í Bretlandi og nokkrum áratugum fyrr í Bandaríkjunum.

Þótt tilraunin í Mývatnssveit hafi ekki gefist vel í fyrstu atrennu litu fleiri sparisjóðir dagsins ljós fljótlega í íslenskum sveitum eftir þetta.

Saga þeirra margra reyndist þó skammvinn, ekki síst fyrir þær sakir að Landsbanki Íslands og Búnaðarbankinn sóttu hart fram á markaðssvæðum sparisjóðanna og gáfu þeir undan gegn ofureflinu í minni byggðum.

Vörn sparisjóðanna gegn áföllum var stofnun Sambands íslenskra sparisjóða árið 1967. Í kjölfarið var blásið til sóknar gegn viðskiptabönkunum stóru. Um áratug síðar jókst vörnin frekar með tilkomu Tryggingasjóðs sparisjóðanna. Sjóðurinn hefur rétt sparisjóðum hjálparhönd á erfiðum tímum. Í honum eru í dag um 400 milljónir króna og má hann ekki við miklu í samfélagi sparisjóða. Aldrei hefur verið gert ráð fyrir kerfishruni í líkingu við þau dómínóáhrif sem fóru af stað við fall bankanna í fyrrahaust



**FRÁ AÐALFUNDI SPRON 2007** Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis var skráður á markað í október 2007. Gengi bréfa sparisjóðsins stóð í tæpum 17 krónum á hlut á fyrsta degi en gerði lítið annað en að lækka. Það stóð í 1,9 krónum á hlut þegar viðskipti með bréfin voru stöðvuð í bankahruninu tæpum tveimur árum síðar. Viðskipti með þau hófust aldrei á ný. MARKAÐURINN/VALLI

**HÁKARLAR GUÐA Á GLUGGA**

Fall sparisjóðanna um helgina tengist mörgum þáttum, svo sem djarfri þátttöku þeirra á hlutabréfamarkaði og nánu samstarfi eftir aldamótin síðustu samhliða umróti í hópi stofnfjáreigenda.

Nokkru eftir síðustu aldamót hófst það tímabil í sögu sparisjóðanna, sem einkenndist af samþjöppun tengdum viðskiptum með stofnfjárbréf sparisjóðanna Dæmi eru um að stofnfjáreigendur, sem setið höfðu á bréfum sínum í áratugi, og töldu þá nokkurra tugþúsunda virði fengu boð í bréfin upp á allt að fimmtíu milljónir króna. Viðskipti sem þessi tengdust að mestu Sparisjóði Hafnarfjarðar (nú Byr).

„Þetta var raunverulegt áhlaup á sparisjóðina og þeir börðust gegn því," segir Guðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka sparisjóða. Hann líkir andstöðu stofnfjáreigenda gegn viðskiptum með stofnfjárbréf á yfirverði við baráttu við hákarla sem hafi séð fjárfestingartækifæri í sjóðunum. Stofnfjárbréfin hafi verið lítill hluti af eiginfé sparisjóðanna og því auðvelt að freista stofnfjáreigenda með gylliboðum. Sterk bein hafi þurft til að neita þeim.

Hann segir sparisjóðina hafa barist af alefli gegn stofnfjársölu á sínum tíma en Fjármálaeftirlitið slegið vopnin úr höndum þeirra þegar það gaf græna ljósið á sölu bréfanna á yfirverði í kjölfar baráttunnar um SPRON.

Guðjón segir ljóst að „hákarlarnir" hafi ekki haft tilfinningar til sparisjóðanna sem barist var um með sama hætti og stofnfjáreigendur. Þegar markmiðum þeirra hafi verið náð hafi almenningur séð á eftir sparisjóðunum úr heimabyggð. „Það gerðu sér allir grein fyrir því að hákarlarnir voru ekki að hugsa um hag sparisjóðanna," segir hann.

Nær eina vörn sparisjóðanna gegn áhlaupinu var stofnfjáraukning þar sem stofnfjáreigendum – bændum, ekkjum stofnfjáreigenda og afkomendum þeirra – gafst kostur á að auka við eigið fé sparisjóðsins með kaupum á stofnfjárbréfum gegn vilyrði um vænar arðgreiðslur. Margir brugðu á slík ráð til varnar því að sparisjóðurinn lenti í röngum höndum. Vopnin hafa snúist í höndum margra upp á síðkastið, ekki síst þeirra sem skuldsettu sig með erlendum lánum í varnarleiknum.

**ÓBREYTT FRAMTÍÐARSÝN**

Sparisjóðirnir tóku margir þátt í góðærinu, án þess í raun að hagnast verulega á því. Sem dæmi skiluðu einungis tveir sparisjóðir hagnaði af grunnstarfsemi sinni, inn- og útlánastarfsemi, á góðærisárinu 2007 á sama tíma og aðrir skiluðu tapi. Þá var eiginfjárhlutfall margra sparisjóða þegar orðið mjög nálægt þeim átta prósenta mörkum sem sett eru fyrir rekstur fjármálafyrirtækja.

Þeim sparisjóðum sem mesta áhættu tóku, svo sem SPRON og Sparisjóðabankanum, en eignarhlutur Sparisjóðabankans í Existu nam 80 prósentum af eiginfé hans 2006, tókst ekki að nýta sér góðærið með skikkanlegum hætti. Að sama skapi voru þeir afar viðkæmir fyrir sveiflum á hlutabréfamörkuðum. Botninn tók svo endanlega úr með falli bankanna og gengishruni Existu sem hreinsaði upp gengishagnað margra sparisjóða.

Vika var í gær síðan Guðjón kynnti framtíðarsýn sparisjóðanna þar sem áætlað var að einn til tveir sparisjóðir yrðu á suðvesturhorni landsins en fjórir til sex á landsbyggðinni. Þær áætlanir eru óbreyttar, að hans sögn.

**SPARISJÓÐIRNIR Í GEGNUM ÁRIN**

| | |
|---|---|
| 1858 | Sparisjóður búlausra í Skútustaðahreppi |
| 1864 | Sparisjóður Mýrasýslna |
| 1872 | Sparisjóður Reykjavíkur (sameinaður Landsbankanum 1887). |
| 1873 | Sparisjóður Siglufjarðar |
| 1875 | Sparisjóður Álftaneshrepps (varð áratug síðar að Sparisjóði Hafnarfjarðar) |
| 1879 | Sparisjóður Höfðhverfinga (Grenivík) |
| 1885 | Sparisjóður Svarfdæla (Dalvík) |
| 1889 | Sparisjóðurinn á Rosmhvalanesi (hætti starfsemi 1892) |
| 1891 | Sparisjóður Kirkjubóls- og Fellshreppa (breytt í Sparisjóð Strandamanna 1991) |
| 1892 | Sparisjóður Ólafsvíkur |
| 1892 | Sparisjóður Stykkishólms |
| 1892 | Sparisjóður Flateyjarhrepps |
| 1896 | Sparisjóður Vestur–Ísafjarðarsýslu (síðar Sparisjóður Þingeyrarhrepps) |
| 1902 | Sparisjóður Hafnarfjarðar |
| 1907 | Sparisjóðurinn í Keflavík |
| 1907 | Sparisjóður Hólahrepps (síðar Sparisjóður Skagafjarðar) |
| 1908 | Sparisjóður Bolungarvíkur |
| 1910 | Sparisjóður Hrútfirðinga (Borðeyri) |
| 1913 | Sparisjóður Mýrasýslu |
| 1914 | Sparisjóður Ólafsfjarðar |
| 1918 | Sparisjóður Önundarfjarðar |
| 1920 | Sparisjóður Norðfjarðar |
| 1929 | Eyrarsparisjóður á Patreksfirði |
| 1932 | Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis |
| 1932 | Sparisjóður Árneshrepps |
| 1942 | Sparisjóður Vestmannaeyja |
| 1951 | Sparisjóður Hellissands |
| 1956 | Sparisjóður Kópavogs |
| 1956 | Verslunarsparisjóðurinn (síðar Verslunarbanki Íslands) |
| 1957 | Samvinnusparisjóðurinn (síðar breytt í Samvinnubanka Íslands. Seldur Landsbankanum 1990) |
| 1961 | Sparisjóður vélstjóra |
| 1962 | Sparisjóður Hveragerðis og nágrennis (Búnaðarbanki Íslands tók hann yfir 1967) |
| 1963 | Sparisjóður Húnvetninga |
| 1964 | Sparisjóður Stykkishólms |
| 1965 | Sparisjóður Dalasýslu |
| 1967 | Sparisjóður alþýðunnar (breytt í Alþýðubankann 1971). |
| 1972 | Sparisjóður Súðavíkur |
| 1986 | Lánastofnun sparisjóðanna (síðar Sparisjóðabankinn) stofnaður |
| 1991 | Sparisjóður Hornarfjarðar og nágrennis |
| 1997 | Sparisjóður Norðlendinga (varð til með sameiningu Sparisjóðs Akureyrar og Arnarneshrepps og Sparisjóðs Glæsibæjarhrepps) |
| 1997 | Sparisjóður Mývetninga sameinaður Sparisjóði Suður-Þingeyinga. |
| 1998 | Sparisjóður Hrútfirðinga sameinast Sparisjóði Vestur-Húnvetninga. Tekur upp nafnið Sparisjóður Húnaþings og Stranda. |
| 1999 | Sparisjóður Mýrahrepps sameinast Sparisjóði Þingeyrarhrepps, Sparisjóði Rauðasandshrepps við Eyrasparisjóð og sameiningu Sparisjóðs Súgandafjarðar og Sparisjóðs Bolungarvíkur. |
| 2000 | Kaupþing og Spron kaupa Sparisjóð Súðavíkur og Sparisjóð Önundarfjarðar. |
| 2001 | Sparisjóðir Vestfirðinga. Að honum stóðu Sparisjóður Önundarfjarðar, Súðavíkur, Þingeyrarhrepps og Eyrarsparisjóðs. |
| 2003 | Sparisjóður Mýrasýslu kaupir allt stofnfé Sparisjóðs Siglufjarðar. |
| 2006 | Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennir sameinast Sparisjóði Vestmannaeyja. |
| 2006 | Sparisjóður Hafnarfjarðar og Sparisjóður vélstjóra sameinast undir nafni Byrs. |
| 2006 | Sparisjóðurinn í Keflavík og Sparisjóður Ólafsvíkur renna saman. |
| 2007 | Sparisjóðurinn í Keflavík kaupir Sparisjóð Húnaþings og Stranda. |
| 2007 | Sparisjóður Siglufjarðar og Sparisjóður Skagafjarðar sameinast. |
| 2007 | Byr og Sparisjóður Kópavogs sameinast |
| 2007 | Samkomulag um samruna Byrs og Sparisjóðs Norðlendinga. |
| 2007 | SPRON skráður á markað |
| 2008 | Sparisjóðurinn í Keflavík kaupir Sparisjóð Vestfirðinga |
| 2009 | Skilanefndir taka yfir stjórn SPRON og Sparisjóðabankans. Sjö sparisjóðir óska eftir eiginfjárframlagi frá hinu opinbera. |








Ný barnablöð
nýtt garn

FÖNDRA

Dalvegi 18, Kóp. Sími 568 6500 www.föndra.is
opið 10-18 virka daga, laugardaga 11-16



# eldhúsdagur

EFNI BLAÐSINS

MIÐVIKUDAGUR 25. mars 2009


## Útlenskir embættismenn

**Sigurður Líndal**

Umræðan um setningu Norðmanns í embætti seðlabankastjóra hefur farið á afskeiðisflan, að mati Sigurðar Líndal. Þær athugasemdir sem hann hafi gert um hvernig staðið var að setningu hans í embætti komi persónu seðlabankastjórans ekki við heldur lúti eingöngu að lögfræðilegum álitamálum. Þó hafi komið fram gildar mótbárur við áliti hans, sem Sigurður sér ástæðu til að svara.

## Minnisblöð embættismanna

***Jóhanna Gunnlaugsdóttir***

Forstöðumenn opinberra stofnana eiga stundum erfitt með að greina á milli hvort skjöl, sem orðið hafa til í starfi þeirra, séu eign stofnunar eða þeirra sjálfra. Nýlegt dæmi er þegar Davíð Oddsson hafnaði ósk um afrit af minnisblaði með þeim rökstuðningi að það væri „persónulegt minnisblað formanns bankastjórnar“. Jóhanna Gunnlaugsdóttir bendir á að bankakerfið hrynur ekki aftur þótt blaðið verði birt nú.

## Breytinga er þörf

**Karl V. Matthíasson**

Það getur verið auðvelt og gaman að vera í stórum ríkisstjórnarflokki þar sem flestir brosa hver fram í annan af stolti yfir mætti sínum og velgengni. En það er ekki gaman ef maður í hjarta sínu veit að það er ekki verið að taka á grundvallarmálum með hugrekki og festu. Venjulegt fólk verður að fá leyfi til að bjarga sér með því að nýta sér auðlindir hafsins.

## Fall eða endurreisn

**Birgitta Jónsdóttir**

Íslenska þjóðin var fyrst til að falla í hyldýpi kreppu sem engan endi virðist ætla að taka. Þögnin um eiginlega stærð vandans er bæði þrúgandi og skammarleg, skrifar Birgitta Jónsdóttir. Nú sé lag til að gefa bæði þjóðinni sem og heimsbyggðinni von um að hægt sé að taka á spillingu þótt hún nái inn á æðstu stofnanir.

Eldhúsdagur er nýtt vikulegt fylgirit Fréttablaðsins sem leggur áherslu á umræðu og skoðanaskipti um stjórnmál og þjóðmál. Leitað verður við að birta vandaðar og upplýsandi greinar um ýmis álitamál. Leitað verður eftir sjónarmiðum valinkunnra einstaklinga auk þess sem senda má gagnorðar greinar á netfangið **greinar@frettabladid.is.**

**Beiting hryðjuverkalaga**

# Af hverju beittu Bretar hryðjuverkalögum?




HELGI ÁSS GRÉTARSSON
Félagi í Indefence-hópnum


Bresku hryðjuverkalögin (Anti–Terrorism, Crime And Security Act 2001) voru samþykkt í kjölfar árásanna á New York 11. september 2001. Helstu ákvæði þessara neyðarlaga byggðust á rúmu valdi stjórnvalda til að vernda borgarana fyrir hryðjuverkamönnum og áttu þau eingöngu að gilda í tvö ár eða þar til lögbundin endurskoðun hefði átt sér stað. Hin svokallaða Newton–nefnd endurskoðaði lögin og skilaði skýrslu í árslok 2003. Í skýrslunni var m.a. lagt til að 2. kafli laganna um kyrrsetningu eigna yrði afnuminn þar sem þeim kafla laganna yrði vart beitt gegn hryðjuverkamönnum og betur færi á því að ákvæði um kyrrsetningu eigna, annarra en hryðjuverkamanna og sem beita mætti í neyð, yrðu sett í aðra lagabálka. Bresk stjórnvöld höfnuðu þessari tillögu Newton-nefndarinnar og engar breytingar voru gerðar á þessum kafla laganna.

### Beiting hryðjuverkalaganna og íslenskar getgátur

Hinn 8. október 2008 beittu bresk stjórnvöld ákvæðum í áðurnefndum öðrum kafla hryðjuverkalaganna til að frysta eða kyrrsetja tilteknar eignir íslenskra stjórnvalda í Bretlandi og allar eignir Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi. Landsbankinn var jafnframt settur á opinberan hryðjuverkalista breska fjármálaráðuneytisins en á þeim lista eru ríki eins og Súdan og Simbabve og samtök á borð við Al–Kaída og Talibana. Nú, sex mánuðum síðar, er Landsbankinn enn á þeim lista.

Margt hefur verið ritað og fullyrt á Íslandi um ástæður þess að bresku hryðjuverkalögunum var beitt. Sagt hefur verið að beiting laganna hafi byggst á ólöglegum peningaflutningum íslensku bankanna og gefið hefur verið í skyn að þeir hafi stundað ýmsa aðra ólöglega starfsemi. Þessar fullyrðingar eru settar fram án vísana í heimildir eða önnur haldbær gögn sem aðgengileg eru almenningi. Skortur á þess háttar sönnunargögnum útilokar ekki að þessar fullyrðingar séu sannar en á hinn bóginn er full ástæða að gjalda varhug við málflutningi af þessu tagi á meðan hann styðst ekki við traustar heimildir.

### Réttlæting breskra yfirvalda

Indefence-hópurinn afhenti nýverið nefnd breska þingsins, sem fer með málefni Íslands, skjal sem yfir 83 þúsund einstaklingar höfðu ritað undir í því skyni að mótmæla beitingu hryðjuverkalaganna gegn íslenskum aðilum og íslenskum hagsmunum. Veitti formaður nefndarinnar, Austin Mitchell þingmaður, skjalinu móttöku við athöfn í breska þinginu í viðurvist þingmanna úr neðri-deild og lávarðadeild þingsins. Með hliðsjón af því sem þar kom fram og á grundvelli annarra haldbærra gagna, m.a. umræðna í lávarðadeildinni 28. október 2008, má ætla að bresk stjórnvöld hafi talið eftirfarandi atriði réttlæta beitingu hryðjuverkalaganna gagnvart Landsbanka Íslands hf. og íslenskum stjórnvöldum:

1. Breska ríkið varð fyrir verulegu tjóni þegar bandaríski bankinn, Lehman Brothers, flutti verulega fjármuni frá Bretlandi til Bandaríkjanna skömmu áður en hann fór á hausinn í september 2008.
2. Nauðsynlegt var að vernda hagsmuni breskra eigenda IceSave innlánsreikninga sem og hagsmuni breskra lánveitenda Landsbankans, enda útlit fyrir að hvorir tveggja gætu tapað háum fjárhæðum á þroti bankans.
3. Neyðarlögin íslensku hafi mismunað sparifjáreigendum og kröfuhöfum eftir þjóðerni.
4. Með hliðsjón af samskiptum breskra og íslenskra stjórnvalda í aðdraganda bankahrunsins hafi fulltrúar breskra stjórnvalda ekki treyst þeim íslensku.
5. Örðugt hafi verið að beita öðrum lagaákvæðum til að kyrrsetja eignir Landsbankans.

### Óhófleg valdbeiting veldur tjóni

Með hliðsjón af stöðu íslenska bankakerfisins í byrjun október síðastliðnum geta bresk yfirvöld án efa fært málefnaleg rök fyrir því að nauðsyn hafi borið til að ná umráðum yfir eignum Landsbankans. Sú aðgerð hins vegar, að beita ákvæðum hryðjuverkalaga til að ná því markmiði og setja bankann á hryðjuverkalista ásamt því að frysta tilteknar eignir íslenskra stjórnvalda, gekk alltof langt. Þessi aðgerð hefur valdið mun meira tjóni en margur ætlar og hefur bitnað á aðilum sem engra hagsmuna hafa að gæta í bankarekstri eða hvernig millirikjasamskiptum milli Íslands og Bretlands sé háttað.

Mergur málsins er sá að bresk stjórnvöld voru fyrst og fremst að vernda hagsmuni sinna þegna með beitingu hryðjuverkalaganna og við það tækifæri skeyttu þau ekkert um að nafn Landsbankans, íslenskra stjórnvalda og fjölda Íslendinga yrði um langa hríð tengt hryðjuverkum.

Ísland er fullvalda og vopnlaust lýðræðisríki sem á ekki að una því að annað ríki beiti hryðjuverkalögum til að ná fram efnahagslegum og pólitískum markmiðum og valdi Íslendingum með því stórfelldu tjóni.



**BARIÐ Á BUMBUR** Indefence-hópurinn afhenti á sunnudag breskri þingnefnd skjal með 83 þúsund undirskriftum.


512 Auglýsingasími 50 50




– Mest lesið

# Garðyrkjunámskeið

í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi

Ræktun í sumarhúsalandinu
Miðvikudaginn 25/3 kl. 19:00-21:30.
Verð kr. 6.500.-

Ræktun ávaxtatrjáa
Tvö kv. mán. 30/3 og 6/4 kl. 19:00-21:30.
Verð kr. 12.500.-

Ræktun berjarunna og -trjáa
Þriðjudaginn 30/3 kl. 17:00-18:30.
Verð kr. 3.750.-

Matjurtarækttun
Tvö kvöld, þri. 31/3 og 7/4 kl. 19:00-21:30.
Verð kr. 12.500.-

Kryddjurtarækttun
Þriðjudaginn 31/3 kl. 17:00-18:30.
Verð kr. 3.750.-

Klipping trjáa og runna
Miðvikudaginn 1/4 kl. 19:00-21:30.
Verð kr. 6.500.-

Rósir og blómstrandi runnar
Mánudaginn 6/4 kl. 17:00-19:30.
Verð kr. 3.750.-



Leiðbeinendur:
Auður I. Ottesen, garðyrkjufr.
Jón Guðmundsson, garðyrkjufr.

Skráning og upplýsingar
í síma 578 4800
og á www.rit.is

Ekta fiskur
466 1016
www.ektafiskur.is



FRUMKVÖÐLAFYRIRTÆKI ÁRSINS 2007 - FISKVINNSLA FRÁ ÁRINU 1940

TILVERAN getur verið streitulaus...
infinite prime



EINKA ÖRYGGISKERFI
MEÐ ÍSLENSKU TALI OG TEXTA

Fullkomin öryggiskerfi með miklum möguleikum og þráðlausum skynjurum. Henta vel fyrir heimili, sumarhús og fyrirtæki og fást í mörgum útfærslum. Uppsetning í boði ef óskað er.



MEÐAL MÖGULEIKA:
- REYKSKYNJARI
- VATNSSKYNJARI
- HITASKYNJARI
- GASSKYNJARI
- ÖRYGGISHNAPPUR

ÖRYGGI ÁN MÁNAÐARGJALDA

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 • 2009
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

vísir.is
„...ég sá það á vísi"


Skipan og setning í embætti

# Um útlenda embættismenn



SIGURÐUR LÍNDAL
lagaprófessor

Frá því að norskur maður var settur seðlabankastjóri hafa efasemdir verið látnar í ljós um hvort það samrýmist 20. gr. stjórnarskrárinnar þar sem íslenzkur ríkisborgararéttur er áskilinn til skipunar í embætti. Af því hefur sprottið nokkur umræða, en hún hefur farið út um víðan völl eins og einatt gerist í orðaskaki Íslendinga. Fjögur dæmi skulu nefnd.

## Fordæmi – valdaættir – þjóðremba – úrelt ákvæði

Fyrst má hér nefna til sögunnar Þórólf Matthíasson prófessor sem bent hefur á það fordæmi að erlendur ríkisborgari hafi verið settur í prestsembætti og síðan skipaður eftir að hafa fengið íslenzkan ríkisborgararétt. Nauðsynlegt sé að fá hingað erlenda afburðamenn til starfa og þá skipti engu máli hvort þeir geti sungið, skrifað eða skammazt á íslenzku. (Fréttablaðið 4. marz 2009).

Kristján B. Jónasson rithöfundur ræðir um að erlendur blaðamaður sem hann lýsir með hástemmdum orðum hafi gert úttekt á íslenzku þjóðfélagi, en hún hafi snúizt um annað en „þá ósvinnu að norskur maður skuli hafa fengið hér embætti svo innlendar valdaættir verkjar í litningana og vitna utanbókar í Áshildarmýrarsamþykktina frá 1496 um að innbornir einstaklingar skuli einir kallaðir til metorða." (Lesbók Morgunblaðisins 8. marz 2009).

Víkverja leiðist þjóðremba, en óttast að hún sé að færast í aukana. „Eitt dæmi um þjóðrembu eru viðbrögð við ráðningu nýs seðlabankastjóra. ... Eftir bankahrunið var hrópað að þörf væri á erlendum sérfræðingum, en þegar þeir svo koma er skammazt. Ekki viturleg viðbrögð finnst Víkverja." (Morgunblaðið 8. marz 2009).

Agnar Freyr Helgason, nemi við London School of Economics, segir þetta: „Að gera þjóðerni hans að einhverju aðalatriði er náttúrlega alveg út í hött og bara gert til þess að draga athyglina frá því sem raunverulega skiptir máli. Ákvæðinu um ríkisborgararétt embættismanna hlýtur annars að vera breytt ef það verður farið í gagngerðar breytingar á stjórnarskránni á næstunni. Það er barn síns tíma." (Fréttablaðið 12. marz 2009).

Þórólfur Matthíasson kemst næst því að halda sig við efnið og skírskotar til **fordæmis** án þess að velta því fyrir sér hvort embætti prests og seðlabankastjóra séu sambærileg og er þá eingöngu hafður í huga veraldlegur þáttur prestsembætta. Í skrifi Kristjáns B. Jónassonar kveður við þann tón að **innlendar valdaættir** séu að verja hagsmuni sína eins og löngum. Hér endurómar sú söguskoðun að það sem miður hafi farið á Íslandi sé að kenna innlendu afturhaldi sem löngum hafi tekizt á við erlendar (danskar) framfarir og frjálslyndi. Víkverji bætir um betur og nú er **þjóðremban** að verki. Agnari Helgasyni lízt nokkuð vel á bankastjórann; ákvæði 2. mgr. 20. gr. er **úrelt**.

## Stjórnarskrá Noregs og Danmerkur

Áður en lengra er haldið er rétt að líta til nálægra landa. Í 92. gr. norsku stjórnarskrárinnar er norskur ríkisborgararéttur skilyrði fyrir að menn „utnevnes til embetsmenn" auk þess sem þeir verða að kunna norsku. Undantekningar eru gerðar um kennara við háskóla og menntaskóla og ræðismenn erlendis. Í 27. gr. stjórnarskrár Dana er ríkisborgararéttur einnig áskilinn. Þar segir: „Ingen må ansættes som tjenestemand uden at have indfødsret." Því má bæta hér við að í 28. gr. 4. tl. samningsins um Efnahagssvæði Evrópu er frjálst flæði vinnuafls takmarkað þannig, að það nær ekki til starfa í opinberri þjónustu. Af þessu má ráða að erlendar valdaættir tryggi hagsmuni sína ekki síður en Íslendingar og þjóðremban leiki nú ljósum logum um Evrópu rétt eins og vofa kommúnismans 1848. Þeir Kristján og Víkverji eiga sér óvíða griðastað.

## Að sneiða hjá kjarna málsins

Athygli vekur hversu fimlega þeir, sem vitnað er til, sneiða hjá kjarna málsins sem er túlkun á 2. mgr. 20. gr. stjórnarskrárinnar í ljósi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Í þess stað er orðræðunni snúið upp í það hversu nauðsynlegt sé að fá erlenda afburðamenn til starfa á Íslandi og að þeim lítist nokkuð vel á bankastjórann. Þannig er umræðu drepið á dreif. – Nú snýst málið ekki um persónu seðlabankastjórans sem er áreiðanlega hinn færasti og fengur að ráðum hans. Athugasemdir mínar lúta að því hvernig staðið hefur verið að setningu hans í embætti og þar á hann engan hlut að máli.

## Grundvallarmunur á setningu og skipun

Ásmundur Helgason lögfræðingur hefur þá sérstöðu að gera sér ljóst um hvað málið snýst. Í grein í Fréttablaðinu 18. marz sl. rekur hann efni starfsmannalaga nr. 38/1954 og nr. 70/1996 – þau ákvæði sem lúta að réttarstöðu embættismanna, setningu, skipun og starfslok. Hann viðurkennir að breytingar hafi orðið við gildistöku síðarnefndu laganna en telur mig ýkja þær. Enn sé grundvallarmunur á skipun og setningu í embætti. Um huglægt mat sem liggur til grundvallar ályktunum og orðavali er tilgangslítið að þrátta. Eigi að síður vil ég árétta niðurstöðu mína í stuttu máli.

Fyrst skal vikið að 24. gr. starfsmannalaganna. Þar er setning heimiluð í tveimur tilfellum.

Í fyrsta lagi í forföllum skipaðs embættismanns. Þetta getur ekki átt við þar sem embætti seðlabankastjóra voru lögð niður og nýtt stofnað í þeirra stað. Ekki hafði verið skipað í það og því engum forföllum til að dreifa.

Í öðru lagi má setja embættismann til reynslu áður en hann er skipaður. Norski bankastjórinn er þá settur samkvæmt þessu ákvæði og þannig getur hann setið í allt að tvö ár.

Ásmundur vekur athygli á því að í greinargerð sé tekið fram að þeir sem settir séu í embætti verði ekki sjálfkrafa embættismenn. Sá sem situr í lögfestu embætti hlýtur þó að vera embættismaður; athugasemdir í greinargerð breyta því ekki.

## Túlkun í ljósi breyttrar réttarstöðu

Um það er ekki ágreiningur að eftir gildistöku starfsmannalaganna 1996 sé nú ljóst hverjir teljist embættismenn skv. 2. mgr. 20. gr. stjórnarskrárinnar. Hins vegar telur Ásmundur ekki sjáanleg nein rök fyrir þeirri efnisbreytingu að nú nái skilyrðið um ríkisborgararétt einnig til setningar í embætti. Breytingar á reglum um réttarstöðu embættismanna 1996 heimili engan veginn að teygt sé á gildissviði reglunnar í stjórnarskránni gagnvart gerningum sem falla ekki undir hana hvort sem litið sé til orðalags og langvarandi túlkunar þess. Engin breyting hafi verið gerð á stjórnarskránni og engar vísbendingar séu um að ætlunin hafi verið að hrófla við heimild ráðherra til að setja tímabundið í embætti. Lögin frá 1996 breyti í engu réttarstöðunni að þessu leyti, hvað þá að þau hafi áhrif á túlkun stjórnarskrárinnar.

Hér er annars vegar skírskotað til **orðalags** og hins vegar langvarandi **túlkunar**.

Þar sem stjórnfesta ríkir eru stjórnarskrár fremur stuttorðar. Til viðbótar kemur stjórnmálaeða pólitísk menning sem birtist í stjórnskipunarhefðum og venjum sem sumar hafa að geyma grundvallarreglur – eins og þingræðisregluna – en aðrar koma til fyllingar settum ákvæðum og breyta jafnvel bókstaf þeirra, sbr. t.d. sum ákvæði um hlutverk forseta í II. kafla stjórnarskrárinnar, eins og 15. gr. og V. kafla um dómsvaldið þar sem hvergi segir að dómstólar skeri úr því hvort lög samrýmist stjórnarskránni, en þeir gera samt og hafa lengi gert. Áherzla á að breyta þurfi orðalagi stjórnarskrárinnar til þess að binda tímabundna setningu í embætti við ríkisborgararétt ber vitni um bókstafstrú sem er ekki í samræmi við íslenzkar stjórnskipunarhefðir.

Um langvarandi túlkun á 2. mgr. 20. gr. stjórnarskrárinnar liggur ekkert fyrir, enda ólíklegt að fleiri hafi verið settir í embætti eftir 1996 en einn prestur. Ef fordæmi eru ekki fleiri verður ekki með réttu talað um langvarandi túlkun.

Vissulega hafa lög áhrif á túlkun stjórnarskrárinnar og er skemmst að minnast löggjafar sem setur eignarréttindum og atvinnufrelsi takmörk, sbr. 72. og 75. gr. Þegar dregið er úr þeim mun sem er á setningu og skipan í embætti, sem gert var 1996, hlýtur það að hafa áhrif á túlkun 2. mgr. 20. gr. Ef fast er haldið við bókstafinn verður smám saman rýmkað fyrir erlendum mönnum í embætti á Íslandi og þá verða menn að gera sér grein fyrir því hvað menn vilja. Af umræðu síðustu vikur verður ekki annað ályktað en margir séu fúsir til að gangast undir erlenda höfðingja.

Loks segir í grein Ásmundar að stjórnarskráin gefi ekkert tilefni til að greina milli einstakra embætta, þannig að hæfisskilyrði 2. mgr. 20. gr. útiloki að útlendingar séu settir í sum embætti en ekki önnur. Þessu hefur ekki verið haldið fram, heldur hinu að með bókstafstúlkun sé útlendum mönnum opnuð leið til að sitja í embætti æðstu stjórnenda landsins – eins og embætti seðlabankastjóra – og starfa við löggæzlu og öryggisgæzlu í allt að tvö ár. Hvert verður svo næsta skref? Að horfið verði frá bókstafnum og þeim rökum beitt að enginn munur sé á setningu og skipun og erlendir ríkisborgarar verði skipaðir í embætti?

Loks fylgir sú fullyrðing að stjórnarskránni sé engin virðing sýnd með því að leggja sig í líma við að lesa út úr henni reglur sem þar sé ekki að finna. Þetta hafa þó fræðimenn okkur fremri lengi gert.

P.s. Grein mín birtist í Fréttablaðinu 11. marz og grein Ásmundar 18. marz.



**MYNDASÝNING** frá ævintýralegri ferð Sæmundar Þórs Sigurðssonar, göngufararstjóra ÍT ferða, á Aconcagua í Argentínu verður haldin í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal á laugardaginn klukkan 11.00.



FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447












Dóra segir gaman að sjá veröldina úr lofti en einstakt að sjá haf og lönd af skipsfjöl. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Naut lífsins í Norrænu

**Sjóleiðin frá Íslandi til Skandínavíu er að sögn Dóru Magnúsdóttur óviðjafnanleg. Hún er vissulega tímafrekari en flug en hefur marga kosti og gerir ferðalagið á áfangastað mun innihaldsríkara.**

Dóra Magnúsdóttir, markaðsstjóri ferðamála hjá Höfuðborgarstofu, fór í ævintýralega siglingu með Norrænu í fyrrasumar ásamt eiginmanni og fjórum börnum. Fjölskyldan lagði í hann frá Seyðisfirði, sigldi til Færeyja og þaðan til Noregs. Í Noregi fór hún í land, keyrði yfir til Svíþjóðar og Danmerkur þaðan sem hún sigldi aftur heim.

„Þótt flug sé góðra gjalda vert þá er hægt að ferðast frá eyjunni okkar með öðrum hætti. Sjóleiðin er vanmetin og er það eflaust vegna þess að það er tímafrekt að fara hana. Hún hefur þó ýmsa kosti enda vilja margir meina að það sé ekki áfangastaðurinn sem skiptir máli heldur ferðalagið sjálft,“ segir Dóra.

Eina skipið sem nú tengir íslenskan almenning við umheiminn er Norræna sem er gerð út frá Færeyjum. Dóra gerði sér ekki sérstaklega háar hugmyndir um skipið í fyrstu þrátt fyrir að hafa skoðað af því myndir og heyrt sögur af því hversu vel útbúið það væri. Hún varð þó ekki fyrir vonbrigðum.

„Hugmyndir mínar lituðust óneitanlega svolítið af Smyrli gamla sem ég ferðaðist með ung að árum á ódýrasta farrými. Nú var hins vegar stigið um borð í nýtt og glæsilegt skip og gengið til notalegrar káetu öfugt við ferðalagið með Smyrli þegar ég hírðist í svefnpoka mínum á neðstu hæð skipsins ásamt fleiri blönkum ferðalöngum.

Dóra segir sérstaka stemningu hafa myndast um borð. „Nýtt afmarkað samfélag farþega og áhafnar verður til um leið og skipið lætur úr höfn. Um borð eru fríhöfn, veitingastaðir, líkamsræktaraðstaða og sundlaug, en hún vakti mikla lukku yngri kynslóðarinnar enda reyndist klikkað fjör að taka sprett í góðum veltingi. Á kvöldin er svo boðið upp á lifandi tónlist, skemmtiatriði og töfrabrögð með tilheyrandi fjöri.“

Dóra segir gaman að sjá veröldina úr lofti en einstakt að sjá haf og lönd af skipsfjöl. „Að sjá hlíðar Seyðisfjarðar smám saman minnka og hverfa, sigla fram hjá Hjaltlandseyjum í ljósaskiptunum og sjá jafnvel stöku hval á reki er óviðjafnanlegt. Eins að koma auga á Færeyjar við sjóndeildarhringinn, norðurhluta Jótlands, Skotlands eða vesturhluta Noregs birtast og stækka og verða svo að landföstum veruleika.

*vera@frettabladid.is*





**LISTMUNIR** hvers konar geta verið eigulegar gjafir sem fermingarbarnið getur prýtt framtíðarheimili sitt með.

Fermingargjöfin í ár er
Dúnsæng frá Dún og Fiður


DÚN & FIÐUR
Laugavegi 87 • sími: 511-2004



Hildur Eir er núna prestur í Laugarneskirkju.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Fermingarkjóllinn var keyptur í Sautján.



Franskur tískuljósmyndari myndaði Hildi.

# Hlakkaði lengi til dagsins

**Hildur Eir Bolladóttir, prestur í Laugarneskirkju, upplifði fermingardaginn sinn sterkt en hún var lengi búin að hlakka til hans. Pabbi hennar, Bolli Gústavsson þáverandi vígslubiskup á Hólum, fermdi hana.**

„Ég fermdist á Hólum í Hjaltadal á mjög fallegum og sólríkum degi á hvítasunnunni, 7. júní 1992. Pabbi minn, Bolli Gústavsson, sem var vígslubiskup þar, fermdi mig,“ segir Hildur Eir Bolladóttir, prestur í Laugarneskirkju, sem á margar góðar minningar frá fermingardeginum.

„Ég var búin að hlakka til þessa dags frá því að ég var átta ára. Ég hafði fylgt pabba eftir í fermingarfræðslu í mörg ár og þegar hann var að ferma upplifði ég alveg tilhlökkunina í gegnum krakkana. Ég var meira að segja búin að ákveða þegar ég var tíu ára að ég ætlaði að fá Íslendingasögurnar og Sturlungasögu í fermingargjöf,“ segir Hildur og bætir við að hún hafi þótt frekar furðulegur krakki og unglingur. „Á meðan vinir mínir tóku upp græjurnar sínar var ég himinlifandi yfir Íslendingasögunum mínum sem mamma og pabbi gáfu mér og ég á enn uppi í hillu.“

Hildur segist hafa upplifað fermingardaginn mjög sterkt. „Ég get enn þá séð hann fyrir mér. Merkilegast var að mér fannst mér sýnd svo mikil virðing að allt þetta fullorðna fólk skyldi leggja það á sig að ferðast þvert yfir landið til þess að upplifa þennan dag með mér sem var bara fjórtán ára. Sú tilfinning lifir enn þá með mér, ég var svo þakklát. Það er líka sterkt í minningunni að pabbi var mjög klökkur þegar kom að mér í fermingunni og þurfti aðeins að stoppa. Ég var ekkert að velta þessu fyrir mér þá en núna finnst mér þetta ekkert skrýtið því að hann var þarna að ferma sjötta og yngsta barnið sitt kominn á sextugsaldur og ég hugsa að hann hafi bara verið svo þakklátur að fá að lifa það að ferma öll börnin sín.“

Hildur segist hafa verið sérstaklega ánægð með fermingarkjólinn sinn. „Ég gerði mér sér ferð suður til Reykjavíkur að kaupa fermingarföt. Við foreldrar mínir fórum í Sautján og pabbi valdi dýrasta kjólinn í búðinni á mig sem var sá flottasti og mig langaði mest í. Honum fannst hann líka fallegastur og ég man að hann kostaði fimmtán þúsund krónur sem þótti nú bara talsvert mikið þá.“

Ólíkt mörgum var Hildur líka ánægð með fermingarmyndirnar. „Það var fenginn ljósmyndari, sem starfaði sem tískuljósmyndari úti Frakklandi, til þess að koma sérstaklega og taka þessar myndir. Ég hef aldrei verið þekkt fyrir að myndast neitt sérstaklega vel og það er bara hending ef það næst af mér góð mynd og ég var svo ánægð með þessar fermingarmyndir mínar að ég fór hvorki í myndatöku þegar ég varð stúdent né þegar ég gifti mig. Þess vegna er ég líka rosalega glöð að þær skuli núna koma fyrir almenningssjónir,“ segir Hildur og hlær.

*emilia@frettabladid.is*


Dúnsængurnar frá Lín Design
100% andadúnn.
Dúnmjúk gæðasæng.
Ekkert fiður né önnur fyllingarefni.
**Fermingartilboð kr 24.990,-**
Lín DESIGN
Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið | Sími 533 2220 | www.lindesign.is

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið


Börnum og unglingum stafar meiri hætta af skaðlegum geislum sólar og ljósabekkja en fullorðnum.

# Hættan er ljós

**Átakið Hættan er ljós stendur nú yfir, sjötta árið í röð, á vegum Félags íslenskra húðlækna, Geislavarna ríkisins, Krabbameinsfélags Íslands, Landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar.**



Með átakinu Hættan er ljós vilja félögin benda foreldrum fermingarbarna á hættuna sem fylgir því að ungt fólk noti ljósabekki. Bent er á að unglingar og börn eru næmari en fullorðnir fyrir skaðlegum áhrifum frá geislum sólar og ljósabekkja.

Eins og kemur fram á vef Lýðheilsustöðvar hefur tíðni alvarlegra húðkrabbameina eins og sortuæxla aukist á síðustu árum, sérstaklega hjá ungum konum á aldrinum 15 til 34 ára. Að meðaltali greinast um 50 manns árlega með sortuæxli í húð, um 55 með önnur húðæxli og um 225 manns með grunnfrumuæxli í húð samkvæmt tölum frá krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands.

Nánari upplýsingar er að finna á www.lydheilsustod.is. *- rat*

# Skartið föndrað

**Tilvonandi fermingarstúlkur sem vilja stytta sér stundir fram að stóra deginum geta dundað sér við að föndra eigið fermingarskart og skraut.**

Þær stúlkur sem vilja tryggja að þær skeri sig úr á fermingardaginn geta tekið sig til og búið til eigið hárskraut. Það styttir þeim auk þess stundirnar fram að stóra deginum

Í Föndurstofunni við Síðumúla fást til dæmis hárspennur, kambar, nælur, spangir, fjaðrir, blóm, perlur og ýmis annar efniviður í skapandi hárskrautsgerð. Í versluninni er auk þess úrval af vörum til skartgripagerðar. Þar fæst efni í hálsmen, armbönd og eyrnalokka sem gaman er að hafa í stíl við hárskrautið eða fötin. Sjá nánar á fondurstofan.is *- ve*


Spöng í líkingu við þessa er hæglega hægt að gera sjálfur. Í Föndurstofunni fæst ýmis efniviður til hárskrauts- og skartgripagerðar.


TIL FERMINGAGJAFA

FERÐATÖSKUR
ÍÞRÓTTATÖSKUR
BEAUTYBOX
BAKPOKAR
SEÐLAVESKI
TÖLVUTÖSKUR



Töskur og hanskabúðin
Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is

Ókeypis nafngylling fylgir...
Atson



Atson seðlaveski, vinsæl til fermingagjafa.
Leðuriðjan ehf. Atson - Brautarholti 4, 105 Reykjavík
Sími 561-0060 - www.atson.is

Fermingagjafir



LAURA ASHLEY
Faxafeni 14 108 Reykjavík S:5516646
Opið virkadaga 10-18 og laugardaga 11-14

Hringdu í síma
512 50 60



ef blaðið berst ekki



**KÍKIR** er nokkuð sem sniðugt er að taka með í hvers konar gönguferðir. Ekki er verra að hann sé lítill og nettur og komist í vasann.


Glæsilegt Konukvöld
LÉTT BYLGJUNNAR
Í SMÁRALIND Í KVÖLD

SKEMMTUN
Í VETRARGARÐINUM

- Á móti sól
- Eyjólfur Kristjánsson
- Arnar Jónsson söngvari
- Fúlar á móti
- Afrekskona Létt Bylgjunnar kynnt og heiðruð
- Hera Björk er gestgjafi kvöldsins og tekur lagið

- Fordrykkur í boði K. Karlssonar
- Glæsilegt happdrætti – meðal vinninga er helgarferð til Akureyrar með Flugfélagi Íslands, árskort í Hreyfingu og gjafabréf að upphæð 20.000 kr. í Smáralind.

Skemmtileg og lifandi stemmning á göngum Smáralindar og verslanir opnar. Glæsileg tískusýning og skemmtilegar uppákomur.

Smáralind
www.lettbylgjan.is
LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!




Eitthvað merkilegt hefur borið fyrir sjónir þessara fuglaáhugamanna í Eyfreyjunesi. MYND/ÚR EINKASAFNI



Flórgoðar við hreiðurgerð á Fýluvogi.



Andrés með fuglahús.

# Fuglaparadís á Djúpavogi

**Verkefnið birds.is á Djúpavogi hlaut nýverið viðurkenninguna Frumkvöðulinn sem Markaðsstofa Austurlands veitir árlega. Síðustu ár hefur verið byggð upp góð aðstaða til fuglaskoðunar í nálægð við bæinn.**

„Svæðið hér í kringum Djúpavog er eins og skapað til fuglaskoðunar," segir Andrés Skúlason, einn forsvarsmanna verkefnisins birds.is, sem nýverið hlaut viðurkenninguna Frumkvöðullinn.

Birds.is var stofnað árið 2003 í kjölfar greiningar á sérkennum svæðisins í kringum Djúpavog sem var gerð með tilliti til þess að efla ferðaþjónustu. „Útflutningsráð kom fljótlega að verkefninu og var þá farið í markvissa markaðssetningu," útskýrir Andrés sem er oddviti sveitarfélagsins.

Byggð hefur verið upp góð aðstaða með upplýsingaskiltum auk sérútbúinna fuglaskoðunarhúsa sem auðvelda fólki að komast nær fuglunum. Þá hefur verið sett upp vefsíðan www.birds.is.

„Þetta hefur gengið mjög vel og hefur fjöldi ferðamanna bæði frá Evrópu og Bandaríkjunum lagt leið sína hingað," segir Andrés og bætir við að Íslendingar séu einnig duglegir að nota aðstöðuna enda njóti fuglaskoðun vaxandi vinsælda hér á landi.

„Það er auðvitað erfitt að segja hve margir koma hingað gagngert til að skoða fugla en mjög margir doka við auk þess sem leiðsögumenn eru farnir að koma hingað með hópa," segir Andrés og ítrekar að verkefnið sé nú þegar farið að skila heilmiklu inn í bæjarfélagið þrátt fyrir að afnot af allri aðstöðu sé gjaldfrjáls og öllum heimil.

„Þetta er góð viðbót við þá afþreyingu sem þegar er í boði. Svo horfum við líka til þess að hægt verði að lengja ferðamannatímabilið," segir Andrés en besti tíminn til fuglaskoðunar að hans mati er í apríl og maí.

Aðstandendur birds.is fara sér í engu óðslega. „Við vildum fyrst byggja upp aðstöðuna, setja upp skilti og hús. Núna erum við að vinna í því að koma upp leiðsögumannateymi til að geta selt í skipulagðar ferðir enda er það framtíðin í þessu," upplýsir Andrés en á döfinni er að fá skóla til samstarfs enda hentar svæðið vel til fræðslu í nánum tengslum við náttúruna.

Náttúran er aðalsmerki Djúpavogs og því er ætlunin að ganga enn lengra í markaðssetningu hennar. „Við ætlum að merkja fjörurnar með skiltum en fuglaskoðunarsvæðið er rétt við fjöruborðið. Við viljum þannig tengja allt saman svo fólk upplifi sterkt náttúruna og fjölbreytileika hennar," segir Andrés sem er ánægður með stöðuga fjölgun ferðamanna til Djúpavogs. *solveig@frettabladid.is*





Örfá herbergi í boði – fyrstur kemur fyrstur fær!

Heimsferðir bjóða frábært sértilboð á allra síðustu sætunum í helgarferð til Búdapest 23. apríl. Búdapest er ein fegursta borg Evrópu og á vorin skartar hún sínu fegursta og þá er einstakur tími til að heimsækja borgina. Búdapest býður einstakt mannlíf, menningu og skemmtun að ógleymdri getrisni Ungverja auk frábærra veitinga- og skemmtistaða. Bjóðum örfá herbergi á völdum gististöðum á frábærum sértilboðum. Fararstjórar Heimsferða gjörþekkja borgina og kynna þér sögu hennar og heillandi menningu.

Verð kr. 49.990 – helgarferð
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi í 3 nætur á Hotel Platanus *** með morgunmat.

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Aukagjald fyrir einbýli kr. 10.000. Sértilboð 23. apríl.
Gisting á Hotel Tulip Inn *** kr. 4.000 aukalega. Aukagjald fyrir einbýli kr. 10.000. Sértilboð 23. apríl.
Gisting á Hotel Promenade ***+ kr. 10.000 aukalega. Aukagjald fyrir einbýli kr. 13.000. Sértilboð 23. apríl.
Gisting á Hotel Novotel Centrum **** kr. 14.000 aukalega. Aukagjald fyrir einbýli kr. 13.000. Sértilboð 23. apríl.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

# formúla 1

MIÐVIKUDAGUR 25. MARS 2009

## Nýjar reglur - nýir bílar

**Formúlan hefst á Stöð 2 Sport á fimmtudaginn.** SÍÐA 2






NORDICPHOTOS/GETTY

VIÐ FÆRUM ÞÉR FORMÚLU 1
Formula 1
DHL
LÝSING
N1
SPORT
besta sætið

# Nýtt lið hræðir toppliðin

Það var óneitanlega fróðlegt að fylgjast með undrunarsvip manna á sameiginlegri æfingu allra keppnisliða í Barcelona á Spáni. Nýliðar Ross Brawn höfðu stolið senunni með því að ná besta tíma tvo síðustu æfingadagana.

Brawn-liðið er nýtt vín á gömlum belgjum, nefnilega Honda liðið sem átti að leggja niður. Brawn, sem er fyrrverandi tæknistjóri Ferrari, gerði Michael Schumacher að margföldum meistara. Hann hugsaði sér gott til glóðarinnar þegar hann gekk til liðs við Honda. En Honda skrúfaði fyrir fjármagnsstreymi til liðsins og endirinn varð sá að Brawn keypti liðið með manni og mús.

Liðið mætti seinast allra á æfingar og hönnun nýja bílsins virðist hafa heppnast það vel að öðrum liðum stendur ógn af Brawn GP, eins og liðið kallast. Fréttamenn eltu Brawn á röndum meðan stjórar annarra liða klóruðu sér í kollinum.

Brawn hafði náð allt að sekúndu betri tíma æfingum. Sekúnda er mikið í Formúlu 1. Í tímatökum í fyrra voru allt að 15 bílar á sömu sekúndu í tímatökum og á æfingum fyrir mót. Æfingar á milli móta eru bannaðar á þessu ári og föstudagsæfingar á mótsstað því mjög mikilvægar. Fróðlegt verður að sjá hvort Brawn tekst eins vel til á fyrstu æfingu í Ástralíu og í Barcelona. McLaren gekk ekki vel á æfingunum, en það er alkunna að stundum leika lið sér að því fyrir tímabil að blekkja andstæðinginn með því að aka hægar en vant er. Engu að síður virðist McLaren hafa verið í vanda, ekki síst í Barcelona.

Ferrari slapp heldur ekki við ólán. KERS-kerfið bilaði í bíl Kimi Raikkönen, en Ferrari ætlar samt að nota kerfið í fyrsta móti ásamt BMW, McLaren og Renault. Önnur lið virðast ætla að bíða í nokkur mót. Brawn verður ekki með KERS-kerfið og treystir á afl Mercedes-vélanna, sem liðið notar. Yrði kostulegt ef Brawn tekst að skáka meistaraliði McLaren Mercedes, sem leggur Brawn til vélar í ár.

„Mér finnst ekkert óraunhæft að stefna á fyrsta sætið í Ástralíu. Brawn-bíllinn hefur reynst traustur og fljótur og við höfum ekki lent í bilunum,“ sagði Barrichello, en bíllinn sló eins og svissneskt klukkuverk á mikilvægustu æfingunum í Barcelona.“



Ross Brawn svarar spurningum ágengra fjölmiðlamanna eftir æfingu Brawn GP liðsins í Barcelona á Spáni. MYND/KAPPAKSTUR.IS

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf. | **Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Gunnlaugur Rögnvaldsson | **Netfang:** kappakstur@kappakstur.is | **Texti:** Birgir Þór Harðarson, Halldóra Gyða Matthíasdóttir og Sean Kelly. | **Forsíða:** Nordicphotos/Getty Images | **Auglýsingar:** Fréttablaðið/Bjarni Þór Sigurðsson | **Sími:** 512 5471.






Renault Alonso er gjörbreyttur frá síðasta ári og smíðaður samkvæmt nýjustu reglum. NORDICPHOTOS/GETTY

**FORMÚLA 1 2009:**

# Nýjar reglur og nýir bílar

**Formúla 1 hefur verið fjörug síðustu ár og úrslitin hafa ráðist í síðasta móti undanfarin ár.**



Fernando Alonso, Felipe Massa og Kimi Raikkönen verða í eldlínunni í Ástralíu um næstu helgi. NORDICPHOTOS/GETTY

Svo hörð var keppnin í fyrra að úrslitin réðust í síðustu beygju í síðasta móti ársins í Brasilíu. Bretinn Lewis Hamilton tryggði sér titilinn með því að ná fimmta sæti, en helsti keppinautur hans, heimamaðurinn Felipe Massa á Ferrari vann keppnina á Interlagos-brautinni.

Það dugði ekki til og Hamilton varð meistari með eins stigs mun. Árið áður vann Kimi Raikkönen með eins stigs mun eftir mikla keppni við Hamilton og Fernando Alonso.

### ÍSLENSKUR DÓMARI Á FYRSTA MÓTINU

Formúla 1 hefur verið mjög vinsæl á Íslandi og í fyrsta móti ársins í Ástralíu um næstu helgi verður nokkuð um íslenska áhorfendur á staðnum. Þá verður Ólafur Guðmundsson einn þriggja dómara, sem er vissulega mikill heiður þar sem keppt verður eftir nýjum reglum um búnað bílanna og eftir nýjum keppnisreglum. Mun trúlega mæða mikið á Ólafi, en jafnvel er talið að kærumál komi upp vegna þriggja bíla sem sum keppnislið telja ólögleg.

Toyota, Williams og nýtt lið Brawn fóru aðrar leiðir í hönnun afturhluta bíla sinn en önnur lið og hafa staðið sig vel á æfingum. Hafa verið raddir um það að önnur keppnislið kunni að kæra búnað liðanna fyrir eða eftir mót, en FIA, alþjóðabílasambandið, telur þó alla bíla sem fram hafa komið löglega. FIA segir að önnur keppnislið verði að kæra liðin þrjú eigi að skoða málið alvarlega.

### RUGL MEÐ VERÐLAUNAKERFIÐ

Það hafa staðið deilur um það síðustu vikuna hvort nota ætti stigakerfi síðustu ára, eða breyta yfir í kerfi sem þýðir að sá sem vinnur flest gull verði meistari. FIA samþykkti þá hugmynd Bernie Ecclestone að sá sem sigrar oftast verði meistari, en keppnisliðin brugðust ókvæða við.

Forráðamenn þeirra vildu breyta stigakerfinu þannig að sigurvegari fengi þremur stigum meira en sá sem lendir í öðru sæti, þannig að vægi sigurs yrði meira. FIA vildi ekki heyra á það minnst. Á þriðjudag gaf FIA út formlega yfirlýsingu sem staðfestir að stigakerfið sem hefur verið í notkun síðustu ár mun gilda áfram og óbreytt.

Enda ekki seinna vænna. Málið er enn eitt dæmið um hringlandahátt í Formúlu 1, en keppnislið hafa samt unnið hörðum höndum að því að vinna saman að því að efla Formúlu 1. Verður öll umgjörð Formúlu 1 opnuð meira fyrir almenning og upplýsingaflæði í sjónvarpsútsendingum bætt til muna. Þá verður áhorfendum á mótsstað veitt meira aðgengi að ökumönnum en áður hefur þekkst.

Það skortir aldrei umræðuefni þegar Formúla 1 er annars vegar og Stöð 2 Sport mun sýna öll mót beint. Þá verður fjöldi þátta í kringum útsendingarnar, sem hleypa áhorfendum að tjaldabaki á nýjan hátt. *- gr*

# Rifrildi um stigagjöfina

Stefano Domenicali, framkvæmdarstjóri Ferrari, segir deilurnar um stigagjöfina í Formúlu 1 hina vandræðalegustu fyrir íþróttina.

FIA, alþjóðabílasambandið, gaf út nýja reglu í síðustu viku sem forráðamenn keppnisliða voru ekki sáttir við. Reglan féll um sjálft sig á nokkrum dögum.

FIA vildi fella út stigagjöfina sem hefur verið notuð síðustu ár og auka vægi sigurs. Sá sem ynni flest gull yrði meistari.

„Þetta er vandræðalegt mál. Við vildum aukið stigavægi milli fyrsta og annars sætis, en FIA tilkynnti gullreglurnar. Eftir stendur að ekkert hefur breyst,“ sagði Domenicali.

„Þá eru menn að rífast um loftdreifinn aftan á nokkrum bílum. Ég er sannfærður um að sum lið hafa ekki túlkað reglur um smíði bíla rétt. FIA þarf að leysa þetta mál áður en keppni hefst. Það þurfa allir að taka ábyrgð og ég vona þetta mál verði leyst fyrir mótið í Ástralíu,“ sagði Domenicali.



Stefano Domenicali, framkvæmdastjóri Ferrari-liðsins. NORDICPHOTOS/GETTY




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000




# Hátt í 200 útsendingar

**Hátt í 200 Formúlu 1 útsendingar verða á Stöð 2 Sport um Formúlu 1 á tímabilinu, en sautján mót eru á dagskrá í ár. Útsendingar hefjast í Rásmarkinu, sem er þáttur á mannlegu nótunum á fimmtudagskvöldum. Í honum er rætt við áhugamenn, ökumenn, tæknimenn og forráðamenn keppnisliða.**



Stöð 2 Sport hefur lagt mikið upp úr því að fjalla vandlega um Formúlu 1. Sýnt verður frá öllum mótunum í sumar. MYND/JÓHANN BJ. KJARTANSSON

Skyggnst er á bak við tjöldin og rýnt í nýjungar, reglur ræddar og landið og brautin sem keppt er í skoðuð frá ólíkum sjónarhornum. Þá munu íslenskir áhugamenn spreyta sig í ökuhermum í hverjum þætti og verður stílað inn á að fá fræga einstaklinga til leiks.

### BEINAR ÚTSENDINGAR OG ÞÆTTIR

Á föstudögum verður íslensk samantekt með því besta frá æfingum föstudags og þá skyggnst í bílskúra keppnisliða og fylgst með því sem fyrir augu ber á fyrstu tveimur æfingum helgarinnar. Á laugardögum er sýnt beint frá lokaæfingu keppnisliða þar sem bílarnir eru fínstilltir og prófaðir fyrir tímatökuna. Þá er líka sýnt beint frá tímatökunni með tilheyrandi upphitun.

Á sunnudögum er sýnt beint frá kappakstrinum og hitað upp í hálftíma. Í upphitun er rætt við Íslendinga á mótstað og farið yfir ýmiss konar tölfræði og upplýsingar í máli og myndum. Eftir kappaksturinn er mótið krufið til mergjar af sérfræðingum Stöðvar 2 Sport og er sá þáttur í beinni útsendingu. Farið er yfir helstu atvik og mótið skoðað með hliðsjón af tölfræði og nýjum upplýsingum sem berast eftir keppni. Umsjónarmenn þáttarins eru Gunnlaugur Rögnvaldsson, Rúnar Jónsson og Halldóra Matthíasdóttir.

### MARGMIÐLUN UPPLÝSINGA

Tímatakan og kappakstur er í beinni útsendingu í opinni dagskrá og endursýningar frá þeim viðburðum eru í opinni dagskrá. Allir þættir, Rásmarkið, samantekt frá æfingum, lokaæfing og Endamarkið, eru í læstri dagskrá.

Auk beinna útsendinga á Stöð 2 Sport er fjallað um Formúlu 1 á reglubundinn hátt í þætti Rúnars Róbertssonar á Bylgjunni klukkan 13.30 á fimmtudögum og mánudögum þegar mót fara fram. Heimir Karlsson og Kolbrún Björnsdóttir taka slaginn á föstudagsmorgnum klukkan 07.20.

Reglulegar fréttir eru á www.visir.is um Formúlu 1 og ítarlegar upplýsingar um mót, brautir og ökumenn og fréttir eru á www.kappakstur.is. Þá hefur síðan Formula 1 Ísland verið stofnuð á Facebook.




## FORMÚLU 1 TÍMABILIÐ 2009



Íslendingar munu koma við sögu á fyrsta Formúlu 1-móti ársins í Melbourne í Ástralíu. Andreas Lúðvíksson (lengst til hægri) flaggaði Fylkisliðinu með félögum sínum í sömu keppni í fyrra og mætir galvaskur í slaginn að nýju. Hann er búsettur í Ástralíu.

| Dagsetning | Land | Braut | Brautarlengd |
|---|---|---|---|
| 26.-29. mars | Ástralía | Melbourne | 5.303 km |
| 2.-5. apríl | Malasía | Sepang | 5.543 km |
| 17.-19. apríl | Kína | Sjanghaí | 5.451 km |
| 24.-26. apríl | Barein | Barein | 5.412 km |
| 8.-11. maí | Spánn | Catalunya | 4.655 km |
| 22.-24. maí | Mónakó | Monte-Carlo | 3.340 km |
| 5.-7. júní | Tyrkland | Istanbúl | 5.338 km |
| 19.-21. júní | Bretland | Silverstone | 5.141 km |
| 9.-12. júní | Þýskaland | Nürburgring | 5.148 km |
| 24.-26. júní | Ungverjaland | Hungaroring | 4.381 km |
| 20.-23. ágúst | Evrópa | Valencia | 5.419 km |
| 27.-30. ágúst | Belgía | Spa-Francorchamps | 7.004 km |
| 10.-13. september | Ítalía | Monza | 5.793 km |
| 24.-27. september | Singapúr | Marina höfn | 5.067 km |
| 2.-4. október | Japan | Suzuka | 5.807 km |
| 16.-18. október | Brasilía | Interlagos | 4.309 km |
| 30. okt.-1. nóv. | Abú Dabí* | Yas Marina | 5.554 km |

*Nýr mótstaður



## ÚTSENDINGAR Á STÖÐ 2 SPORT

**Melbourne í Ástralíu 27.-30. mars**

**Fimmtudagur klukkan 20**
Rásmarkið, Formúla 1 að tjaldabaki.
**Föstudagur klukkan 20.45**
Samantekt frá æfingum.
**Laugardagur klukkan 02.55**
Bein útsending frá lokaæfingunni.
**Laugardagur klukkan 05.45**
Bein útsending frá tímatökunni.
**Sunnudagur klukkan 05.30**
Bein útsending frá kappakstrinum.
**Sunnudagur klukkan 08**
Endamarkið í beinni, mótið krufið til mergjar.

**Sepang í Malasíu 4.-6. apríl**

**Fimmtudagur klukkan 20**
Rásmarkið, Formúla 1 að tjaldabaki.
**Föstudagur klukkan 20.45**
Samantekt frá föstudagsæfingum.
**Laugardagur klukkan 05.55**
Bein útsending frá lokaæfingunni.
**Laugardagur klukkan 08.45**
Bein útsending frá tímatökunni.
**Sunnudagur klukkan 08.30**
Bein útsending frá kappakstrinum.
**Sunnudagur klukkan 11.00**
Endamarkið í beinni, mótið krufið til mergjar.

*Mótaskrá og allar tímasetningar útsendinga 2009 eru á www.kappakstur.is og mánaðarleg dagskrá Stöð 2 Sport á www.stod2sport.is.*



**Lotus-bíll ársins 1984, knúinn Renault vél. Þessum ók Nigel Mansell nánast til sigurs í Mónakó.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Fyrstu auglýsingarnar í F1

Fyrstu beinu auglýsingarnar í Formúlunni, sem ekki voru merki birgja, litu dagsins ljós árið 1968 þegar Lotus-bifreiðarnar skörtuðu tóbaksauglýsingum Gold Leaf. Lotus-liðið var eitt sigursælasta liðið í sögu Formúlunnar og óku margir frægir ökumenn fyrir liðið. Þeirra á meðal Graham Hill, Jim Clark, Ayrton Senna og Mika Häkkinen svo fáeinir séu nefndir. Auglýsingatekjurnar settu tækniframfarirnar í aðra vídd og fljótlega fóru flóknari yfirbyggingar og kröftugri vélar að setja svip sinn á keppnina. *- bþh*






# Breytingar á útbúnaði bílanna

**Fjölmargar breytingar hafa verið gerðar á útbúnaði keppnisbíla frá því í fyrra. Það er gert til að minnka þróunarvinnu og rekstrarkostnað. Einnig til að auka jafnræði á milli liða.**

### ENDURNÝTING Á HREYFIORKU

Ökumenn eiga möguleika á að nýta sér sérstakt orkumögnunarkerfi sem er kallað KERS. Kerfið endurnýtir hreyfiorku sem myndast þegar ökumaður bremsar en hún færi annars forgörðum. Orkan er varðveitt með sérstökum búnaði og getur ökumaðurinn notfært sér orkuna með því að þrýsta á hnapp í stýrinu. Við það fær hann um 80 hestöfl aukalega, í að jafnaði tæpar 6,5 sekúndur á hring, í viðbót við rúmlega 700 hestöfl sem eru í vélarsalnum.

### VÉLARNAR

Snúningshraði véla hefur verið minnkaður úr 19.000 í 18.000 snúninga á mínútu. Hver ökumaður fær átta vélar yfir tímabilið og fjórar til æfinga. Ef ökumaður hefur notað allar átta vélarnar og notar þá níundu, þá er hann færður aftur um tíu sæti á ráslínu eða er ræstur aftastur ef vélaskiptin fara fram eftir tímatökuna í viðkomandi keppni.








Ljóst er að 2009-bíllinn sem er vinstra megin á myndinni er mun einfaldari en 2008-bíllinn. Allar óþarfa vindskeiðar hafa verið fjarlægðar og nýi bíllinn er í raun talsvert klunnalegri útlits.

**YFIRLIT YFIR BREYTINGAR**

- Yfirbygging er gjörbreytt. Framvængir eru breiðari og afturvængur mjórri.
- Bíll og ökumaður verða að vera 605 kíló að lágmarki.
- Sama vél og 2008 og þær eru 2,4 lítra.
- Hver ökumaður fær átta vélar á keppnistímabilinu.
- Ökumenn verða að nota sama gírkassa í fjórum mótum í röð.
- Bílar verða búnir sléttum kappakstursdekkjum, án raufa.
- Ökumenn geta breytt afstöðu vængja á ferð í tvígang í hverjum hring um sex gráður.

### YFIRBYGGINGIN

Yfirbygging bílanna er gjörbreytt. Loftaflið hefur verið takmarkað til muna og líta bílarnir allt öðruvísi út en í fyrra. Engir vængir, blöðkur eða hliðarplötur eru til staðar. Afturvængurinn hefur verið hækkaður en gerður mjórri og framvængirnir stækkaðir. Þetta er gert til að gera framúrakstur auðveldari með því að gera bílinn stöðugri við eftirför annars bíls.

### DEKKIN

Ökumenn velja um tvær útgáfur þurrdekkja, það er hörð og mjúk og þurfa að notast við báðar útgáfur í hverri keppni. Verður notast við slétt dekk, án raufa í fyrsta sinn síðan 1997. Græn rönd mun einkenna mjúku dekkin frá þeim hörðu. Regndekkin eru í tveimur útfærslum. Bridgestone sér öllum liðum fyrir dekkjum og mætir með tvö þúsund og tvö hundruð dekk á hvert mót. *- bph, rg*

MHG VERSLUN

Husqvarna Construction Products

STEINSAGIR, KJARNABORVÉLAR, GOLF OG VEGSAGIR

Husqvarna
Great experience






Akralind 4 • 201 Kópavogur • Sími 544 4656 • Fax 544 4657 • www.mhg.is



Ökumenn Red Bull ásamt yfirmönnum.

## Nýjasta tækni

Formúlu 1-bíll er flókin smíði og skartar hvert eintak nýstárlegum búnaði í hvert sinn. Einn sá færasti þykir Adrian Newey sem vann fyrir Williams-liðið á tíunda áratugnum. Þá kynnti hann til sögunnar ýmsan tæknibúnað til að auka möguleika liðsins í slagnum um titilinn, sem það hlaut síðan árin 1992 og 1993. Meðal þess var gripstýringin, en sú tækni takmarkar aflið sem fer út í hjólin þegar gefið er í svo ekki sé spólað. Sá búnaður er bannaður nú á árinu 2009. Adrian Newey vann fyrir McLaren fram á nýja öld en starfar nú hjá Red Bull. *-bþh*



Jackie Stewart gerði margt til að koma öryggissjónarmiðum að í Formúlunni. Hér leiðbeinir hann Niko Rosberg.

## Meira öryggi

Miklar endurbætur hafa verið gerðar á öryggi ökumanna og áhorfenda í Formúlu 1 um árin. Dauðaslys og alvarleg meiðsli voru tíð hér á áður fyrr en sem betur fer er slíkt orðið afar fátítt í kappakstri í dag. Síðasta banaslysið í F1 var dauði Ayrtons Senna á Imola í San Marino-kappakstrinum 1994.

Á hverjum mótsstað er sjúkraskýli, læknar í viðbragðsstöðu og miklar varúðarráðstafanir gerðar til að forða slysum. Einnig eru bílarnir byggðir þannig að mikla krafta þarf til að opna búr ökumannsins við árekstur. Flestir standa því heilir upp úr bílunum eftir hryllilegustu árekstra. *-bþh*



Litir liðanna réðust ekki af helstu styrktaraðilum heldur einkennislit heimalandsins.

## Einkennislitur Ferrari-liðsins

Þegar Formúla 1 mótaröðin var stofnuð árið 1950 hófu nokkur lið frá nokkrum löndum þátttöku í mótinu. Ferrari var meðal þeirra og er því elsta starfandi liðið í mótinu í dag. Það tíðkaðist að einkenna bílana eftir því hvaðan þeir voru. Ítalskir bílar urðu rauðir, breskir grænir og þýskir gráir eða silfraðir. Ferrrari voru því ekki einu rauðu bílarnir á brautinni heldur voru þar einnig bílar frá Alfa Romeo, Lancia og Maserati. Í þessu samhengi má tengja silfrið við Mercedes Benz sem útvega McLaren-vélar í dag og eiga meðal annars hlut í liðinu. *-bþh*

# Red Bull hótar Brawn

Red Bull hefur tilkynnt opinberlega í Melbourne að liðið hyggist kæra bíl Brawn-liðsins ef bíll þess kemst í gegnum skoðun hjá FIA á fimmtudaginn.

„Loftdreifirinn aftan á Brawn-bílnum er ólöglegur að okkar mati. Við munum kæra notkun á honum ef honum verður ekki breytt fyrir skoðun bíla hjá FIA. Brawn græðir hálfa sekúndu á hring með þessari útfærslu," sagði Dietrich Mateschitz, eigandi Red Bull, um málið.

Forráðamenn Brawn telja ekkert ólöglegt við bílinn og segjast hafa túlkað reglurnar á annan hátt en önnur keppnislið.

Loftdreifirinn er einn mikilvægasti þáttur yfirbyggingar bílsins. Hann tekur við loftinu sem fer undir bílinn og losar það undan honum. Um þennan hluta bílsins eru ekki síður stífar reglur enda er loftflæðið undir bílinn jafn mikilvægt, ef ekki mikilvægara en loftið yfir honum.



Brawn-liðið hefur gert góða hluti á æfingum í vetur.

Stórmarkaður með notaða bíla
BÍLAKJARNINN

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN www.nyja.is 567 2277
BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR www.abs.is 551 7171
LITLA bílasalan www.litla.is 587 7777
Bílabankinn www.bilabankinn.is 588 0700

BÍLAKJARINNN STÓRMAKAÐUR
MEÐ NOTAÐA BÍLA
YFIR 600
BÍLAR Á STAÐNUM

BILAKJARNINN.IS
Bílakjarninn • Eirhöfða • 110 Reykjavík

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN www.nyja.is 567 2277
BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR www.abs.is 551 7171
LITLA bílasalan www.litla.is 587 7777
Bílabankinn www.bilabankinn.is 588 0700






Strákarnir þrír: Lewis Hamilton, Anthony faðir hans og yngri bróðir hans, Nicholas. Hamilton hefur hugsað vel um bróður sinn sem hefur verið lamaður að hluta frá fæðingu.

# Hver sigur er eins og

**Bretinn Lewis Hamilton er yngsti meistari sögunnar og ökumaður McLaren Mercedes. Hann hóf ferilinn átta ára gamall.**



Nýja ökutæki Lewis Hamilton hefur valdið nokkrum vonbrigðum á æfingum en engu síður ætlar hann sér í toppslaginn í fyrsta mótinu.

Lewis Carl Davidson Hamilton er fæddur í Hertfordshire á Englandi hinn 7. janúar 1985. Hann er ökumaður McLaren og hefur lýst því yfir að hann vilji vera hjá liðinu allan sinn keppnisferil. Hamilton er yngsti F1-ökumaður sögunnar og varð heimsmeistari aðeins 23 ára gamall. Hann er skírður í höfuðið á spretthlauparanum heimsþekkta, Carl Lewis sem fjölskyldan hafði dálæti á.

Móðir Lewis, Carmen Larbalestie (nú Lockhart), er bresk og af hvítum kynþætti. Faðir hans Anthony Hamilton er blökkumaður en foreldrar Anthony komu frá Grenada til Bretlands í kringum 1950. Carmen og Anthony skildu þegar Lewis var tveggja ára og ólst hann upp hjá móður sinni og tveimur hálfsystrum, Nicolu og Samönthu, til tólf ára aldurs. Þá flutti hann til föður síns og stjúpmóður, Lindu og hálfbróður síns Nicholas.

### BYRJAÐI AÐ KEPPA ÁTTA ÁRA

Akstursíþróttaferill Lewis hófst þegar hann var 8 ára en hann vann sinn fyrsta sigur tíu ára í breska kart-kappakstrinum. Sagan segir að Lewis hafi árið 1995, þá tíu ára, óskað eftir eiginhandaráritun hjá Ron Dennis á Autosport-hátíðinni í Bretlandi og sagt við hann: „Ég mun aka fyrir þig einn daginn.“ Dennis skrifaði í bók sem Lewis hafði meðferðis: „Hringdu í mig eftir níu ár og við munum komast að niðurstöðu þá.“

Það er skemmst frá því að segja að Ron Dennis hringdi í Hamilton þremur árum síðar, árið 1998 þegar McLaren uppgötvaði hæfileika hans. Gerður var samningur við hann í gegnum stuðningsklúbb Mercedes-Benz fyrir unga ökumenn. Samningurinn fól í sér möguleika á að aka fyrir McLaren í F1 í framtíðinni.

Eftir að hafa sigrað í bresku Renault-formúlunni, Formúlu 3-keppninni í Evrópu og orðið heimsmeistari í GP2 árið 2006 fékk Lewis ökumannssæti hjá McLaren í Formúlu 1 árið 2007. Hann er fyrsti blökkumaðurinn sem keppir í Formúlu 1.

Á fyrsta keppnisárinu náði Hamilton öðru sæti í meistaramótinu og varð einungis einu stigi á eftir heimsmeistaranum Kimi Raikkonen. Hamilton varð svo heimsmeistari ári síðar þegar hann vann Felipe Massa með eins stigs mun eftir gríðarlega spennandi keppni í Brasilíu.

### JÁKVÆÐUR, BROSMILDUR OG HLÝR

Lewis Hamilton hefur að mati greinarhöfundar einstaka persónutöfra. Hann er alltaf tilbúinn í sjónvarpsviðtöl þar sem hann gefur mikið af sér, er brosmildur og hlýr. Hann er jákvæður og þakklátur, gleymir aldrei að þakka öllu liðinu sínu bæði á mótsstað og heima fyrir góðan árangur og áhangendum fyrir stuðninginn. Það skilar sér í síauknum vinsældum. Hamilton er einnig auðmjúkur og ávallt tilbúinn til að óska sam-

● **UPPÁHALDS TÓNLISTARFLYTJENDUR:** The Roots, De La Soul, 2Pac, Biggie, Nas, Bob Marley, Sizzla, Sean Paul, Freddie McGregor, UB40, Chaka Demus & Piliers, Beenie Man, Sanchez, Warrior King.

● **ÁHUGAMÁL:** Tónlist, að spila á gítar, bækur, líkamsrækt, leikjatölvur, hjólreiðar, skvass, tennis, kappakstur, kvikmyndaáhorf ,partí með góðum vinum, afslöppun með fjölskyldu og vinum.



NORDICPHOTOS/GETTY

# sá fyrsti

keppnisaðilum til hamingju með árangurinn.

Enginn er fullkominn og Hamilton kann að viðurkenna mistök eins og hann gerði þegar hann ók óvart aftan á Raikkonen á rauðu ljósi á viðgerðarsvæðinu í kanadíska kappakstrinum í Montreal í fyrra og bað hann afsökunar. Einnig viðurkenndi hann ökumannsmistök sem hann gerði á Fuji-brautinni í Japan og bætti við: „Á morgun kemur nýr dagur.“

Hamilton er mikill fjölskyldumaður og Anthony faðir hans fylgir honum eftir um allan heim og er honum greinilega mikil stoð og stytta. Hann tileinkaði fjölskyldunni sigurinn á Silverstone í Bretlandi í fyrra. Hamilton er einnig mjög trúaður eins og kom berlega í ljós þegar hann bað Guð um rigningu á Spa í Belgíu í fyrra og fékk þá ósk uppfyllta. Það skilaði honum fyrsta sætinu sem síðar var reyndar dæmt af honum.


Lewis Hamilton og söngkona Pussycat Dolls, Nicole Schwarzinger, hafa verið óaðskiljanleg frá fyrstu kynnum. Bæði lifa annasömu lífi, hún sem söngkona og hann sem kappakstursökumaður.
NORDICPHOTOS/GETTY

### ENDURTÓK EKKI MISTÖK FRÁ 2007

Hamilton kann að fagna árangri og hver sigur er eins og hans fyrsti. Hann er mikill keppnismaður og markmið hans hefur alltaf verið að aka til sigurs. Hamilton viðurkenndi undir lok keppnistímabilsins í fyrra að það gæti hafa haft áhrif að hann missti af heimsmeistaratitlinum árið 2007.

Hann ætlaði ekki að láta það endurtaka sig. Því var markmiðið í Brasilíu að sækja nógu mörg stig til að verða heimsmeistari en fyrir síðasta mótið hafði hann sjö stiga forskot á Felipe Massa. Hann hafði það sem þurfti, sálfræðilega yfirburði, og náði að landa heimsmeistaratitlinum eins og fyrr greinir með eins stigs mun.

*- hgm*

**HANN ER FYRSTA FLOKKS ÖKUMAÐUR,** mjög sterkur og aðeins 16 ára. Ég er viss um að hann kemst í Formúlu 1-kappakstururinn með þessu framhaldi. Það er einstakt að sjá krakka á hans aldri úti á brautinni. Hann hefur greinilega rétta hugarfarið sem þarf í kappakstur.“

*Michael Schumacher, um Hamilton árið 2001*




McLaren reisir sannkallaða glerhöll á þeim mótssvæðum sem liðið kemur á. Í henni er allt til alls.

# Vistarverur Hamiltons fjarri heimahögum

**Hamilton er á ferðalagi mikinn hluta ársins og því nauðsynlegt að öll aðstaða sé góð í kringum hann og aðra liðsmenn á mótstað.**

Lewis Hamilton býr í Sviss og flutti þangað til að forðast atgang gulu pressunnar í Bretlandi. „Það er nauðsynlegt að hafa góða aðstöðu á mótstað. Þannig hefur maður hámarksorku þegar kemur að kappakstrinum,“ segir Hamilton. Hann er yfirleitt eltur á röndum af fjölmiðlamönnum og því lítill friður til að athafna sig.

„Ég hef engan tíma til að skoða þau lönd sem ég keppi í, því miður. Hver mínúta er skipulögð, frá því að ég lendi á flugvellinum. Ég gisti á bestu hótelum sem völ er á, en glerhýsi McLaren er minn griðastaður um mótshelgar,“ segir Hamilton.

McLaren-menn segja að höllin hafi fært liðinu yfir 500 milljónir dala í viðskiptum, þar sem margir viðskiptasamningar hafi verið gerðir innan veggja hennar. Höllin er tilkomumikil. Á neðri hæðinni er veitingasalur með þremur 63 tommu sjónvarpskjáum svo gestir geti fylgst með atburðum á brautinni.

Þá er fimm stjörnu eldhús, aðstaða fyrir fréttamenn og ljósmyndara og sérstakt fundarherbergi. Hamilton og Kovalainen eiga sín herbergi sem eru algjörlega hljóðeinangruð. Hamilton tekur með sér tónlist og DVD-diska til að slaka á, en nuddari er einnig til taks þegar ökumenn McLaren óska þess.

Þá má ekki gleyma því að öflugar leikjatölvur eru í herbergjum beggja ökumanna. Þeir geta meira að segja verið hvor í sínu herberginu og keppt hvor við annan í tölvuleik ef því er að skipta.

Á efri hæðunum eru fjögur fundarherbergi fyrir markaðsmenn og tæknimenn McLaren. Þangað er gestum liðsins boðið þegar keppnin er í gangi og tveir barir eru til staðar. Þráðlaust net er í glerhöllinni og flatskjáir á hverju strái, svo enginn missi af neinu. Þá eru nokkrir snertiskjáir þar sem gestir geta skoðað bíla liðsins og aðrar upplýsingar um Formúlu 1.

Það tekur tíma að koma höll McLaren fyrir og þarf sjö flutningabíla til að koma herlegheitunum á sinn stað. Á eftir þeim trukkum koma þrír aðrir með húsgögnin. Önnur keppnislið gerðu fyrst grín að umstangi McLaren, en höllin hefur skilað vænum bunka af seðlum í gullkistu liðsins.

*- gr*



# Sókndirfska skilar árangri

**Nokkrir toppökumenn tjá sig um eigin möguleika í fyrsta móti ársins á götum Melbourne.**

**FERRARI BÍLLINN** hefur verið samkeppnisfær á æfingum en tímatakan mun sína hvar við stöndum í raun og veru. Ég vann í Ástralíu 2007, en var í vandræðum í fyrra. Trúlega þarf tvö til þrjú mót til að fá raunverulegan samanburð á milli bíla og liða. *Kimi Raikkonen, Ferrari*

**BRAUTIN Í MELBOURNE** hentar Renault-bílnum og því vonast ég eftir góðum árangri. Ég tel að nýju reglurnar muni rugla röðinni og McLaren og Ferrari verði ekki einráð lið. Það verður slagur á milli margra liða. *Fernando Alonso, Renault*

**ÞAÐ ERU MIKLAR VÆNTINGAR** hjá öllum. Ég stefni á fremsta stað á ráslínu og jafnvel þó það takist ekki, þá mun ég keppa til sigurs. Jafnvel þó það takist ekki í fyrstu atrennu þá mun liðið leggjast á eitt að ná hámarksárangri. *Lewis Hamilton, McLaren*

**ÞAÐ ÞARF ÚTSJÓNARSEMI** í nokkrum vandasömum beygjum í Melbourne. Mér finnst sérstaklega gaman í tímatökunni á þessari braut. Ég mætti snemma til Melbourne til að venjast aðstæðum og bíllinn er öflugur. *Jenson Button, Brawn GP*

**ÞAÐ VERÐUR SPENNANDI** að sjá hvernig fer í fyrsta mótinu. Maður verður að vera mjög nákvæmur við stýrið. Það verður fróðlegt að sjá hvort framvængirnir hanga á bílnum eftir fyrstu beygju. *Robert Kubica, BMW Sauber*

**ÉG ER MJÖG BJARTSÝNN** á gott gengi Toyota í ár. Nýi bíllinn er besti keppnisbíll sem ég hef ekið hjá Toyota. Við erum reynslumeiri og gátum barist um verðlaunasæti í fyrra og núna stefnum við hærra. *Jarno Trulli, Toyota*

**ÉG ER SÁTTUR** við stöðu Ferrari gagnvart keppinautum okkar. Nema náttúrulega gagnvart Brawn-liðinu. Ég veit ekki hvað veldur góðu gengi Brawn og FIA verður að meta hvort allt er löglegt um borð í bílum sem er á brautinni í fyrstu keppni. *Felipe Massa, Ferrari*








Slagurinn í mótum ársins í fyrra var harður og sjö mismunandi ökumenn náðu fyrsta sæti. Enn fleiri gætu blandað sér í toppslaginn á þessu ári. NORDICPHOTOS/GETTY

# Líklegastir til afreka

**Sjaldan eða aldrei hefur verið jafn erfitt að ráða í möguleika ökumanna og fyrir árið 2009.**



Felipe Massa hjá Ferrari varð í öðru sæti í meistaramótinu í fyrra. Hann telur að Ferrari-bíllinn sé tilbúinn í toppslaginn eftir góða útkomu á æfingum, víðs vegar um heiminn í vetur. NORDICPHOTOS/GETTY

Reglubreytingar, breyttir bílar, ný dekk og jafnræði milli liða á æfingum í vetur hefur gert það að verkum að jafnvel veðbankar eru ráðþrota. Sömu gömlu vinnuþjarkarnir fá alltaf sinn skerf af atkvæðum og nýi meistarinn Lewis Hamilton á sína aðdáendur. En ólíkt fyrri árum eru McLaren og Ferrari ekki einir um hituna.

BMW, Toyota, Renault og Brawn hafa öll átt góða spretti á æfingum. Ef einstökum ökumönnum er stillt upp sem kandídötum hvað meistaratitilinn varðar, þá koma nöfnin kunnuglega fyrir sjónir. Reynsla og áræðni er það sem skiptir máli. En jafnvel reynslan getur orðið að falli eins og hjá Kimi Raikkonen í fyrra. Hann sofnaði á verðinum og fékk skömm í hattinn fyrir. Trúlega mætir hann tvíefldur til leiks, eftir að hafa staðið í skugganum af Felipe Massa.

Massa tapaði titlinum með eins stigs mun og á harma að hefna. Þegar hann byrjaði í Formúlu 1 var hann villti, tryllti ökumaðurinn. Núna gerir hann vart mistök og bilanir Ferrari-bílsins slógu hann út af laginu í fyrra. Að öðrum kosti hefði hann hampað titlinum, hann vann sex sigra, en Hamilton fimm. Þá hefur Massa verið fljótur á æfingum og líkar vel við nýjan Ferrari.

**BMW STEFNIR Á TITILINN 2009**

Samkvæmt þriggja ára plani BMW er 2009 ár titilsóknar. Robert Kubica náði forystu í stigamótinu í fyrra, en framþróun bílsins var ekki næg og Kubica var hinn fúlasti. Ástæðan var einföld. BMW vildi fremur huga að 2009 bílnum og það gæti skilað sér vel. KERS-kerfið er tilbúið í BMW-bílnum og Kubica og Nick Heidfeld munu njóta þess. Heidfeld hefur mjúkan akstursstíl og það gæti hentað á nýju Bridgestone-dekkjunum. Ökumenn verða að nýta dekkin skynsamlega. Kubica er grimmari og trúlega líklegri til að skjóta Ferrari og McLaren-mönnum ref fyrir rass.

Talandi um grimmd. Fernando Alonso nýtur virðingar sem ökumaður. Hvort Renault-bíllinn kemur vel undan vetri er annað mál. Alonso vann tvo sigra á lokasprettinum í fyrra og talar digurbarkalega þessa dagana. Hann hefur unnið tvo titla með Renault og erfitt ár með McLaren 2007 er gleymt og grafið. Hann hefur grafið stríðsöxina, nema þegar hann mætir á brautina. Þá er hann til alls vís. Renault-vélin er 20 hestöflum öflugri en í fyrra, en FIA gaf leyfi fyrir aukningunni, því vélarþróun sé fryst. Ljóst þótti að vélin var of afllítil miðað við vélar annarra liða.



Mark Webber fótbrotnaði í haust. Hann fór reglulega í 50 gráða kaldan kæliklefa til að flýta fyrir bata og æfði af kappi. MYND/KAPPAKSTUR.IS

**ENGIN SÝNDARMENNSKA HJÁ BRAWN**

Sebastian Vettel á Red Bull. Hann gæti verið Trójuhesturinn í hópi risanna. Vettel vann altént á Torro Rosso í fyrra sem átti ekki að vera hægt. Hann hræddist ekki rigninguna á Monza og kjarkur og þor kappans er ómælt. Reyndar hafa æfingatímar Red Bull ekki verið afburðagóðir, en vagn Vettels er einn sá rennilegasti. Renault-vélin gæti skilað honum í toppsæti, en titillinn er kannski ekki innan seilingar enn sem komið er.

Þá er það Brawn-liðið. Jenson Button og Rubens Barrichello sýndu mátt sinn og megin á vetraræfingum. Keppinautar þeirra telja að það sé ekki hluti af sýndarmennsku, heldur hafi þeir verið á raunhraða. Button og Barrichello gætu unnið einstök mót, en stærri er spurningin hvort liðið sem nánast var afskrifað í vetur hefur bolmagn til að standa í titilslag í 17 mótum. Sama má segja um Williams. Nico Rosberg og Kazuki Nakajima virðast með góðan bíl í höndunum.

En þó að rekstrarkostnaður liða hafi minnkað í ár, þá er hætt við að stóru liðin, BMW, Ferrari, McLaren, Toyota og Renault sláist um toppsætin. Inn á milli gætu minni spámenn velgt þessum liðum undir uggum. *-gr*

## ÖKUMENN 2009



NORDICPHOTOS/GETTY

| Nr. | Nafn | Land | Lið | Aldur |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Lewis Hamilton | Bretland | McLaren | 24 |
| 2 | Heikki Kovalainen | Finnland | McLaren | 27 |
| 3 | Felipe Massa | Brasilía | Ferrari | 27 |
| 4 | Kimi Raikkönen | Finnland | Ferrari | 29 |
| 5 | Robert Kubica | Pólland | BMW Sauber | 24 |
| 6 | Nick Heidfeld | Þýskaland | BMW Sauber | 31 |
| 7 | Fernando Alonso | Spánn | Renault F1 | 27 |
| 8 | Nelson Piquet Jr. | Brasilía | Renault F1 | 23 |
| 9 | Jarno Trulli | Ítalía | Toyota | 34 |
| 10 | Timo Glock | Þýskaland | Toyota | 27 |
| 11 | Sebastien Buemi* | Sviss | Torro Rosso | 20 |
| 12 | Sebastien Bourdais | Frakkland | Torro Rosso | 30 |
| 14 | Mark Webber | Ástralía | Red Bull | 32 |
| 15 | Sebastian Vettel | Þýskaland | Red Bull | 21 |
| 16 | Nico Rosberg | Þýskaland | Williams F1 | 23 |
| 17 | Kazuki Nakajima | Japan | Williams F1 | 24 |
| 18 | Jenson Button | Bretland | Brawn GP | 29 |
| 19 | Rubens Barrichello | Brasilía | Brawn GP | 36 |
| 20 | Adrian Sutil | Þýskaland | Force India | 26 |
| 21 | Giancarlo Fisichella | Ítalía | Force India | 36 |

*Meðalaldur: 27,5 ár*



# Nýliðinn er raunsær

Eini nýliðinn í Formúlu 1 er Sebastian Buemi hjá Torro Rosso. Hann er Svisslendingur og tekur sæti Sebastians Vettel hjá liðinu.

„Hlutir breytast hratt í Formúlu 1 og ég verð að bíða færis og sjá hvar við stöndum. Vettel gerði góða hluti í fyrra. Hvað sjálfan mig varðar, þá vil ég alltaf bæta mig,“ sagði Buemi.

„Ég mun náttúrlega reyna að gera betur en Bourdais og sanna tilverurétt minn í Formúlu 1 á þessu ári. Ég er mjög spenntur og það er stutt í Melbourne. Í raun skiptir engu máli hvort maður er nýliði eða ekki, ég verð bara að standa mig. Verð að einbeita mér 100 prósent, slaka á og njóta þess að vera til. Skiptir ekki máli að ég er nýliði. Ég mun gera mitt besta og sjá hvert það leiðir,“ sagði Buemi.





Niki Lauda við frumsýningu á keppnisbíl Jagúar-liðsins árið 2002.

# Heimsmeistari með einu stigi

Það er ekki oft sem ökumannstitli er hampað með aðeins einu stigi yfir næsta manni. Síðast átti það sér stað í lok síðasta tímabils. Eftirminnilegast þykir þó þegar James Hunt, óreglumaður með yfirburða ökuhæfni, varð meistari árið 1976 á fjallabrautinni Fuji í Japan.

Niki Lauda, sem fyrr um sumarið hafði lent í hræðilegu slysi á Nürburgring-brautinni gömlu, dró sig í hlé þegar aðeins tveir hringir höfðu verið eknir. Þetta gerði hann vegna mikillar rigningar sem gerði meðan á keppninni stóð. Hann sagði líf sitt skipta meira máli en kappakstur. Hunt kláraði mótið í þriðja sæti og varð heimsmeistari með einu stigi. *- bþh*



Ross Brawn og Schumacher voru óstöðvandi teymi. Settu hvert metið á fætur öðru.

# Ross Brawn

Ross Brawn er mjög sigursæll og þykir afar snjall. Hann fylgdi Michael Schumacher til Ferrari frá Benetton árið 1996, eftir að hafa gert Schumacher að tvöföldum heimsmeistara. Sigurgöngu tvíeykisins sem naut liðsinnis Jeans Todt minnast allir sem gullöld Ferrari árin 1999 til 2006 þegar hvert metið á fætur öðru var slegið.

Brawn yfirgaf Ferrari eftir árs leyfi árið 2008 og gerðist tæknistjóri Honda F1 liðsins sem hefur nú hætt þátttöku. Ross fékk með sér fjárfesta og rekur nú Brawn GP-liðið með þá Jenson Button og Rubens Barrichello sem ökumenn. Liðið hefur sýnt framúrskarandi árangur á æfingum vetrarins. *- bþh*

# Meira upplýsingaflæði

Fyrirtækið Allra átta er að vinna hörðum höndum að nýrri vefsíðu sem styður við útsendingar á Stöð 2 Sport. Það er vefsvæðið www.kappakstur.is sem er að taka á sig nýja mynd, til að upplýsa áhorfendur betur en áður um Formúlu 1.

Beintenging er á síðunni á tímasvæði rétthafa Formúlunnar. Þá er sérstakt svæði fyrir grafík-útskýringar í uppbyggingu auk nákvæmra upplýsinga um alla ökumenn. Frásögn og útskýringarmyndir eru frá öllum mótssvæðum og úrslit síðustu ár. Þá er nýmæli að útskýringarmyndbönd verða á kappakstur.is í samvinnu við Formúlu 1-liðin og ítarleg tölfræði er birt fyrir hvert mót og eftir þau.

Samfara þessum breytingum tekur grafíkin á sig nýja mynd hjá Stöð 2 Sport og verður lögð mikil áhersla á tölfræði og útskýringar meðan á keppni stendur og eftir að henni lýkur. Þá eru lifandi grafísk myndskeið aðall þáttanna Rásmarkið á fimmtudagskvöldum.






## Atvinna

### RÁÐGJAFI-KRÝSUVÍK

Meðferðarheimilið í Krýsuvík óskar að ráða áfengis- og vímuefnaráðgjafa. **Áhugasamir hafi samband á netfangið: lovisa@krysuvik.is.**

## Til sölu

### MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI



Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is

**FLESHLIGHT.IS**

## Fasteignir

HÚSEIGN Fasteignamiðlun



*Baldvin Ómar Lögg. fasteignasali*

# Til sölu !

## Fiskislóð 27

### - Lóð með sökklum

Tilboð óskast - Fæst á góðu verði. Fyrstur kemur fyrstur fær

**Frekari upplýsingar gefur Ástþór Helgason í síma: 898-1005**

**Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109**
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fím. 10-18 • fös. 10-17
*Baldvin Ómar Magnússon - Löggildur fasteignasali*

**Auglýsingasími 512 50 50**




– Mest lesið



Skipstjórnarskólinn býður upp á smáskipanámskeið í lotufjarnámi og skemmtibátanámskeið í fjarnámi, nánari upplýsingar www.tskoli.is.

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Öku- og bifhjólakennsla. Kennslubifreið Mercedes Benz. Davíð S. Ólafsson. S. 893 7181.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



**www.hundaheimur.is**
Gríðalega gott úrval af hvolpa og ferðagrindum, ýmsar tegundir og stærðir. Frábært verð, gerið verðsamanburð. Hundaheimur Mosfellsbæ

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Byssur

Browning haglabyssa nr. 12. 5 skota. hálf sjálfvirk & einnig lítil frystikista. s. 553-7842

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

leiguíbúðir

**Til leigu**
Glæsilegar 2ja og 3ja herbergja íbúðir miðsvæðis Gott verð og traust þjónusta. Nánari upplýsingar á www.leiguibudir.is

húsaleiga.is

Vegna mikillar eftirspurnar stórvantar okkur eignir á skrá. Auglýsing kostar ekkert.

Búseturéttaríbúðir - Leiguíbúðir
Sími: 520 5788 · Veffang: www.buseti.is
BÚSETI
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

Til leigu 56 fm útsýnisíbúð á góðum stað Kópavogi. Stutt í alla þjónustu, skóla og útivistarsvæði. 80 þ./mán + hússj, rafm og hiti. Frekari uppl. veittar í s. 663-2308 eftir kl. 16:00 virka daga.

Til leigu björt og snyrtileg 48fm stúdíóíbúð í Furugrund í Kóp. Leiga á mán. 60þ. Laus strax. Uppl. gefur Ari í s.860 1896

**TIL LEIGU.**
Til leigu ný, glæsileg 91,4 fm, 2ja herb íbúð í Garðabæ, fyrir 50 ára og eldri. Eikarparket á gólfum. Íbúðin er laus nú þegar. Upplýsingar í síma 693-7304

3ja herb kj.íbúð í einbýli í rólegu og góðu hverfi, rvk 109. Reykleysi og reglusemi skilyrði. Verð 89 þús. Uppl. í s. 695 1790.

Einstaklings íbúð til leigu á sv. 101, Þingholti. Uppl. í s. 551 3225.

RML 20 fm stúdíó í 200 Kóp. Selbrekka 20. Langtímaleiga og 50 þ. á mán. Uppl. í s. 696 0502.

Til leigu 90 fm stórglæsilegt skrifstofuhúsnæði og verslun á Fiskislóð, 101 Rvk. Hægt að sameina sem fyrirtæki og íbúð. Uppl. hjá fasteignasöllunni Berg, sími 588 5530.

Til leigu 2 herb 62 m2 glæsil ný íb í einb í norðurbæ Hafnarfj. Leigut eitt ár minnst. Sér inng. Leigist eing. barnl. reglus. einstakl. eða pari. Engin gæludýr. Reykl íbúð. Verð kr. 95 þús.m/hita og rafm. Enginn hússj. Uppl í s 822 1216. Sjá myndir: http://abstrakt.is/leiga/default.htm

Stúdíóíbúð til leigu. Stutt í versló , H.R. og MK. Reglusemi áskilin. Uppl í s. 823 2927. e.kl. 12.

Stúdíóíbúð Íbúð til leigu á svæði 104. Studio apartments for rent contact number 661 4096 & 698 3211.

Einstaklingsíbúð við Suðurgötu í Hfj. Laus 1.Apríl. Verð 58 þús. Uppl. í s. 892 4624.

Til leigu ný 2.herb. íbúð í kópavogi á jarðhæð. Stutt í alla þjónustu og í rólegu hverfi. Innfalið: Þvottav, Uppþvottav, hiti,rafm. og hússj. Uppl. í s. 699 6241. Laus 1.mars

## Atvinnuhúsnæði

**Iðnaðarhúsn. til leigu**
Bil 115 fm með stórri innkeysrsluhurð ásamt gönguhurðar. Í Mosfellsbæ. Laust fljótlega. Uppl í s. 896 4561.

## Geymsluhúsnæði

**Gámaútsala!**
40 ft. einangraðir gámar (fyrrverandi frystigámar) .



ALDREI BETRA VERÐ!
HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKNI

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**www.geymslaeitt.is**
Til leigu geymslur frá 5 til 17 m2. Allar með sér inngangi. Bretti á 2.900.- Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

**California frábær staðsetning!**
Fallegt hús f. 5-8 manns. 5mín í næsta golfvöll. Nánari uppl. í s. 618-1454.

Afslöppun í Hveragerði. íbúðir í Hveragerði, internet,sjónvarp,heitur pottur www.frumskogar.is

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**KVIKMYNDIN BJARNFREÐARSON**
**Sagafilm leitar að rauðhærðum strákum á aldrinum 6-14 ára til þess að leika í kvikmynd. Áhugasamir sendið inn e-mail með mynd og helstu uppl. á bjarnfredarson@sagafilm.is**

SECURITY
ÖRYGGISFÉLAGIÐ

**Öryggisfélagið**
óskar eftir starfsfólki í næturvinnu í verlsunum. Helstu störf eru öryggisgæsla, verslunarstörf, áfyllingar ofl. Skilyrði; góð þjónustulund og hreint sakarvottorð. Lágmarksaldur 25 ár. Öryggisfélagið ehf. Fákafen 11 / 2 Hæð. Umsóknir á staðnum. www.115.is

MegaStore

Ný lágvöruverðsverslun í Smáralind. Leitum eftir starfsfólki. Umsóknir berist á netfangið: smari@kjosehf.is

ÍSHLUTIR

**Vélaviðgerðarmenn**
**Íshlutir ehf óska eftir starfsmönnum, vönum þungavinnuvélaviðgerðum og líkum tækjum á vélaverkstæði okkar. Þekking og reynsla á rafmagns og vökvakerfum æskileg. Leitað er að kröftugum einstaklingi með ríka þjónustulund og tilbúin að takast á við krefjandi verkefni auk ferðalaga. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Upplýsingar gefur Samúel Sigurðsson Þjónustustjóri í síma: 575-2400 eða atvinna@ishlutir.com**

**Íshlutir ehf Völuteigur 4 270 Mosfellsbær www.ishlutir.com**

Veitingahús í Hafnafirði auglýsir eftir þjón í sal. Uppl. í s. 822 5229

Alþingi á að skila þjóðinni aftur því sem það tók af henni. Tugum þúsunda starfa við smábátaveiðar. Aðalsteinn Agnarsson.

**Slökkvitækjaþjónustan ehf.**
Óskar eftir starfskrafti. Starfið felst í að selja og gera við slökkvitæki og annan öryggisbúnað. Bílpróf skilyrði. Ekki yngri 30 ára kemur til greina. Umsóknir sendist á : oryggi@kolsyra.is

**Tai matreiðsla**
Tai grill Hagamel 67 107 rvk. Óska eftir fólki til starfa í eldhúsi. Vinnutími 17-22. Uppl. Sæmundur s. 865-6322.

Bankastarfsmenn óskast, sendið nafn og netfang á hilmar72@gmail.com

Óskum eftir röskum starfskrafti í afgreiðslustarf í bakarí-bistró. Uppl. í s. 770 2023.

Sölumenn óskast, sendið nafn og netfang á hilmar72@gmail.com

# TILKYNNINGAR

## Fundir

**Ævintýrasiglingar**
**Fimmtudaginn 26. Mars kl. 20:00 verður fyrirlestur um ævintýrasiglingar á norðurhöfum hjá Siglingaklúbbnum Þyt, Strandgötu 88, Hafnarfirði. Fyrirlesarar: Eigendur skútunnar Auroru frá Ísafirði, www.boreaadventures.com Aðgangseyrir 1.000 kr. Kaffiveitingar.**

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666. opið allan sólarhringinn**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Dekur...**
Kona vill kynnast karlmanni með dekur í huga. Augl. hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535–9920 (kreditkort), augl. nr. 8370.

**Samk. KK tilbr.**
Karlmaður ríflega 50 ára vill kynnast karlmanni með tilbreytingu í huga. Augl. hans er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535–9920 (kreditkort), augl.nr. 8363.

**ALLT**



**512 5447 auglýsingasími**

Stjórnsýsla

# Minnisblöð embættismanna

DR. JÓHANNA GUNNLAUGSDÓTTIR
prófessor við HÍ með upplýsinga- og skjalastjórn sem sérsvið



> Seðlabankinn virðist þess vegna ekki hafa efnisleg rök fyrir því að neita að afhenda afrit af skjali sem á að vera til í skjalasafni bankans og varðar mikilvægan sögulegan þátt í embættisfærslu hans.

Í starfi mínu sem ráðgjafi á sviði skjalastjórnar hef ég orðið þess vör að forstöðumenn opinberra stofnana eiga stundum erfitt með að greina á milli hvort skjöl, sem orðið hafa til í starfi þeirra, séu eign stofnunar eða þeirra sjálfra. Fréttablaðið skýrir frá athyglisverðu dæmi um slíkt vafaatriði.

Í Kastljósi Sjónvarpsins 24. febrúar sl. nefndi Davíð Oddsson, þáverandi seðlabankastjóri, að við tiltekt á skrifborði sínu hefði hann fundið minnisblað sem hann ritaði í júní sl. eftir samtal við Geir H. Haarde. Í sjónvarpsviðtalinu upplýsti Davíð að hann hefði varað forsætisráðherrann þáverandi við yfirvofandi hruni íslenska bankakerfisins þótt Geir reki ekki minni til þeirrar viðvörunar. Fréttablaðið greinir síðan frá því 20. mars sl. að Seðlabanki Íslands hefði hafnað ósk blaðsins um afrit af minnisblaðinu með þeim rökstuðningi að þar hefði verið um að ræða „persónulegt minnisblað formanns bankastjórnar“ sem væri „í vörslu hans sjálfs“.

Nú er mér ekki kunnugt um orðalag minnisblaðsins. Efni þess var þó augljóslega ekki minnisatriði um matarinnkaup á heimleið úr bankanum. Minnisblaðinu er heldur ekki lýst sem persónulegum hugleiðingum sem vöknuðu eftir samtalið. Í slíkum tilvikum væri minnisblaðið persónubundið og snerti á engan hátt starfsemi Seðlabankans. Nei, minnisblaðið á að hafa tengst viðvörunum nefndum í samtali þeirra tveggja varðandi yfirvofandi hrun bankakerfisins. Efni minnisblaðsins varðar þannig grundvallarþátt í starfsemi Seðlabankans, þann að „stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi“. Slíkt skjal getur skipt miklu máli við að skýra síðar hvernig og hvort bankinn bæði varaði og brást við yfirvofandi hættu á því að fjármálakerfinu væri ógnað. Skjal um slíkt efni er án mikils efa hluti af skjalasafni Seðlabankans og hefði átt að vistast með trúnaðarskjölum bankans þegar í júní. Efni skjalsins er svo viðkvæmt að skjalið mátti alls ekki liggja á glámbekk þannig að það gæti komið fyrir augu óviðkomandi við tiltekt á skrifstofu formanns bankastjórnar.

Minnisblöð hafa því meira gildi sem sönnun þeim mun styttra sem líður frá þeim atburðum sem þau lýsa. Góð verklagsregla hefði því verið að skrá tilvist skjalsins í rafrænt skjalastjórnarkerfi bankans strax í framhaldi af samningu þess og þá með takmarkaðan aðgang í huga m.t.t. mikilvægi þess. Skrásetning skjalsins löngu síðar kann að vekja upp efasemdir um hvort skjalið sé síðari tíma tilbúningur til varnar í umræðu um þá atburðarrás sem síðar varð. Af þeim sökum er samtímaskráning svo mikilvæg. Hér skal ekki véfengt að skjalið hafi orðið til í júní. Hefði beiðni Fréttablaðsins um afrit af skjalinu á grundvelli Upplýsingalaga borist þá hefði Seðlabankinn réttilega átt að hafna beiðninni. Þar kemur til skoðunar 4. tl. 6. gr. laganna sem vísar til atriða sem ná ekki tilætluðum árangri séu þau á almannavitorði. Hefði almenningur trúað að hrun bankakerfisins væri yfirvofandi hefði fólk brugðist við, tekið innistæður sínar út úr bönkum og þar með valdið hruni kerfisins. Nú er skaðinn hins vegar skeður. Bankakerfið fellur ekki að nýju þótt skjalið sé birt. Seðlabankinn virðist þess vegna ekki hafa efnisleg rök fyrir því að neita að afhenda afrit af skjali sem á að vera til í skjalasafni bankans og varðar mikilvægan sögulegan þátt í embættisfærslu hans.






Kvótakerfið

# Grundvallarbreytinga er þörf



KARL V. MATTHÍASSON
alþingismaður

> En það er ekki nóg að breyta setningum í stjórnarskránni og lagaákvæðum ef ekkert verður svo gert með það.

Hver eru þau grundvallaratriði sem við ætlum að breyta í landi okkar til þess að við getum náð aftur því trausti og þeim trúnaði sem við höfðum, áður en við útvíkkuðum hina íslensku frjálshyggju? Hvað þurfum við að gera til að venjulegir íslenskir borgarar geti treyst því að við förum rétta leið í endurreisninni sem nauðsynleg er í landi okkar? Margir keppast nú við að tala um þann siðferðisbrest sem orðið hefur í landinu og telja að regluverkið hafi brugðist, eftirlitsstofnanir og svo framvegis. Nú ætlum við að breyta stjórnarskránni, nú ætlum við að breyta kosningalöggjöfinni og við ætlum að breyta svo mörgu sem leiðir til þess að allt verður nýtt og betra.

### Hver á fiskinn í sjónum?

Já, þetta er nauðsynlegt og auðvitað eru orð til alls fyrst. En það er ekki nóg að breyta setningum í stjórnarskránni og lagaákvæðum ef ekkert verður svo gert með það. Hverju breytir það að hafa ákvæði um að helstu náttúruauðlindirnar skulu vera í eigu þjóðarinnar ef framkvæmd þess er sú að örfáum er færð auðlindin nánast að gjöf og ómögulegt er fyrir áræðna menn að hefja sjávarútveg. Það er kúgun. Hverju breytir það, að hafa þann rétt og þá stöðu í „réttlátu og frjálsu“ þjóðfélagi að geta vísað málum til mannréttindadómstóla eða mannréttindanefnda ef dómar þeirra eða sjónarmið eru svo hunsuð.

Um þetta hljótum við að hugsa mjög alvarlega. Sérstaklega nú, þegar við erum nýbúin að samþykkja hinn göfga barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Því á sama tíma og það var gert hvílir á íslensku ríkisstjórninni ályktun um brot á mannréttindum. Við þessum úrskurði hefur ekki verið brugðist nema með fyrirheiti um stofnun nefndar sem á að koma með tillögur til breytinga á framkvæmd laga um stjórn fiskveiða. Það bendir til þess að svæfa eigi málið.

### Má venjulegt fólk reyna að bjarga sér?

Við getum til dæmis sett upp mynd af atvinnulausum foreldrum þriggja barna. Foreldrum sem hafa möguleika til að róa til fiskjar á fjögurra tonna trillu út á flóann en mega það ekki nema gegn hárri leigu fyrir hvert kíló fiskjar sem þau veiða. Leigugjald sem rennur í vasa „eigenda kvótans“ Með slíkri lagframkvæmd göfugra laga og skuldbindinga er verið að brjóta bæði gegn börnunum og foreldrunum.

### Breytum kvótakerfinu

Það getur verið auðvelt og gaman að vera í stórum ríkisstjórnarflokki þar sem flestir brosa hver framan í annan af stolti yfir mætti sínum og velgengni. En það er ekki gaman ef maður í hjarta sínu veit að það er ekki verið að taka á grundvallarmálum með hugrekki og festu. Frjálslyndi flokkurinn hefur ávallt bent á óréttlætið sem felst í kvótakerfinu og vill auka aðgang þjóðarinnar að fiskimiðunum. Því miður hafa þessi sjónarmið orðið undir í umræðunni sérstaklega meðan allt flaut í ilmandi hunangi og rjóma. Þegar til framtíðar er litið verða menn að hafa kjark til að ráðast í nauðsynlegar breytingar á þeim þáttum þar sem upphaf efnahagsþrenginganna er að leita og færa til betri vegar í réttlætisátt. Og þessar breytingar verður að ráðast í ekki síðar en núna. Venjulegt fólk verður að fá leyfi til að bjarga sér með því að nýta sér auðlindir hafsins. Annars eykst því miður bilið milli ríkra og fátækra, en nú þegar er það orðið allt of mikið.

Endurreisn Íslands

# Fall eða endurreisn?



BIRGITTA JÓNSDÓTTIR
skáldkona

> Ég treysti hvorki kerfinu né fólkinu sem situr í öllum æðstu embættum til að tryggja að við almenningur fáum meiri völd.

Íslenska þjóðin var fyrst til að falla í hyldýpi kreppu sem engan endi virðist ætla að taka. Þögnin um eiginlega stærð vandans er bæði þrúgandi og skammarleg.

Heimurinn horfði á okkur falla, en mun heimurinn sjá hér raunverulega endurreisn? Við höfum tækifæri til að gefa bæði þjóðinni okkar von sem og heimsbyggðinni um að hægt sé að taka á spillingu þó hún nái inn á æðstu stofnanir. Við höfum tækifæri til að sýna að við þorum að reisa hér samfélag þar sem krafan um gegnsæi og raunverulegt lýðræði rís hærra en óttinn við breytingar.

Heimurinn horfir til okkar því við erum fyrsta landið til að kjósa í kjölfar efnahagshrunsins eftir að ríkisstjórn var steypt af stóli með raunverulegri byltingu. Við berum því mikla ábyrgð að láta ekki tæla okkur til að endurnýja umboð þess fólks sem brást algerlega trausti okkar. Heldur einhver að þau séu best til þess fallin að leiða landið úr þeim ósköpum sem þau létu dynja yfir okkur án nokkurrar iðrunar? Tveir flokkar sköpu þessa atburðarás með fádæma tengslamyndun á milli viðskiptaheims og þingheims. Treystið þið virkilega þeim til að rannsaka sjálfa sig og vini sína?

Ef við viljum breytingar þá verðum við að gera eitthvað til að þessar breytingar verði að veruleika. Ég treysti hvorki kerfinu né fólkinu sem situr í öllum æðstu embættum til að tryggja að við almenningur fáum meiri völd. Ég treysti þeim ekki til að hafa dug í sér til að uppræta þá spillingu sem hér er orðin svo samofin veruleika allra að fólk er nánast hætt að sjá hana. Hvað ætlar þú að gera til að tryggja að við losnum úr viðjum flokkakerfisins? Hvað ætlar þú að gera til að sýna umheiminum að þér er nóg boðið? Ég veit hvað ég ætla að gera, ég ætla að leggja allt undir til að tryggja að það fólk fái brautargengi sem ég veit að hefur enga hagsmuni aðra að leiðarljósi en að tryggja þjóðinni aftur þau völd sem hún hélt sig hafa. Ég ætla að styðja Borgarahreyfinguna – þjóðin á þing með ráðum og dáð til að hér verði í boði raunveruleg lausn fyrir þá sem hafa fengið nóg af svikum og sérhagsmunagæslu ráðamanna.


# Þjóðsögur og gamanmál að vestan

Slegið á létta strengi í kreppunni
Úrval úr vestfirskri fyndni

Hemmi Gunn valdi sögurnar
















Miðað við það dapra ástand sem nú ríkir á landi voru töldum við rétt að gefa út úrval úr þjóðsagnabálkinum vestfirska til að reyna að létta mönnum í sinni. Þar erum við auðvitað komin út á mjög hálan ís því húmor manna er misjafn eins og sögurnar. En við látum þó slag standa.

Við fengum hinn landsþekkta Vestfirðing og gleðigjafa, Hermann Gunnarsson, fyrrum léttadreng í Haukadal í Dýrafirði, til að velja efnið í þetta hefti.

Vonum við að menn kunni að meta þetta framtak núna í kreppunni sem gengur yfir land og þjóð. Græskulaus gamansemi, sem allir hafa gott af er aðalsmerki hinna vestfirsku sagna. Upp með húmorinn! Oft var þörf en nú er nauðsyn.

Vestfirska forlagið
Upp með Vestfirði!
Pantanir: 456-8181 - jons@snerpa.is

Fæst í bókaverslunum um land allt. Verð 1.900,- kr. Pantanir: jons@snerpa.is

# Kynjuð hagstjórn & nýjungar í Orra

## Morgunverðarfundur Skýrr, föstudaginn 27. mars

**Skýrr býður stjórnendum hjá hinu opinbera til morgunverðarfundar um kynjaða hagstjórn og spennandi nýjungar í Orra – fjárhags- og mannauðskerfum íslenska ríkisins.**

**Fundurinn verður haldinn í ráðstefnusal Skýrr að Ármúla 2, frá kl. 8:00 til 10:00, föstudaginn 27. mars.**

Þátttaka er gestum að kostnaðarlausu og fundurinn er öllum opinn, meðan húsrúm leyfir.

**Skráning fer fram á vefsvæði Skýrr (skyrr.is).**

Fyrri hluti fundarins fjallar um kynjaða hagstjórn. Framsögu flytur Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, framkvæmdastýra UNIFEM á Ísland.

Ríkisstjórn Íslands hyggst innleiða kynjaða hagstjórn og stefnumótun og undirbúningi verður lokið innan eins árs. Með kynjaðri hagstjórn er átt við að skoða hagstjórnaraðgerðir, fjárlagaaðgerðir og aðrar aðgerðir af hálfu hins opinbera með hliðsjón af áhrifum þeirra á stöðu kynjanna.

Í seinni hluta morgunverðarfundarins verður farið yfir nokkrar nýjungar í Orra – fjárhags- og mannauðskerfum íslenska ríkisins.

„Verkbókhald – með puttann á púlsinum“ nefnist fyrsti fyrirlesturinn í þeim hluta, „Viðskiptaskuldir (AP) með hraði“ annar og síðastur á dagskrá er fyrirlesturinn „Greiðsluseðlar og nýjungar í viðskiptakröfum (AR)“.


















**8:00** Morgunverður
Ljúffengar veitingar að hætti hússins

**8:30** Skýrr býður góðan dag
Þórólfur Árnason, forstjóri Skýrr

**8:35** Kynjuð hagstjórn
Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, framkvæmdastýra UNIFEM

**9:00** Verkbókhald – með puttann á púlsinum
Helgi Magnússon, hópstjóri hjá Skýrr

**9:25** Viðskiptaskuldir með hraði (AP)
Gestur Traustason, ráðgjafi hjá Skýrr

**9:45** Greiðsluseðlar og nýjungar í viðskiptakröfum (AR)
Ólína Laxdal, hópstjóri hjá Skýrr

Fiton/SÍA



Allt á einum stað | 569 5100 skyrr@skyrr.is | Skýrr

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Afstaðan til Evrópusambandsins og samstarfs við aðrar þjóðir virðist flækjast fyrir hluta landsmanna.

# *Taka þarf á því sem máli skiptir*

**Óli Kristján Ármannsson**

Ljóst má vera að ef koma á landinu upp úr kreppuhjólförunum þarf að koma til erlent fjármagn. Það fæst ekki í því magni sem þarf í umhverfi gjaldeyrishafta og/eða gjaldeyrisóróa. Þá verður að teljast ólíklegt að forsvarsmenn erlendra stórbanka sem hér hafa tapað ógrynni fjár verði áfjáðir í að fjármagna hér uppbyggingu ef ekki er fyllstu sanngirni gætt í samskiptum við þá.

Markaðurinn hefur undir höndum samskipti fulltrúa kröfuhafa SPRON frá því fyrir helgi þegar í það stefndi að SPRON og sparisjóðabankinn yrðu teknir yfir. Ljóst er að mikillar reiði gætir í þeirra hópi þar sem ekki hafi verið fullreynt með samninga um niðurfellingu skulda og breytt lánakjör sem þeir telja að aukið hefðu líkur á betri heimtum á kröfum þeirra. Þrátt fyrir að kröfuhafarnir hafi lýst yfir vilja til að ljúka samningum innan ásættanlegs tíma var ráðist í yfirtökuna. Forsvarsmenn þessara sömu banka ákveða lánakjör til hverra þeirra íslensku fyrirtækja sem til þeirra kynnu að leita þegar fram líða stundir.

**Besti kosturinn er augljós, en hann er að lýsa þegar yfir þeirri fyrirætlan að sækja um aðild að Evrópusambandinu og taka í kjölfarið upp evru. Liggi sú leið ljós fyrir hefur það strax áhrif á þau vaxtakjör sem ríkinu standa til boða.**

Þá má gera ráð fyrir því að framferði ríkisins í garð erlendra kröfuhafa bankanna hafi áhrif þegar upprunalönd þessara sömu kröfuhafa taka afstöðu til þess hvort lána eigi ríkinu til uppbyggingarstarfs hér og þá á hvaða kjörum. Óhemjumikilvægt er að vel takist til í þessum samskiptum.

Þá er ekki síður mikilvægt að fyrir liggi í hvaða efnahagsumhverfi við ætlum að standa að uppbyggingunni. Verður það með krónu og gjaldþrota stjórn peningamála, eða í umhverfi einhliða upptöku annars gjaldmiðils sem seint mun teljast traustvekjandi, enda uppspretta viðvarandi gjaldeyrishafta án lánveitanda til þrautavara sem stutt geti við stærri fjármálafyrirtæki. Besti kosturinn er augljós, en hann er að lýsa þegar yfir þeirri fyrirætlan að sækja um aðild að Evrópusambandinu og taka í kjölfarið upp evru. Liggi sú leið ljós fyrir hefur það strax áhrif á þau vaxtakjör sem ríkinu standa til boða. Þarna getur munað milljörðum, ef ekki tugmilljörðum á ári.

Þetta eru þau mál sem mikilvægast er að taka á núna um leið og lokið er við efnahagsreikninga bankanna svo þeir fái stutt við atvinnulífið í landinu. Þannig verður betur tekist á við vaxandi atvinnuleysi en með þeim áherslum sem manni sýnast nú að hluta ráðandi í landstjórninni, að koma á margvíslegri lagasetningu sem menn ímynda sér að komið hefði að gagni fyrir fjórum árum þegar vöxtur bankanna var hvað mestur og athafnamenn fóru mikinn í fjármagnsflutningi milli landa.

Þannig getur verið góðra gjalda vert að breyta lögum um tekjuskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda til að styrkja skattframkvæmd og hamla gegn undanskoti skatta. Aukin skattheimta á fólk og fyrirtæki í umhverfi dagsins er hins vegar dálítið eins og að heimta að sjúklingarnir á lungnadeildinni sjái þar um þrifin líka með súrefniskútinn í eftirdragi. Rannsóknir hafa enda sýnt að skattahækkanir á krepputímum draga fremur úr skatttekjum en auka. Þá er rétt að hafa í huga að sú yfirlýsing ein að hér verði stefnt að Evrópusambandsaðild kemur líklega til með að spara ríkinu meira fé í vaxtagreiðslum en aflað verði með góðu móti með skattahækkunum. Á tímum sem þessum er rétt að beina kröftunum í hluti sem skipta í alvörunni máli.




# Sparnaðarleiðir og sóknarfæri

ORÐ Í BELG



**Art Schalk**
framkvæmdastjóri hjá Annata.

Íslensk fyrirtæki hafa ekki farið varhluta af aukinni óvissu í starfsumhverfi sínu. Samdráttur í sölu, minnkandi framlegð og versnandi lausafjárstaða skapa aðstæður sem reynir á hæfni og getu stjórnenda til að taka skjótar og markvissar ákvarðanir. Til að fyrirtæki geti brugðist hratt við þurfa þau greiðan aðgang að upplýsingum um rekstur sinn. Framsetning þeirra verður að vera með þeim hætti að notendur þeirra geti nýtt þær til að öðlast góða yfirsýn yfir málin og tekið upplýstar ákvarðanir. Markviss notkun upplýsinga getur hjálpað stjórnendum að koma auga á hvar hagræða megi í rekstrinum og greina sóknarfæri til að auka sölu. Þá getur rétt greining upplýsinga aðstoðað stjórnendur við að auka hreint veltufé úr rekstri með tilteknum aðgerðum.

Stjórnendur verja nú stórum hluta tíma síns í að leita leiða til að skera niður rekstrarkostnað og finna hagkvæmari leiðir til að reka fyrirtæki. Gjarnan er byrjað á sýnilegum þáttum. Fjárfestingum er slegið á frest og dregið er úr ýmsum kostnaði, eins og þeim sem snýr að skrifstofu og stjórnun. Dugi það ekki til er einnig oft dregið úr launakostnaði með fækkun starfsfólks. Þótt ofangreindar aðgerðir geti skilað árangri þá eiga þessar hagræðingarleiðir það sammerkt að verið er að ráðast á sýnilegan hluta kostnaðar og framtíðarútgjalda, þ.e. auðveldustu viðfangsefnin.

Í fyrirtækjarekstri liggur oft töluverður dulinn kostnaður í brothættum vinnuferlum, skorti á yfirsýn og ónógu aðgengi að upplýsingum. Ofangreindir þættir geta svo leitt til þess að slæmar ákvarðanir eru teknar sem leiða af sér kostnað og óhagræði. Það á jafnt við í fyrirtækjarekstri og í öðrum viðfangsefnum: það sem er erfitt að fást við er oft látið liggja milli hluta.

Rétt notkun upplýsingatækni gegnir hér stóru hlutverki og þá einkum viðskipta- og greindarlausnir (e. Business Intelligence Systems). En getur ávinningur af nýtingu viðskipta- og greindarlausna verið mikill á óvissutímum? Hér verður stuttlega vikið að því hvernig stuðla megi að raunverulegum árangri í rekstri og leita markvisst svara við áleitnum spurningum með beitingu slíkra tóla.

Til að aðlaga rekstur fyrirtækja að breytingum í starfsumhverfi er oft þörf á að endurskoða ferla og innviði. Aðgengi að góðum upplýsingum geta aðstoðað við að greina hvar gera megi betur. Sem dæmi þá geta öflugir mælikvarðar um skilvirkni birgðastjórnunar, aldursgreiningu birgða og kostnað við birgðahald gefið skýrar vísbendingar um hvort kostnaður sé að safnast upp í birgðahaldi og hvort draga megi úr fjárbindingu vegna lagers með söluhvetjandi aðgerðum og/eða breyttum áherslum í innkaupum og framleiðslu. Ítarlegar söluupplýsingar þar sem greina má framlegð á vörum og viðskiptavinum geta gefið nákvæmar upplýsingar um hvaða vörur seljast mest, framlegð þeirra og hverjir kaupa. Jafnframt má greina göt í vöruvali viðskiptavina og sjá þar með sölutækifæri sem ellegar væri erfitt að greina beint í upplýsingakerfum fyrirtækja. Með markvissri beitingu viðskipta- og greindarlausa má leita svara við spurningum á borð við:

- *Hvaða vörur hreyfast mest/minnst?*
- *Hver er aldurssamsetning birgða (m.v. síðustu innkaup/síðustu hreyfingu)?*
- *Hver er arðsemi fjármagns bundið í birgðum?*
- *Hver er vörusalan og vöruframlegð á vöruflokki/vöru?*
- *Hvaða afslátt erum við að veita og til hverra?*
- *Hvernig er kostnaður að þróast?*
- *Hver er arðsemi af rekstrinum?? Af eigin fé?*
- *Hver er biðtími útistandandi krafna? Hver er veltuhraði birgða?*
- *Hver er skuldsetning fyrirtækisins, miðað við eignir? Miðað við skuldir og eigið fé?*

Rekstur flestra stærri fyrirtækja er með þannig flækjustig að einstakir stjórnendur eiga erfitt með að hafa yfirsýn yfir alla þætti hans. Með aðstoð öflugra viðskipta- og greindarlausna verður það gerlegra.

Tæknin er orðin þannig að flestar viðskiptalausnir hafa notendavænt viðmót þannig að notendur geta á stuttum tíma náð leikni í notkun þeirra. Með því að útbúa sniðmát fyrir staðlaðar skýrslur verður upplýsingavinnsla innan fyrirtækja á allan hátt skilvirkari. Stutt notendanámskeið dugar til að gera notendur sjálfbjarga.

Mörg fyrirtæki á Íslandi hafa þegar fjárfest í búnaði sem þarf til að setja upp öflugt greindarlausnaumhverfi. Þorri íslenskra fyrirtækja hefur þegar keypt Microsoft-búnað sem samanstendur af viðskiptakerfi (m.a. Microsoft Dynamics AX eða NAV, SQL grunni, Sharepoint vefgátt og ýmsum notendakerfum (Word, Excel, o.fl.). Þeirri fjárfestingu fylgja flest tilskilin leyfi sem til þarf til að nota Microsoft BI lausnir. Sú margvíða greining sem s.k. OLAP teningar Microsoft bjóða upp á gerir notendum kleift að fá innsýn í gögn á hraðan, skilvirkan og gagnvirkan hátt. Á grundvelli teninganna má útbúa skýrslur og mælaborðssýnir sem draga enn betur fram kjarnaatriðin í rekstri fyrirtækja.



**HAMAST Í TÖLVUNNI** Greinarhöfundur veltir upp möguleikum á sviði upplýsingatækninnar til að koma á umbótum í rekstri og kostnaðargreiningu í fyrirtækjum. Sjaldan hafi þörfin verið jafnmikil og nú. MARKAÐURINN/VALLI

ORÐSKÝRINGIN

## Vísitala neysluverðs



Vísitala neysluverðs er mælikvarði á verðbreytingar neysluvara og í daglegu tali nefnd verðbólguvísitalan, enda mælir hún verðbólgu eða -hjöðnun eftir atvikum. Hagstofan annast mælingu á vísitölunni og birtir niðurstöðurnar mánaðarlega. Síðast var verðbólgumæling birt í gær og hafði lækkað nokkuð milli mánaða. Tólf mánaða verðbólga er nú 15,2 prósent.

Hagstofan kannar verð á um 800 vöru- og þjónustuliðum og innan hvers liðar er kannað verð í mismunandi verslunum og á mismunandi vörumerkjum. Í fróðleiksmolum greiningardeildar Kaupþings kemur fram að mánaðarlegar verðskráningar eru því um 14 þúsund talsins. „Val á vöru- og þjónustuliðum, verslunum og vörumerkjum byggir á neyslukönnunum sem framkvæmdar eru reglulega meðal almennings. Meðal mikilvægra liða í vísitölunni eru húsnæði, bifreiðar, matvara, rafmagn og hiti.Hver vöru- og þjónustutegund fær vægi í hlutfalli við hve stór hluti hún er af neyslu þjóðarinnar.“

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. RITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson, *olikr@markadurinn.is* RITSTJÓRN: Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, *jonab@markadurinn.is* AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 miðlar ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.




# Nú fer hver að verða síðastur!

*Allt í steik lýkur 29. mars*

## 4ra rétta seðill

**1** HRÁSKINKA „PROSCIUTTO“
með fíkjum, salati og ferskum parmesanosti

**2** RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA
með humarfrauði

VELDU MILLI ÞRIGGJA AÐALRÉTTA

**3**

MARINERAÐUR KÁLFAHRYGGUR Á BEINI
með ristuðu grænmeti, kartöflumauki
og hunangskryddsósu (4.590 kr.)

ÖND
með appelsínusósu og kartöfluköku (5.590 kr.)

NAUTALUND
Béarnaise með grilluðu hvítlauksristuðu spínati
og sperglum (6.590 kr.)

**4** LOGANDI CRÈME BRÛLÉE
með súkkulaði ís

*Gjafabréf Perlunnar*
*Góð tækifærisgjöf!*



*Allt í steik verð frá* **4.590 kr.**

**Nýr A la Carte hefst 30. mars!**

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207 - *Netfang* perlan@perlan.is - *Vefur* www.perlan.is

Lindsay · Garri · Lambhagi · Egils · Kjötsmiðjan · Globus · Perlukaup · Marland (Fiskur er okkar fag) · A. Karlsson · Bakkus · Ora · Ísfugl · Gevalia

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**BANKAHÓLFIÐ**

## Glæsileg lausn

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra ýtti rækilega undir væntingar um farsæla lausn á Icesave-málinu í viðtali í Zetunni, nýjum viðtalsþætti mbl.is. Hann sagði glæsilega niðurstöðu í augsýn og kvað Svavar Gestsson, formann viðræðunefndarinnar, njóta fyllsta trausts. Ráðherrann lét hins vegar hjá líða að nefna í hverju lausnin glæsilega kynni að felast. Kannski hefur hann í huga hugmyndir um að bresk stjórnvöld taki að mestu yfir þrotabú Landsbankans upp á að ná þar út eins miklum verðmætum og þau geti, gegn því að einnig verði yfirteknar Icesave-skuldbindingar. Heimildir Markaðarins herma hins vegar að enn sé verið að ræða marga mögulega kosti við Breta og lausn tæpast í augsýn.



## Ónýtt nafn?

Lítill fótur virðist fyrir fleiri sögum sem hátt fara í bankaheiminum þessa dagana og kannski gott til þess að hugsa að ekki hafi dregið úr kjaftagleði í geiranum þrátt fyrir fall fjármálakerfisins. Þannig flýgur sú saga fjöllum hærra að búið sé að ákveða að skipta starfsemi Nýja-Landsbankans á milli Íslandsbanka og Kaupþings. Landsbankanafnið sé ónýtt eftir að Icesave-ævintýrið fæst ekki fjarlægt af hryðjuverkalista Breta.

Engar líkur munu hins vegar á ákvörðunum í þessa veru fyrr en að fullu hefur verið gengið frá efnahagsreikningi bankanna, til að menn viti þá hverju er upp að skipta. Þá virðist gleymast að Landsbankinn nýi gæti sem hæglegast falið forsöguna með einföldum nafnaskiptum. NBI hljómar jú vel og afturhvarf Nýja-Glitnis til Íslandsbankanafnsins þykir hafa tekist vel. En endanleg ákvörðun bíður væntanlega nýrrar ríkisstjórnar.

## Á röngunni

Viðskiptaráð auglýsti á mánudag morgunverðarfund um sjálfstæða mynt í kreppunni, sem halda átti í gær samkvæmt auglýsingu. Þegar grennslast var fyrir um málið reyndist dagsetningin röng. Hið rétta er að fundurinn verður í dag. Þá er Hörður Arnarson í auglýsingunni sagður forstjóri Marel Food Systems. Fljótt skipast veður í lofti því nýr forstjóri var settur yfir fyrirtækið um helgina og verður Hörður því milli starfa á fundinum. Taka má málið lengra því Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra flytur opnunarávarp. Eins og málin hafa þróast í tengslum við fundinn má allt eins gera ráð fyrir því að hann verði á milli ráðuneyta.



**65** prósenta lækkun hefur orðið á markaðsvirði Royal Unibrew, næststærstu bruggverksmiðju Danmerkur, frá því félagið birti ársuppgjör sitt fyrir mánuði. Stoðir eiga fjórðung í félaginu.

**228** milljarðar króna, eða tveir milljarðar Bandaríkjadala, fara í bónus til starfsfólks bandarísku verslunarkeðjunnar Wal-Mart á árinu. Starfsmenn eru um milljón talsins.

**35** starfsmenn Teathers, verðbréfamiðlunar Straums í Bretlandi, hafa verið ráðnir til Singer Capital Markets. Singer var áður í eigu Kaupþings.


Sony Center



Sony Center kynnir

Ný Sony tökuvél, engin spóla, enginn diskur, ekkert vesen.

**SX30 er vönduð, nett og skemmtileg tökuvél.**

- DCR-SX30
- Tekur allt að 2 klst. og 55 min. á innbyggt minni - 4GB
- Vönduð Carl Zeiss linsa með 60x aðdrætti
- SteadyShot hristivörn – fyrir mynd sem ekki skelfur á skjánum
- Face Index - svo auðvelt sé að finna upptökur af vinum og vandamönnum
- 2,7 tommu litasnertiskjár – stór og bjartur skjár
- One Touch Disc Burn - auðveldar til muna að brenna disk með upptökum
- MemoryStick minniskortarauf - fyrir aukið pláss til upptöku

Fæst rauð, blá og silfurlituð

**Verð 64.990,-**



SONY

Sony Center
Kringlunni
103 Reykjavík
Sími: 512-3300
www.sonycenter.is



SAMSUNG
CLX-3160FN




SAMSUNG Á SKRIFSTOFUNA!

FRÁBÆRT FJÖLNOTATÆKI

*LITA LASERPRENTARI*: Upplausn: 2400 X 600 dpi
*SKANNI OG LJÓSRITUN*: Upplausn: 600 X 1200 (max 4800 X 4800 )
*FAXTÆKI*: Leshraði: 3 sek pr/bls · Númeraminni: 30 beint
*ALMENNT*: Pappírsbakki inn/út: 150/100 blöð · Minni: 128 MB
*TENGING*: USB 2.0, Ethernet 10/100BaseTX

TILBOÐSVERÐ: 69.900,-
VERÐ ÁÐUR: ~~89.900,-~~

NÝR LITA LASER-PRENTARI



SAMSUNG
CLP-310

NÝR, NETTUR, HLJÓÐLÁTUR OG SKARPUR LITA LASER-PRENTARI

*Upplausn*: 2400 X 600 dpi
*Minni*: 32MB
*Hljóðmagn*: <49dB
*Stuðningur*: Windows, Mac OS 10.3.x og Linux
Tenging: USB 2.0

VERÐ: 39.900,-



SAMSUNG
SCX-4300

NÝTT FJÖLNOTATÆKI

LASER-PRENTARI
SKANNI, LJÓSRITUN
*Laserprentari*: Svart-hvítur
*Prenthraði*: 18 bls./mín.
*Skanni og ljósritun*: Upplausn: 600x2400dpi
*Stuðningur*: Windows, Mac OS, Linux
Tenging: USB 2.0

VERÐ: 37.900,-

ORMSSON

SKRIFSTOFUVÖRUR · SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## SVEITABJÚGU KOFAREYKT FRÁ KJARNAFÆÐI
**20% AFSLÁTTUR.**
MERKT VERÐ 499 KR./KG.

# 398

## SVÍNA HAMBORGARHRYGGUR FRÁ KJARNAFÆÐI
**10% AFSLÁTTUR.**
MERKT VERÐ 998 KR./KG.

# 898

## BAYONNESKINKA FRÁ KJARNAFÆÐI
**25% AFSLÁTTUR.**
MERKT VERÐ 1.331 KR./KG.

# 998










## SÉRVALIÐ LAMBAKJÖT!










# 399

KJÖTFARS, FERSKT, FRÁ KJARNAFÆÐI
**10% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 442 KR./KG.

# 698

HEIMILISPYLSUR FRÁ KJARNAFÆÐI
**10% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 776 KR./KG.

# 2.598

LAMBA RIB-EYE, FROSIÐ FRÁ KJARNAFÆÐI

# 2.598

LAMBA INNRALÆRI, FROSIÐ FRÁ KJARNAFÆÐI

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

**OPIÐ:** **FÖSTUD:** 10:00 TIL 19:30. **LAUGARD:** 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00

**ELTON JOHN ER 62 ÁRA**

*„Ég er hrifinn af Britney Spears, mér finnst hún sæt. Mér finnst hún skemmtileg og ég er hrifinn af plötunum hennar. Ég er ekki snobbaður á tónlist, skilurðu.“*

***Elton John er einn ástsælasti tónlistarmaður síðustu áratuga og hefur selt um 200 milljónir platna. Á ferli sínum hefur hann átt yfir 50 smelli á topp-40 vinsældalistum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 25. MARS 1995

## *Mike Tyson losnar úr fangelsi*



Hnefaleikarinn Mike Tyson var handtekinn í júlí árið 1991 fyrir nauðgun. Hann var sakfelldur í febrúar og hlaut sex ára dóm og hófst afplánun strax eftir réttarhöldin. Tyson sat inni í þrjú ár og snerist til íslam áður en honum var sleppt þennan dag árið 1995. Fyrstu tvo bardagana eftir að hann losnaði úr fangelsi vann hann auðveldlega, á móti Peter McNeeley annars vegar og Buster Mathis hins vegar.

Tyson giftist leikkonunni Robin Givens árið 1988 en Givens fór fram á skilnað ári síðar. Ástæða skilnaðarins var hversu Tyson var laus höndin. Árið 1997 giftist hann Monicu Turner og eignuðust þau tvö börn. Það hjónaband endaði einnig með skilnaði árið 2003 vegna framhjáhalds Tysons en hann á að minnsta kosti tvö börn að auki með öðrum konum.

Árið 2005 kom Tyson heiminum á óvart þegar hann tilkynnti að hann væri hættur að boxa eftir viðburðaríkan feril og oft og tíðum skrautlegan. Tyson sagðist ekki hafa hugrekkið né hjartað í íþróttinni lengur. Hann hefur síðan verið handtekinn með eiturlyf í fórum sínum og viðurkennt að eiga við fíkn að stríða. Árið 2007 fór saksóknari fram á árs fangelsi yfir Tyson vegna eiturlyfjamisferlis en Tyson var dæmdur til 24 tíma fangelsis auk samfélagsþjónustu með því skilyrði að hann leitaði sér hjálpar.

**MERKISATBURÐIR:**

1807 Breska þingið bannar þrælaverslun.
1821 Grikkir lýsa yfir sjálfstæði eftir uppreisn gegn Tyrkjum.
1838 Póstskip sem lenti í hrakningum við Dyrhólaey og hraktist til Noregs kemur til landsins eftir fjögurra mánaða bið eftir byr.
1901 Fyrsta tvígengisdísilvélin sýnd í Manchester.
1957 Rómarsáttmálinn samþykktur með þátttöku Belgíu, Hollands, Lúxemborgar, Frakklands, Ítalíu og Vestur-Þýskalands.
1975 Vatnsfjörður í Barðastrandarsýslu friðlýstur.
1992 Sjötíu ára gömul lög um bann við löndun úr erlendum fiskiskipum á Íslandi afnumin.



*Elskulegur bróðir okkar og frændi,*

**Þorvaldur Pétursson,**
Stórholti 4, Akureyri,

lést þann 15. mars sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**María Pétursdóttir**
**Guðmundur Pétursson**



*Elsku hjartans móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðný Guðmundsdóttir**
frá Svanhól Vestamannaeyjum, síðast til heimilis að Ljósheimum Selfossi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands sunnudaginn 22. mars. Útför hennar verður auglýst síðar.

**Þórdís Bjarney Jóhannsdóttir** — **Helgi Hermannsson**
**Hrafnhildur Jóhannsdóttir** — **Ólafur Bachmann**
**Sigurður Hilmir Jóhannsson** — **Guðbjörg Guðjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar ástkæra eiginkona, móðir, stjúpmóðir, amma, systir, vinur og lífsins ljós,*

**Helga Erlendsdóttir,**
Árnanesi, Nesjum Hornafirði,

lést að kveldi 23. mars á Landspítalanum við Hringbraut.

**Fyrir hönd fjölskyldu og vina,**

**Ásmundur Gíslason**
**Ragna Eiríksdóttir**
**Erlendur Eiríksson**

LEIKFÉLAG HÖRGDÆLA: STYRKIR KRABBAMEINSFÉLAG AKUREYRAR

# Leikið í minningu Hólmfríðar

Sýningar á farsanum Stundum og stundum ekki eftir Arnold og Bach, hafa staðið yfir hjá Leikfélagi Hörgdæla í mars. Annað kvöld mun innkoma sýningarinnar renna óskert til Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis en sýningin er tileinkuð minningu Hólmfríðar Helgadóttur.

„Hólmfríður starfaði mikið fyrir Leikfélag Hörgdæla og þegar hún greindist með krabbamein fyrir nokkrum árum hélt hún áfram að styðja við leikfélagið,“ útskýrir Tryggvi Gunnarsson, varaformaður Leikfélags Hörgdæla og kynningarfulltrúi. „Hólmfríður mætti á allar sýningar hjá okkur og var okkur stoð og stytta þar til hún lést í desember síðastliðnum. Hugmyndin kom svo upp í febrúar fyrir frumsýningu að heiðra minningu hennar með því að styrkja Krabbameinsfélagið sérstaklega.“

Tryggvi reiknar með að leikfélagið muni afhenda Krabbameinsfélaginu eitthvað í kringum 250.000 krónur eftir sýninguna annað kvöld en húsfyllir hefur verið á hverja sýningu á fætur annarri síðan frumsýnt var 5. mars. Það muni koma Krabbameinsfélaginu vel en margir skjólstæðingar þess þurfa að leggja land undir fót til að leita sér lækninga.

„Ég held að það sé ekki oft sem áhugaleikhús gera svona lagað og þetta kætti Krabbameinsfélag Akureyrar gríðarlega mikið þegar við bárum hugmyndina undir þau. Félagið sér fyrir sér að nota peningana til að styrkja sjúklinga sem þurfa að leita til Reykjavíkur í meðferð, til dæmis með gistingu.“

Æfingar hjá leikfélaginu hófust í janúar en um 30 manns koma að sýningunni. Starfið innan leikfélagsins er öflugt en leikfélagið sýndi fyrst árið 1928 og hefur sett upp sýningar að meðaltali annað hvert ár síðan þá. Tryggvi segir æfingar hafa gengið vel og viðtökurnar sem verkið hafi fengið fram að þessu frábærar.

„Fólk segist hlæja stanslaust í 90 mínútur af þeim 110 mínútum sem sýningin stendur yfir,“ segir Tryggvi. „Leikritið var fyrst sýnt í Iðnó árið 1940 en var bannað því það þótti særa blygðunarkennd Íslendinga. Fólk verður bara að koma og meta sjálft hvort við séum orðin eitthvað sérstaklega siðlaus hér í Hörgárdalnum,“ bætir hann við hlæjandi en hann fer sjálfur með hlutverk í sýningunni. „Mitt hlutverk dansar einmitt á mörkum siðferðis. Ég starfa sem sölumaður í Húsasmiðjunni og undanfarið hafa konur tekið sveig fram hjá mér eftir að hafa séð mig á sviðinu.“

Að öllu gamni slepptu segir Tryggvi inntak leikritsins eiga vel við í dag en það var skrifað í kringum 1935. Sagan gerist á skrifstofu siðferðismálaráðherra og fjallar um hvernig hver klórar öðrum á bakinu til að fá sínu framgengt. Sýnt er á Melum í Hörgárdal og er miðasala í símum 862 6821 og 695 7185 milli klukkan 17 til 19 virka daga og milli klukkan 13 til 17 um helgar.

**heida@frettabladid.is**



**SÆRÐI BLYGÐUNARKENND** Í leikritinu bregður fyrir konum í sundbolum en það féll ekki í kramið í Iðnó árið 1940 og leikritið var bannað. Ásta Júlía Aðalsteinsdóttir, Halla Halldórsdóttir, Stefanía Elísabet Hallbjörnsdóttir, Sunna Dögg Róbertsdóttir og Helga Jónsdóttir í hlutverkum sínum. MYND/LEIKFÉLAG HÖRGDÆLA




# Alþjóðleg ættleiðing

Opinn kynningarfundur verður í kvöld klukkan 20.30 í Safnaðarheimili Seltjarnarneskirkju, á starfi Alþjóðlegrar ættleiðingar.

Starfsemi félagsins verður kynnt en félagið var stofnað í lok árs 2008 og er því ætlað að hafa milligöngu um ættleiðingar erlendis frá til Íslands. Unnið er að löggildingu félagsins og að því að ná samningum um ættleiðingar við tvö lönd, Kenía og Pólland. Starfsemi félagsins er unnin í sjálfboðavinnu og renna tekjur félagsins til þess að koma á milliríkjasamningum um ættleiðingar.

Nánari upplýsingar á http://intadopt.worepress.com.



Birna Ósk Einarsdóttir, formaður Alþjóðlegrar ættleiðingar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



*Okkar ástkæri,*

**Jón Óskar Guðmundsson**
Hrafntóftum 2, Rang., áður Langholtsvegi 44,

verður jarðsunginn laugardaginn 28. mars kl 13.00 frá Oddakirkju á Rangárvöllum. Blóm og kransar afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hins látna láti Minningarsjóð Ólafs Björnssonar á Hellu njóta þess.

**Sigurbjörg Ingvarsdóttir**
**Ragnheiður Jónsdóttir** — **Hafsteinn Ingvarsson**
**Þórunn Jónsdóttir** — **Steinn Þór Karlsson**
**Elísabet Vilborg Jónsdóttir** — **Steinar Þór Jónasson**
**Pálína Jónsdóttir** — **Björgúlfur Þorvarðsson**
**Margrét Fjeldsted**
**Jóna Borg Jónsdóttir** — **Ludvig Guðmundsson**
**og fjölskyldur þeirra.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Auðun Hlíðar Einarsson,**
Neshaga 14, Reykjavík,

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund fimmtudaginn 19. mars. Útför hans verður frá Neskirkju fimmtudaginn 26. mars kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á að styrkja Dvalar- og hjúkrunarheimilið Grund.

**Karen Tómasdóttir**
**Halla Auðunardóttir**
**Hannes Auðunarson** — **Heiða Björk Marinósdóttir**
**Katrín Auðunardóttir** — **Björn Oddsson**
**og barnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Ingi Sævar Oddsson**
Asparási 1, Garðabæ,

lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut, fimmtudaginn 19. mars sl. Útför hans verður frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 27. mars kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á söfnunarátak Hjartaheilla.

**Þuríður Antonsdóttir**
**Hrafnhildur Ingadóttir** — **Barði Ágústsson**
**Oddur Ingason**
**Gunnar Ingason** — **Svanhildur Kristinsdóttir**
**Ómar Ingason** — **Aníta Berglind Einarsdóttir**
**og barnabörn.**

# ALLTAF BETRA VERÐ

## FERMINGATILBOÐ FERMINGATILBOÐ



### TOSHIBA FARTÖLVA

**Toshiba L300-1DT**

2.16GHz Intel Core Duo T3400 örgjörvi • 2GB (1x2GB) DDR2 800MHz minni • 160GB SATA harðdiskur • DVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA breiðtjaldsskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Innbyggt 10/100 netkort og 56K mótald • 3xUSB 2.0, VGA, ExpressCard Slot ofl. • Windows Vista Business með XP Pro

**99.990**





*Einnig fáanleg hvít eða bleik*

### msi FARTÖLVA

**MSI Wind U100 fartölva**

Atom N270 (1.6GHz) örgjörvi • GMA 950 skjákort • 2GB vinnsluminni • 160GB harður diskur • Þráðlaust netkort • Bluetooth • Vefmyndavél • Windows XP Home

**79.990**

## STAFRÆNN MYNDARAMMI



### PHILIPS

**Philips 7FF3FPB**

7" LCD stafrænn myndarammi • 480x234 upplausn • Myndir beint af USB 2.0 eða myndavélakorti • CompactFlash, SD, SDHC, MMC & XD • Memory Stick Pro kortalesari • Styður JPEG • Windows og MacOS X

**19.990**

## STAFRÆN MYNDAVÉL



### CASIO

**Casio EXZ19**

9,1 milljón punkta uppl. • EXILIM Engine 2.0 • BEST SHOT • Face Detection • Anti-Shake DSP hristivörn • 2.6" LCD skjár • 3x Optical og 4x Digital Zoom • You Tube Capture Mode • Hreyfimyndataka • 11.4MB minni

YouTube CAPTURE MODE · SUPER LIFE BATTERY

**19.990**

## MYBOOK FLAKKARI



**1 TB**

**WD Essential 2 - 1 Terabyte**

1TB flakkari frá WD með hljóðlátum og umhverfisvænum WD Green hörðum disk. Slekkur á sér um leið og tölvan og sparar þannig orku.

**20.990**

## MARGMIÐLUNARSPILARI



**Western Digital HD Media**

Margmiðlunarspilari sem gerir þér kleift að nota USB flakkarann þinn til að spila af. Spilar allar tegundir kvikmynda frá Avi til MKV háskerpumynda. Styður SRT texta.

WD · HDMI · Full HD 1080P

**34.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS www.tolvulistinn.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR | KÓPAVOGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 | HLÍÐASMÁRA 10<br>S: 414 1760 |



NOKKUR ORÐ

Alma Guðmundsdóttir

# Páskaeggin búin til heima

Mér finnst hálf óraunverulegt hvað það er stutt í páska því mér finnst eins og ég hafi verið að taka niður jólaskrautið í gær. Það eru samt nokkrar vikur síðan páskaegg urðu sjáanleg í verslunum, svona eins og jólaskrautið sem sett var upp í verslunum löngu fyrir jól.

Rétt eins og heimatilbúnar gjafir urðu vinsælli en oft áður fyrir jólin lítur út fyrir að heimatilbúin páskaegg verði vinsælli en nokkru sinni fyrr í ár. Eins og greint var frá hér í Fréttablaðinu á dögunum hafa páskaeggjamót ekki selst eins vel í áraraðir. Mótin eru mátulega stór og það má nota þau oft og mörgum sinnum svo það er töluverður sparnaður í þeim fólginn bæði hvað varðar peninga og kaloríur. Svo má auðvitað nota mótin í konfektgerðina fyrir jólin svo þau standi ekki ónotuð þar til á næsta ári. Með því að gera páskaeggið sjálfur er líka hægt að búa til sína eigi súkkulaðiblöndu, fylla eggin með því góðgæti sem manni finnst best og handskrifa málshátt eða frumsamið ljóð ef maður vill vera einstaklega frumlegur.



Foreldrar hafa ef til vill áhyggjur af því að börnin þeirra verði fyrir vonbrigðum ef þau fá ekki páskaegg frá ákveðnum framleiðanda, en ég er viss um að flestum krökkum finnst ekki ónýtt að fá að dýfa fingrunum ofan í bráðið súkkulaði á meðan þau búa til eigið páskaegg og fá að skreyta það að vild.

Ég sé enga ástæðu til að fara á taugum yfir páskaeggjakaupum í ár, því ef eggið sem mann langar í verður uppselt er um að gera að festa kaup á páskaeggjaformi, bretta upp ermarnar og hefja tilraunastarfsemina í eldhúsinu.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







VesturPort

DUBBELDUSCH

eftir Björn Hlyn Haraldsson

SÝNT Í HAFNARFJARÐARLEIKHÚSINU

| | | |
|---|---|---|
| 27.03.09 | Föstudagur | 20:00 |
| 28.03.09 | Laugardagur | 20:00 |
| 03.04.09 | Föstudagur | 20:00 |
| 18.04.09 | Laugardagur | 20:00 |

Miðasala í síma 555 2222 og á midi.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 28/3 kl. 14:00 | U | Lau 18/4 kl. 17:00 | U | Sun 3/5 kl. 17:00 | U |
| Lau 28/3 kl. 17:00 | U | Sun 19/4 kl. 14:00 | U | Þri 5/5 kl. 18:00 | U |
| Sun 29/3 kl. 14:00 | U | Sun 19/4 kl. 17:00 | U | Sun 10/5 kl. 14:00 | U |
| Sun 29/3 kl. 17:00 | U | Lau 25/4 kl. 14:00 | U | Sun 10/5 kl. 17:00 | U |
| Lau 4/4 kl. 14:00 | U | Lau 25/4 kl. 17:00 | U | Lau 16/5 kl. 14:00 | U |
| Lau 4/4 kl. 14:00 | U | Sun 26/4 kl. 14:00 | U | Lau 16/5 kl. 17:00 | U |
| Sun 5/4 kl. 17:00 | U | Sun 26/4 kl. 17:00 | U | Sun 17/5 kl. 14:00 | U |
| Sun 5/4 kl. 17:00 | U | Þri 28/4 kl. 18:00 aukas. | U | Sun 17/5 kl. 17:00 | U |
| Lau 18/4 kl. 14:00 | U | Sun 3/5 kl. 14:00 | U | Sun 24/5 kl. 14:00 | U |

Ósóttar pantanir seldar þremur dögum fyrir sýningu

Hart í bak (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Mið 25/3 kl. 20:00 | U | Mið 15/4 kl. 20:00 | Ö | Fös 8/5 kl. 20:00 | |
| Mið 1/4 kl. 20:00 | Ö | Fim 23/4 kl. 20:00 | | Lau 9/5 kl. 20:00 | |
| Fim 2/4 kl. 20:00 | Ö | Lau 2/5 kl. 20:00 | | Fös 15/5 kl. 20:00 | |

Þrettándakvöld (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 26/3 kl. 20:00 4.sýn. | Ö | Fös 3/4 kl. 20:00 6.sýn. | | Fös 17/4 kl. 20:00 8.sýn | |
| Fös 27/3 kl. 20:00 5.sýn. | Ö | Fim 16/4 kl. 20:00 7.sýn. | U | | |

Í samstarfi við Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands

Sædýrasafnið (Kassinn)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 26/3 kl. 21:00 fors. | U | Fös 3/4 kl. 21:00 | Ö | Lau 18/4 kl. 21:00 | |
| Fös 27/3 kl. 21:00 frums. | U | Sun 5/4 kl. 21:00 | | Fös 24/4 kl. 21:00 | |
| Lau 28/3 kl. 21:00 | Ö | Fös 17/4 kl. 21:00 | Ö | Lau 25/4 kl. 21:00 | |

Ath. snarpt sýningatímabil

Skoppa og Skrítla í söng-leik (Kúlan)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 28/3 kl. 13:00 | U | Lau 18/4 kl. 13:00 | | Lau 25/4 kl. 14:30 | |
| Lau 28/3 kl. 14:30 | U | Lau 18/4 kl. 14:30 | | | |
| Lau 28/3 kl. 16:00 auka. | U | Lau 25/4 kl. 13:00 | | | |

Örfáar aukasýningar með bestu vinkonum barnanna

Eterinn (Smíðaverkstæðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 26/3 kl. 21:00 | Ö | Fim 2/4 kl. 21:00 | | Fim 16/4 kl. 21:00 | |
| Fös 27/3 kl. 21:00 | | Fös 3/4 kl. 21:00 | | Fös 17/4 kl. 21:00 | |

Miðaverð aðeins 2.000 kr.

FLOTGÓLF GIFS&MÚRVERK

Flotgólf ehf. býr yfir vel þjálfuðum starfsmönnum, besta fáanlega búnaði til múrframkvæmda og rekstraraðilar þess eru frumkvöðlar í vélvæðingu í múrverki. Verslaðu við fagmenn - það margborgar sig!




Flotgólf ehf. - Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ - Sími 555 6888 -flotgolf@flotgolf.is - www.flotgolf.is

MotorMax

Söluferli

Sala á Mótormax ehf. og tengdum félögum

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hefur verið falið að annast söluferli á Mótormax ehf. og tengdum félögum. Söluferlið er opið öllum fjárfestum sem geta sýnt fram á nægilegan fjárhagslegan styrkleika til að standa að kauptilboði í félögin.

Áhugasömum aðilum er bent á að hafa samband með því að senda tölvupóst á tölvupóstfangið fyrirtakjaradgjof@landsbankinn.is. Afhending sölugagna verður háð undirritun trúnaðaryfirlýsingar.

Söluferlið hefst þann 25. mars 2009 með afhendingu fyrstu sölugagna til þeirra aðila sem uppfylla skilyrði ferlisins. Frestur til að skila inn óskuldbindandi tilboðum rennur út þann 2. apríl 2009. Í framhaldinu verða tilboðin metin og einn eða fleiri fjárfestar valdir til áframhaldandi þátttöku í söluferlinu.

25. mars 2009

Landsbankinn

# Einn maður í leit

Það er víst óhætt að nota orðið gjörning um þá uppákomu sem frumsýnd var á föstudagskvöldið á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins.

Er ég eða er ég ekki? Hvaðan kemur allt? Hvernig er allt og af hverju er allt eins og allt er? Er líf eftir dauðann? Er ég örugglega á þeim stað sem ég er núna, eða er ég kannski á á tveimur stöðum í einu? Upp úr þessum spurningum og fleirum veltir listamaðurinn Þórir Sæmundsson fyrir sér um leið og hann fer í heljarinnar mikla ferð á sviðinu þar sem hann tjáir sig í hinum ýmsu listformum. Myndmálið er skýrt og notkun skjás með ágengum myndum um leið og hljóð af ýmsu tagi eru framleidd er mjög áhrifaríkt fyrir svo utan að einleikur hans á gamalt útvarpstæki þar sem hann nýtir á einhvern máta logsuðutæki við hljómflutninginn var ákaflega smart og heillandi.

Hann hleypur, eyðir orku, leitar að orku og smeygir inn myndskeiðum á skjái um leið og hann býr til elektróníska tónlist. Þetta er allt gott og blessað og hann fangar athygli áhorfenda. Eter er það heiti sem notað er fyrir ljósvaka í flestum nágrannamálum vorum en mun samkvæmt prógramblaði vera komið úr grísku og vísar til heiðs himins eða dvalarstað guða Forn-Grikkja.

Þetta var heljarinnar sjónræn upplifun, kokkteill hugmynda þar



**LEIKLIST**

**Eterinn**

Höfundur og leikari:
Þórir Sæmundsson

Mynd ©Tinna Lúðvíksdóttir 2009

sem einn maður þeytist um eins og að hann sé að fara frá einum pósti til annars til þess að sýna hverjir möguleikarnir eru. Hitt er svo annað mál að það var nokkur akkilesarhæll á sýningunni að listamaðurinn skyldi velja dramatíkina til þess að tengja atriði sín saman.

Hann dvelur nokkuð við frásögn um ömmu sína úr Grímsey og hæfileika hennar til þess að sjá inn í aðra heima svo og sína eigin skyggnihæfileika.

Hin leikræna frásögn milli gjörningahlutanna lifnaði aldrei nógu vel við. Ástæðan getur vel legið í því að hér vantaði leikstjóra til þess að brýna þennan metnaðarfulla listamann og hjálpa til við að framkalla þær minnismyndir sem því miður lifnuðu ekki nógu vel í frásögnunum sem þó voru verulega athyglisverðar.

Listamaðurinn tekur þó fram í prógrambaði sínu að hann sé ekki að leika, hann sé einfaldlega að segja frá einhverju. En til þess að frásögn lifni og verði áheyrileg verður sá sem heldur um sprotann að njóta frásagnarinnar og nálgast verkefnið með áhorfendur í huga. Þetta er ekki leiksýning né heldur leikverk, en þó flutt á leiksviði í meira en einn klukkutíma þar sem meginefnið er að skilgreina bæði verkið, heiminn og egóið.

Í lok sýningar rammar hann sig inn í neonlitaðan hring þar sem hann er að lokum orðinn einn. Það voru myndrænar og sjónrænar uppáhaldsstundir sem gaman hefði verið að frysta og geyma en slíkur er töframáttur gjörnings augnabliksins að hann kemur ekki aftur. Þórir Sæmundsson stendur einn sem höfundur þessa verks þó hann hefði átt að láta getið hvaðan hann fékk myndir þær er varpað var á vegg og skjá til skiptis.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að áhorfendur, einkum af yngri kynslóðinni, munu hafa af þessu nokkra skemmtun. **Elísabet Brekkan**

ÞVOTTA DAGAR
19.–29. MARS
TILBOÐSVERÐ
15% afsláttur
Allar einstakar þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar eru nú á tilboðsverði.
ORMSSON
Gerðu hreinlega góð kaup!
AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI
Splunkunýjar þvottavélar frá AEG á splunkunýju tilboðsverði!
AEG þvottavél
LAVAMAT 62840
1200 snúninga vél sem tekur 6 kg af þvotti. Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi. Tímaskjár sem sýnir framvindu þvottakerfa og eftirstöðvar þvottatíma.
Þvottahæfni: A · Þeytivinduafköst: B
Orkuflokkur: A+
Tilboðsverð: Kr. 99.900
AEG þvottavél
LAVAMAT 64840
1400 snúninga vél sem tekur 6 kg af þvotti. Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi. Tímaskjár sem sýnir framvindu þvottakerfa og eftirstöðvar þvottatíma.
Þvottahæfni: A · Þeytivinduafköst: B
Orkuflokkur: A+
Tilboðsverð: Kr. 109.900
Þú gerir ekki betri kaup á hágæða þvottavélum!
ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON BÓKABÚÐ-HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
Sjá nánar á www.ormsson.is

BÓNUS BÓNUS
BÓNUS HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 698 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR
489 kr./kg.
BÓNUS KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2220 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR
1554 kr./kg.
BÓNUS KJÚKLINGALUNDIR
MERKT VERÐ 2598 KR./KG. 35% AFSLÁTTUR
1689 kr./kg.
BÓNUS ÝSUBITAR Í RASPI
FORSTEIKTIR ÞARF AÐEINS AÐ HITA
800g 698 kr.
NÝJUNG Í BÓNUS
BÓNUS ÝSA Í KARRÝSÓSU
BÓNUS PLOKKFISKUR
998 kr./kg.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
OPIÐ MIÐVIKUDAG: 12.00-18.30








*„Ég er önnum kafin. Ég á frábæra vini og yndislega fjölskyldu. Allir mínir draumar eru að rætast.“*

**NICOLE RICHIE**
**Setur á stofn fatalínu fyrir barnshafandi konur.**



*„Ég græddi fullt af nýju efni fyrir uppistandið mitt og get ekki beðið eftir að fara aftur á ferðina.“*

**ROBIN WILLIAMS**
**Nýkominn úr hjartaaðgerð.**



*„Það voru nokkur erfið hasaratriði. Á hverjum degi leið mér eins og ég væri að klífa Everest.“*

**SETH ROGEN**
**Kvartar undan þunna loftinu í Nýju-Mexíkó við tökur á The Green Hornet.**

# Fólk

folk@frettabladid.is

# Ljóshærður Danny Zuko og dökkhærð Sandy Olsson

**Ólöf Jara Skagfjörð og Bjartur Guðmundsson fara með aðalhlutverkin í Grease sem sett verður upp í Loftkastalanum í sumar.**

„Ég var eiginlega búin að sætta mig við að fá aldrei að leika Sandy því ég er dökkhærð. Sem var sorglegt því ég hef oft horft á Grease og langað til að leika hana og syngja þessi lög. En þegar ég var beðin um að koma í prufu hugsaði ég með mér: Ég skal fá hlutverkið þótt dökkhærð sé,“ segir Ólöf Jara Skagfjörð.

Þriðja íslenska Grease-parið leit dagsins ljós í gær þegar skrifað var undir samninga í Loftkastalanum. Ólöf Jara og Bjartur Guðmundsson taka að sér hin frægu og eftirsóttu hlutverk Danny og Sandy í söngleiknum Grease sem til stendur að setja upp nú í vor og sýna í allt sumar. „Við höfum prufað marga og þetta er niðurstaðan,“ segir Bjarni Haukur, leikhússtjóri í Lofkastalanum.

Söngleikurinn hefur verið settur tvisvar upp á Íslandi áður en Selma Björnsdóttir leikstýrir og tónlistarstjóri er Þorvaldur Bjarni. „Ólöf Jara er dóttir þeirra hjóna Guðrúnar Gunnarsdóttur og Valgeirs Skagfjörð. Svakalega mikil framtíð í henni. Hún er með þetta í blóðinu,“ segir Bjarni Haukur spurður hvað hafi ráðið þessu vali. Ótrúlegur fjöldi hefur mætt í Loftkastalann að undanförnu í áheyrnarprufur. Ólöf Jara og Bjartur feta í fótspor Selmu sjálfrar og Rúnars Freys sem fóru fyrst með þessi hlutverk í íslensku leikhúsi og síðar voru það Birgitta Haukdal og Jónsi. „Þau hafa allt í þetta sem þarf og gott betur eins og íslenskir leikhúsgestir munu komast að.“ Leikhússtjórinn heldur áfram þar sem frá var horfið við að lýsa ágæti nýjasta Grease-parsins. „Þetta eru frábærir leikarar sem passa í hlutverkin. Hún er ekki leiklistarmenntuð en er úr Verzló þar sem hún hefur verið að syngja mikið. Er stjarna þaðan eins og Selma. Og er nú að leika í Kardemommubænum þannig að Selma veit hvað hún getur og kann. Bjartur er að útskrifast úr Leiklistarskólanum og er þetta fyrsta hlutverk hans eftir útskrift. Framtíðin er björt hjá honum hann er hörkuleikari. Svo er gaman að segja frá því að hún er dökkhærð en hann ljóshærður. Það er nýtt,“ segir Bjarni Haukur og vísar til þess að upphaflega Grease-parið var auðvitað þau Olivia Newton-John og John Travolta í myndinni frægu frá árinu 1978.

Bjartur segir þetta verkefni leggjast vel í sig og sér fyrir sér skemmtilega vinnu. „Nei, ég verð að viðurkenna að ekki sá ég fyrir að þetta yrði mitt fyrsta verkefni eftir skóla. Í raun og veru átti ég ekki von á að þessi söngleikur yrði settur upp á þessum tíma. En það er alltaf tími fyrir góða skemmtun. Eitthvað sem eykur gleði í samfélaginu.

jakob@frettabladid.is



**NÝJA GREASE-PARIÐ Í ÖLLU SÍNU VELDI** Þetta er fyrsta hlutverk Bjarts eftir leiklistarnámið en Ólöf Jara er stjarna úr Verzló, líkt og leikstjórinn Selma. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Samdi hjartnæmt grínatriði

Pétur Jóhann, Jón Gnarr, Páll Óskar og Jóhanna Guðrún verða á meðal þeirra sem koma fram í skemmtiþætti Stöðvar 2 á laugardagskvöld þar sem safnað verður fyrir Hjartaheill. Markmiðið er að safna fyrir nýrri hjartaþræðingavél sem kostar yfir 300 milljónir króna. Þema útsendingarinnar verður ástin, rómantíkin og allt það sem talist getur hjartfólgið.

Sigurjón Kjartansson var fenginn til að semja grínatriði fyrir þáttinn og lauk verkefninu á einni helgi. „Mér var það bæði ljúft og skylt að taka þátt. Þetta eru mínir helstu vinir og snillingar í gegnum árin sem þarna koma fram,“ segir Sigurjón og á þar við Pétur Jóhann, Jón Gnarr, Kjartan Guðjónsson og Brynhildi Guðjónsdóttur. „Þetta er einn „skets“ í tveimur hlutum sem tengist hjartanu og snýst um sjúkdómagreiningu. Þetta er mjög athyglisvert en ég held að þessir „sketsar“ tali nú fyrir sig sjálfir.“ Leikstjóri var Sævar Guðmundsson sem leikstýrði einnig Rétti þar sem Sigurjón var einmitt handritshöfundur.

Sigurjón samdi síðast grínatriði fyrir áramótaskaupið og hefur því engu gleymt. „Þegar við gerðum áramótaskaupið var gott að geta gengið í „sketsareynsluna“. Það er alltaf gott að hafa þennan bakgrunn.“

Þátturinn á laugardag verður í tvær og hálfa klukkustund. Þar kemur einnig fram Ilmur Kristjánsdóttir sem ætlar að ræða við fólk á förnum vegi um ástina og rómantíkina.

- fb



**SIGURJÓN KJARTANSSON** Sigurjón Kjartansson samdi grínatriði í tilefni söfnunar fyrir nýrri hjartaþræðingavél. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

mazda




## Vertu á tánum, fáðu þér notaðan sparneytinn Mazda

# Mazda endist og endist

Kauptu notaðan eða nýjan Mazda í dag. Mazda er þekktur fyrir firnagóða aksturseiginleika, viðbragðsgóðar og sparneytnar vélar og stílfágað sportlegt útlit. Komdu í Brimborg í dag og fáðu þér sparneytinn bíl sem endist og endist. Vertu Mazda.

Mazda2 Advance (OUV66).
1,3 bensín beinskiptur 5 dyra.
Skrd. 07/2008. Ek. 780 km.
**Skráður sýningarbíll.**
Kostar nýr 2.790.000 kr.
Afsláttur/afföll 500.000 kr.
**Tilboðsverð 2.290.000 kr.**
18% afsláttur/afföll.




## Komdu í Brimborg Bíldshöfða 8

Fjöldi annarra Mazda bíla í boði. Hringdu núna í síma 515 7000.

Mazda3 Touring (JF068).
1,6 bensín beinskiptur 5 dyra.
Skrd. 01/2006. Ek. 39.000 km.
Ásett verð 1.890.000 kr.
Afsláttur 210.000 kr.
**Tilboðsverð 1.680.000 kr.**
11% afsláttur.



Mazda3 Touring (SS285).
1,6 bensín beinskiptur 4 dyra.
Skrd. 07/2007. Ek. 43.000 km.
Ásett verð 2.240.000 kr.
Afsláttur 250.000 kr.
**Tilboðsverð 1.990.000 kr.**
11% afsláttur.



Mazda6 Touring (VU576).
2,0 bensín sjálfskiptur station.
Skrd. 10/2006. Ek. 72.000 km.
Ásett verð 2.290.000 kr.
Afsláttur 500.000 kr.
**Tilboðsverð 1.790.000 kr.**
22% afsláttur.





Mazda6 Touring (OG811).
2,0 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 05/2007.
Ek. 32.000 km.
Ásett verð 2.790.000 kr.
Afsláttur 400.000 kr.
**Tilboðsverð 2.390.000 kr.**
14% afsláttur.



Mazda5 Touring (LY737).
2,0 bensín beinskiptur 7 manna.
Skrd. 12/2005. Ek. 47.000 km.
Ásett verð 2.290.000 kr.
Afsláttur 230.000 kr.
**Tilboðsverð 2.060.000 kr.**
10% afsláttur.



Mazda6 Sport (TN458).
2,3 bensín beinskiptur 5 dyra.
Skrd. 10/2005. Ek. 75.000 km.
Ásett verð 2.590.000 kr.
Afsláttur 300.000 kr.
**Tilboðsverð 2.290.000 kr.**
12% afsláttur.



Mazda3 Touring (TG195).
1,6 bensín beinskiptur 5 dyra.
Skrd. 07/2007. Ek. 61.000 km.
Ásett verð 2.140.000 kr.
Afsláttur 250.000 kr.
**Tilboðsverð 1.890.000 kr.**
12% afsláttur.




Mazda6 Advance (RVZ93).
2,0 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
**Óskráður sýningarbíll.**
Kostar nýr 4.490.000 kr.
Afsláttur 540.000 kr.
**Tilboðsverð 3.950.000 kr.**
12% afsláttur.

## Öryggi er allra best

*Veldu nýjan eða notaðan bíl með fullkomnu öryggiskerfi:*

- Stöðugleikastýrikerfi DSC
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- Öryggispúði í mælaborði
- Öryggispúði í stýri
- Öryggispúðatjöld í hliðum
- Hliðarpúðar í framsætum
- Öryggisbeltaaðvaranir
- Öryggisbeltastrekkjarar

## Við erum á tánum fyrir þig í dag

*Veldu nýjan eða notaðan bíl með meiri þægindum:*

- Hiti í framsætum
- Hæðarstillanlegt stýri
- Hæðarstilling á ökumannssæti
- Fjarstýring í stýri fyrir hljómtæki
- Geislaspilari
- Loftkæling
- Fjarstýrð samlæsing

selja gamla
kaupa nýjan
eða notaðan

Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan bíl fyrir þig – farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins. Komdu í Brimborg í dag.

brimborg

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is | www.mazda.is

*Öruggur staður til að vera á*




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | 5:50D - 8D - 10:20 | L |
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | 5:50 - 8 | VIP |
| DUPLICITY | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| WATCHMEN | kl. 8 - 10:10D | 16 |
| WATCHMEN | kl. 10:10 | VIP |
| ELEGY | kl. 8 | 12 |
| GRAN TORINO | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| DESPEREAUX m/ísl. tali | kl. 5:50 | L |
| BEVERLY CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 5:50 | L |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| DUPLICITY | kl. 5:40 - 8D - 10:30D | 12 |
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 5:50D - 8D | L |
| WATCHMEN | kl. 10:10D | 16 |
| GRAN TORINO | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| CONFESSIONS SHOPAHOLIC | kl. 5:50 | L |

**SAMBÍÓIN SELFOSS**

| | | |
|---|---|---|
| RACE TO WITCH... | kl. 8 - 10:10 | L |
| GRAN TORINO | kl. 10:10 | 12 |
| MARLEY AND ME | kl. 8 | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 8 | 7 |
| WATCHMEN | kl. 8 | 16 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 8 | 7 |
| DEFIANCE | kl. 10:10 | 16 |
| PINK PANTHER 2 | kl. 8 | L |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 10 | 12 |

SAMbio.is

NÝTT Í BÍÓ!




**SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000**

| | | |
|---|---|---|
| KILLSHOT | kl. 6 - 8 - 10.30 | 16 |
| BLÁI FÍLLINN | kl. 4 | L |
| WATCHMEN D | kl. 4.50 - 8 - 10.15 | 16 |
| WATCHMEN LÚXUS D | kl. 4.50 - 8 | 16 |
| MARLEY AND ME | kl. 5.30 - 8 | L |
| THE INTERNATIONAL | kl. 10.30 | 16 |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 3.40 | L |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| THE PINK PANTHER 2 | kl. 3.40 | L |

**REGNBOGINN SÍMI 551 9000** 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| KILLSHOT | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE INTERNATIONAL | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 6 - 9 | 12 |
| FANBOYS | kl. 8 - 10.10 | L |
| THE PINK PANTHER 2 | kl. 6 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919**

| | | |
|---|---|---|
| ARN THE NIGHT TEMPLAR | kl. 6 - 9 | 16 |
| BLÁI FÍLLINN | kl. 6 | L |
| LAST CHANCE HARVEY | kl. 8 - 10.10 | L |
| MARLEY AND ME | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| THE READER | kl. 8 - 10.20 | 14 |
| VICKY CRISTINA BARCELONA | kl. 5.50 | L |

**BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500**

| | | |
|---|---|---|
| MARLEY AND ME | kl. 8 - 10.10 | L |
| BLÁI FÍLLINN | kl. 5.50 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




MIÐVIKUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR 500 KR Á ALLAR MYNDIR

**LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR**

| | | |
|---|---|---|
| DUPLICITY | kl. 5.40, 8 og 10.30 | 16 |
| BLÁI FÍLLINN - Ísl. tal | kl. 5 | L |
| WATCHMEN | kl. 7 og 10 | 16 |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 12 |


# Samdi lag fyrir James Bond

Tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds samdi lag fyrir auglýsingu japanska fyrirtækisins Sony með James Bond í aðalhlutverki sem ekki var notað. Auglýsingin kom út í fyrra þar sem Daniel Craig stendur af sér ýmiss konar sprengingar og læti sem eru í kringum hann.

„Það var mjög gaman að vinna að þessu, að fá ókláraða auglýsingu með Daniel Craig og sagt að semja lag," segir Ólafur. „Ég þurfti að kynna mér hugarheim James Bond og spá í hvernig honum líður þegar það eru allir að deyja í kringum hann."

Þegar Ólafur var búinn að semja lagið fékk hann óvænt þau skilaboð að engin tónlist yrði í auglýsingunni. Leikstjórinn hafði ákveðið að breyta áherslunum og láðist að láta Ólaf vita í tæka tíð. Hann fékk engu síður greitt fyrir verkið en þó ekki jafnmikið og ef lagið hefði verið notað.

Ólafur er um þessar mundir að leita sér að nýju útgáfufyrirtæki eftir að hann rifti samningi sínum við lítið, breskt útgáfufyrirtæki og ákvað að róa á önnur og stærri mið. Í byrjun ársins hafði hann úr sjö tilboðum að velja og er hann enn að velta möguleikunum fyrir sér.

Fram undan hjá honum er spilamennska á ýmsum tónlistarhátíðum í sumar, þar á meðal á Spot-hátíðinni í Danmörku í maí. **- fb**



**DANIEL CRAIG** Craig er í aðalhlutverki í Sony-auglýsingunni sem kom út í fyrra.



**ÓLAFUR ARNALDS** Tónlistarmaðurinn snjalli samdi lag fyrir James Bond-auglýsingu á síðasta ári.

# Gítareinvígi Geirfuglanna

**Geirfuglarnir leika á tónleikum á Rósenberg í kvöld. Meðal þess sem Halldór Gylfason og félagar bjóða upp á er hommadúett.**

„Eins og fulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins segir: ‚You got one silverbullet left so use it visely!' Þetta ætlum við að gera og höldum tónleika annað kvöld [í kvöld]," segir Halldór Gylfason, leikari og forsöngvari Geirfuglanna.

Ekki er á hverjum degi sem hin sérstæða hljómsveit Geirfuglarnir efnir til tónleika. En það verður í kvöld á Rósenberg. Að sögn Halldórs er hljómsveitin, þrátt fyrir fáa tónleika undanfarið, í afbragðs æfingu því hún hefur verið að spila í allan vetur í Fólkinu í blokkinni í Borgarleikhúsinu en Geirfuglarnir sjá um tónlistina við það verk. „Já, höfum verið að spila músíkina hans Óla Hauks og erum í fínni spilaæfingu. Á tónleikunum í kvöld ætlum við að spila svona ‚best of' auk laga af plötunni sem við gáfum út fyrir síðustu jól," segir Halldór. Og nefnir fjölmörg atriði sem hljómsveitin fjölhæfa mun bjóða upp á við þetta tækifæri: „Við verðum með sérstakan hommadúett sem Stefán Már Magnússon og Þorkell Heiðarsson syngja. Og aftur kemur Stefán Már við sögu en í laginu ‚Ég er kominn heim' verður sérstakt gítareinvígi. Eigast þeir þar við Stefán og Freyr Eyjólfsson. Á plötunni er það Magnús Eiríksson, pabbi Stefáns, sem tekur sólóið og nýtur Stefán þar strax ákveðins forskots en á móti kemur að lagið er eftir Frey." **jakob@frettabladid.is**



**GÍTAREINVÍGI GEIRFUGLANNA** Þarna takast þeir fóstbræður Freyr og Stefán Már á en Halldór Gylfason fylgist með. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


LEIÐIN TIL LÍFSHAMINGJU

DALAI LAMA

Aðgengilegur leiðarvísir eftir einn fremsta hugsuð heims um hvernig öðlast megi innri frið og varanlega hamingju.




KOMIN í kilju

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

80 + 590

1. vinningur

ÍSLENSKI BÓNUS VINNINGURINN 14 MILLJÓNIR

# 670 MILLJÓNIR

## Hvers vegna ekki að skella sér á milljónir?

Potturinn í Víkingalottóinu stefnir í 80 milljónir, Ofurpotturinn stefnir í 590 milljónir og íslenski bónuspotturinn stefnir í 14 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða á næsta sölustað eða á lotto.is**

Fáðu þér miða fyrir kl. 17 í dag eða taktu séns á að missa af þessu!

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!

ENNEMM / SIA / NM37346

## > Góðar fréttir af Páli Axel

Páll Axel Vilbergsson, fyrirliði Grindavíkur, fékk góðar fréttir hjá læknum í gærmorgun þegar hann fór í skoðun vegna hnémeiðsla sem héldu honum frá fyrsta leik Grindavíkur og Snæfells í undanúrslitum Iceland Express deildarinnar í körfubolta. Meiðsli hans voru hins vegar ekki eins slæm og óttast var í fyrstu. „Það er eiginlega undir mér sjálfum komið hvenær ég get farið að spila aftur. Ég reikna nú ekki með mér á morgun (í leik tvö í Stykkishólmi í kvöld), en ég mun meta þetta dag frá degi,“ sagði Páll Axel í samtali við Vísi í gær. Páll Axel var búinn að leika í fimmtíu leikjum Grindvíkinga í röð í úrslitakeppni þegar hann missti af leiknum á mánudagskvöldið.



# sport

sport@frettabladid.is

GUNNAR NIELSEN: HÁLFÍSLENSKUR MARKVÖRÐUR HJÁ MANCHESTER CITY

## Ætla mér að ná langt í knattspyrnunni

Gunnar Nielsen átti stórleik er Færeyjar unnu 2-1 sigur á Íslandi í vináttulandsleik í knattspyrnu í Kórnum um helgina. Þetta var hans fyrsti A-landsleikur með Færeyjum og sýndi hann mörg glæsitilþrif. Var hann án nokkurs vafa besti maður vallarins.

Það vita það hins vegar fáir að Gunnar á íslenska móður og talar góða íslensku. Hann er þó uppalinn í Færeyjum og segir það aldrei hafa komið til tals að spila með unglingalandsliðum Íslands.

„Ég ólst upp í Færeyjum og er Færeyingur í húð og hár,“ sagði Gunnar í samtali við Fréttablaðið. „Ég fór svo fimmtán ára gamall til Danmerkur og þaðan til Englands þar sem ég hef verið hjá Blackburn og nú síðast Manchester CIty.“

Hann komst afar nálægt því að halda hreinu í sínum fyrsta landsleik en Jónas Guðni Sævarsson skoraði mark Íslands í uppbótartíma.

„Já, auðvitað var það alveg gríðarlega svekkjandi. En við unnum leikinn og það er fyrir öllu. Mér fannst við spila nokkuð vel en vorum líka svolítið heppnir. Við skoruðum tvö mörk og vörðumst vel og því heppnaðist þetta vel þegar á heildina er litið.“

Gunnar fór frá danska liðinu BK Frem til Blackburn í júlí árið 2007. Hann náði þó ekki að vinna sér sæti í aðalliðinu og var lánaður til Motherwell í ágúst 2008.



Mark Hughes var knattspyrnustjóri Blackburn þegar Gunnar var keyptur til félagsins. Þegar Hughes fékk markvarðarþjálfara félagsins með sér til Manchester City eftir að hann tók við stjórninni þar fylgdi Gunnar í kjölfarið.

„Markvarðaþjálfarinn Kevin Hitchcock vildi fá mig til City. Nú erum við fjórir markverðir þar að berjast um stöðu í leikmannahópnum,“ sagði Gunnar en samkeppnin er hörð. Auk hans eru þeir Shay Given, Joe Hart og Kasper Schmeichel hjá félaginu.

„Það er líklegt að ég verði lánaður til annars félags í sumar og eftir það verður framhaldið að koma í ljós. En ég er bara 22 ára gamall og á nóg eftir – ég ætla mér að ná langt.“

## ÚRSLITIN Í GÆR

### Iceland Express deild karla

Keflavík-KR 75-88 (27-41)

**Stig Keflavíkur:** Jesse Rosa 26, Hörður Axel Vilhjálmsson 15, Sigurður Þorsteinsson 12, Jón N. Hafsteinsson 10, Gunnar Einarsson 6, Sverrir Sverrisson 4, Gunnar Stefánsson 2.

**Stig KR:** Jón Arnór Stefánsson 35, Jakob Sigurð arson 21, Fannar Ólafsson 9 (11 frák), Darri Hilm arsson 9, Helgi Magnússon 8, Jason Dourisseau 4, Baldur Ólafsson 2.

**Staðan er 2-0 fyrir KR** sem getur tryggt sér sæti í lokaúrslitunum með sigri á heimavelli á föstudag.

### 1. deild karla

Haukar-Fjölnir 71-75 (1-2 fyrir Fjölni)

**Stigahæstir:** George Byrd 19, Sveinn Sveinsson 18 - Roy Snallwood 22, Magnús Pálsson 12.

Valur-KFÍ 102-84 (2-1 fyrir Val)

**Stigahæstir:** Robert Hodgson 21, Gylfi Geirsson 15 - Craig Schoen 27, Pance Ilievski 15.

**Valur** og **Fjölnir** spila til úrslita um eitt laust sæti í Iceland Express-deild karla. Það lið sem fyrr vinnur tvo leiki í því einvígi fer upp. Fyrsti leikurinn verður í Vodafone-höllinni á föstudagskvöldið.

**Valsmenn** eru komnir í úrslitaeinvígið þriðja árið í röð en þeir hafa tapað fyrir Stjörnunni (2007) og FSu (2008)síðustu tvö ár.

# Jón Arnór fór á kostum í Keflavík

**KR er komið í 2-0 lykilstöðu í undanúrslitaeinvíginu við Keflavík í undanúrslitum Iceland Express-deildar karla eftir sigur á Íslandsmeisturunum í Keflavík í gærkvöld. Jón Arnór Stefánsson skoraði 33 stig fyrir KR.**

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar gerðu góða ferð í Keflavík í gærkvöld þar sem þeir unnu 88-75 sigur á heimamönnum og vantar þar með aðeins einn sigur til að tryggja sér sæti í úrslitunum. Jón Arnór Stefánsson fór á kostum í liði KR og skoraði 35 stig.

„Munurinn á þessum liðum í þessum leik var klárlega Jón Arnór. Hann bar KR á herðum sér,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur, í samtali við Fréttablaðið eftir leikinn.

KR-ingar höfðu forystuna frá fyrstu mínútu í leiknum í gær. Varnarleikur þeirra var góður og að sama skapi gekk Keflvíkingum illa að hitta. Staðan í hálfleik var 41-27 fyrir KR og liðið náði að slökkva í Keflvíkingum í hvert einasta skipti sem þeir náðu smá áhlaupum í síðari hálfleiknum.

Jón Arnór Stefánsson var sem fyrr segir í algjörum sérflokki hjá KR, en liðið fékk líka dýrmætt framlag frá mönnum eins og Darra Hilmarssyni og Fannari Ólafssyni af varamannabekknum.

„Það var fyrst og fremst varnarleikurinn sem var að skapa þennan sigur hjá okkur. Þegar við spilum svona vörn og skorarar eins og Jón Arnór eru að hitta vel, þá er mjög erfitt að vinna okkur,“ sagði Fannar. Hann er tilbúinn að klára dæmið í þriðja leiknum. „Ef við spilum svona vörn, erum við mjög erfiðir og við ætlum ekki að fara að taka upp á því núna að tapa fyrsta leiknum á heimavelli,“ sagði Fannar.



**FRÁBÆR** Jón Arnór Stefánsson skoraði 33 stig fyrir KR í Keflavík í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Keflvíkingar voru líflegri í þessum leik en þeim fyrsta, en það dugði ekki gegn sterku liði KR. Ekki bætti úr skák fyrir heimamenn að Gunnar Einarsson gat ekkert spilað í síðari hálfleik vegna meiðsla.

„Við vorum í tómum vandræðum í sóknarleiknum og hittum ekkert, hvorki fyrir utan né úr vítum fyrr en í restina. Svo var líka slæmt að missa Gunnar í meiðsli,“ sagði Sigurður Ingimundarson og bætti við.

„Við þekkjum það að lenda undir í seríu, en við erum ekkert að hugsa um hvað staðan er þegar við förum inn í þessa leiki. Næsti leikur er á föstudaginn og við verðum betur tilbúnir í hann heldur en þennan – það er klárt,“ sagði þjálfarinn.

**baldur@365.is**


Skiptum um bremsuklossa strax í dag hjá Max1.
Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel. Og ódýrt einnig.

MAX1

**Eru bremsurnar búnar?**

**Fáðu fast verð hjá Max1 í dag**

Skoðaðu verðdæmin hér að neðan.
Komdu við hjá Max1 í dag
og fáðu þér kaffi.

**Max1 verðdæmi – bremsuklossaskipti að framan:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Yaris | 1,3 | Árg. 2002–2007 | Varahlutir og vinna: | 13.013 kr. |
| Nissan Almera | 1,4 | Árg. 1995–2007 | Varahlutir og vinna: | 12.685 kr. |
| VW Golf V Plus | 1,4 16v | Árg. 2005–2007 | Varahlutir og vinna: | 14.541 kr. |
| Honda Civic HB | 1,6 16v | Árg. 1991–1995 | Varahlutir og vinna: | 14.472 kr. |
| Ford Focus | 1,6 | Árg. 1999–2004 | Varahlutir og vinna: | 14.536 kr. |

*Við erum góðir í að gera hlutina fljótt, vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is*

**Reykjavík, sími 515 7190:** Bíldshöfða 5a, Bíldshöfða 8, Jafnaseli 6, Knarrarvogi 2.
**Akureyri, sími 462 2700:** Tryggvabraut 5.
**Skoðaðu www.max1.is**

MAX1 BÍLAVAKTIN


Dregið í riðla í undankeppni Evrópumeistaramóts kvenna í handbolta:

# Möguleikarnir eru fyrir hendi

**HANDBOLTI** Í gær var dregið í riðla í undankeppni EM kvenna í handbolta sem fer fram í Danmörku og Noregi á næsta ári. Ísland var í þriðja styrkleikaflokki og lenti í riðli með Frakklandi, Austurríki og annaðhvort Bretum eða Finnlandi. Síðastnefndu tvö liðin mætast í umspili í september um hvort liðið kemst í undankeppnina sem hefst svo í október. Tvö efstu liðin í hverjum riðli komast í sjálfa úrslitakeppnina.

„Ég er bara nokkuð ánægður með þennan riðil,“ sagði Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari í samtali við Fréttablaðið. „Frakkar eru með sterkasta liðið í þessum riðli og Austurríki er einnig með gott lið. Við mættum þeim hins vegar fyrir tveimur árum og unnum þá,“ bætti hann við.

„Hins vegar hefur sá sigur litla þýðingu nú. Austurríska liðið hefur verið að ganga í gegnum breytingar og því erfitt að meta stöðu liðsins nú. En þetta er ein af stórþjóðunum í handboltanum og verður alls ekki auðvelt að mæta þeim eða Frökkum.“

Þessi lið kepptu nú í desember á EM í Makedóníu en bæði töpuðu þau öllum sínum leikjum í sínum riðlum. Frakkland varð í fjórtánda sæti mótsins og Austurríki í því fimmtánda af þeim sextán þjóðum sem tóku þátt.

Breytt fyrirkomulag er á undankeppninni nú og er það í samræmi við undankeppni EM 2010 í handbolta karla. Leikið verður heima og að heiman gegn öllum liðum.

„Ég tel þetta vera góðan riðil vegna þess að möguleikarnir eru vissulega fyrir hendi að komast á okkar fyrsta stórmót í handbolta kvenna. Þá verð ég að segja að við erum heppin með andstæðinga að því leyti að við þurfum ekki að leggjast í löng ferðalög, eins og til Austur-Evrópu,“ sagði Júlíus enn fremur.

**- esá**



**JÚLÍUS JÓNASSON** Landsliðsþjálfaranum líst vel á íslenska riðilinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


**Íþróttalæknisfræðiráðstefna**

**Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 2. – 4. apríl í E-sal**

**Allir velkomnir !**

Meðal fyrirlestra eru: *Skyndidauði íþróttamanna • Íþróttameiðsl unglinga - brottfall úr íþróttum • Ofþjálfun íþróttafólks • Meiðsli í handknattleik • Íþróttasálfræði fyrir ungt afreksfólk í knattspyrnu • Rannsóknir á streitu meðal foreldra iðkenda • Að efla hugræna færni gegnum samskipti þín við iðkendur • Vinna íþróttasálfræðings með knattspyrnulið • Vinna íþróttasálfræðings með einstakling • Hugræn færni og árangur í íþróttum • Hugarfar sigurvegarans.*

Aðal fyrirlesari ráðstefnunnar er Dr. Chris Harwood íþróttasálfræðingur frá Loghborough háskólanum í Bretlandi.

**Ráðstefnugjald er 5.000 kr.**

Hægt er að skrá sig með því að senda tölvupóst á **namskeid@isi.is** eða hringja í 514-4000
**Síðasti dagur til að skrá sig er föstudagur 27. mars.**

Ráðstefnustjóri: Einar Gylfi Jónsson sálfræðingur

Dagskrá og nánari upplýsingar á **www.isi.is**

ÍSÍ og Ólympíusamhjálpins


Hildur Sigurðardóttir í öðrum leik lokaúrslita kvenna:

# Sú þriðja til að skora 30 stig

**KÖRFUBOLTI** Hildur Sigurðardóttir, fyrirliði KR, skoraði 30 stig í öðrum leik lokaúrslita kvenna á mánudagskvöldið en það dugði þó ekki til sigurs í leiknum þar sem Haukar stoppuðu flest allar aðrar í KR-liðinu og unnu, 68-84. Staðan er því jöfn í einvíginu.

Hildur varð þarna þriðja íslenska konan sem nær því að brjóta 30 stiga múrinn í lokaúrslitum kvenna. Hanna Björg Kjartansdóttir á metið en hún skoraði 34 stig fyrir Keflavík í sigri á KR í þriðja leik lokaúrslitanna 1993.



**30 STIG** Hildur Sigurðardóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hin sem komst yfir 30 stiga múrinn er Helena Sverrisdóttir sem skoraði 33 stig fyrir Hauka á móti Keflavík í fjórða leik lokaúrslitanna 2007. Helena náði því einnig að skora 29 stig í leik í lokaúrslitum en Hildur hafði mest skorað 26 stig í lokaúrslitum fyrir leikinn á mánudaginn.

**- óój**

# Vil taka eitt tímabil í viðbót

## Arnar Grétarsson ætlar að spila með Breiðabliki í sumar og verða að auki aðstoðarþjálfari liðsins.



**ARNAR GRÉTARSSON** Mun líklegast klæðast grænu áfram í sumar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FÓTBOLTI** Arnar Grétarsson mun spila með Breiðabliki í efstu deild karla í sumar og um leið vera aðstoðarþjálfari liðsins, ef að líkum lætur. Þetta sagði hann í samtali við Fréttablaðið í gær. „Það er ekki búið að ganga frá samningum en ég á von á því að það verði gert á allra næstu dögum. Það er frekar formsatriði að það verði gert,“ sagði Arnar.

Samningur Arnars við Breiðablik rann út síðastliðið haust og hafa því samningaviðræður tekið talsverðan tíma. „Það er búið að vera mikið að gera hjá félaginu og það hefur verið að ganga frá sínum málum. Ég hef því ekki verið að þrýsta mikið á það með mín mál.“

Arnar segir það markmið sitt að taka eitt tímabil til viðbótar og leggja svo skóna á hilluna en hann er 37 ára gamall og á langan feril að baki. Hann lék lengi með AEK Aþenu í Grikklandi og Lokeren í Belgíu auk þess sem hann var til skamms tíma með Leiftri.

„Ég hef áhuga á því að snúa mér að þjálfun að næsta tímabili loknu. Ég hef verið að sækja þjálfaranámskeið og ætti að vera kominn langleiðina með að fá UEFA-A þjálfaragráðu áður en þarnæsta tímabil hefst,“ sagði Arnar.

Hann hefur þó verið orðaður við annars konar starf, en hans gamla félag í Grikklandi, AEK, sóttist eftir því um tíma að Arnar yrði yfirmaður íþróttamála hjá félaginu. Síðan þá hefur hins vegar forseti félagsins sagt af sér og því er það mál í bið eins og sakir standa.

„Ég fór út í janúar og hitti þá forsetann. Hann sagði mér þá að hann ætlaði að segja af sér ef hann fengi ekki ákveðnar breytingar í gegn sem varð svo raunin. En hann átti alveg eins von á því að hann myndi aftur koma til félagsins í lok tímabilsins í Grikklandi. En ég er ekkert að bíða við símann og það væri bara plús ef eitthvað yrði af þessu.“

„Vissulega væri það þó spennandi tilhugsun að komast í svona starf. Þetta er stór klúbbur og starfið sjálft er mjög áhugavert.“

Arnar lék samtals tuttugu leiki með Breiðabliki á síðasta tímabili og skoraði í þeim þrjú mörk.

eirikur@frettabladid.is





Við á DILL restaurant segjum frá því með miklu stolti að Food & Fun kokkur ársins 2009 er góðvinur okkar Claus Henriksen frá Dragholm slot í Danmörku.

Claus, eins og við, er með mikla ástríðu fyrir nýnorrænu eldhúsi og það er okkur sannur heiður að fá að halda áfram með hans matseðil næstu daga.

Við óskum Claus, nýnorrænu eldhúsi og sjálfum okkur til hamingju með sigurinn og hlökkum til að sjá ykkur á DILL restaurant í Norræna húsinu.

Kveðja,
Óli og Gunni

DILL restaurant

Champagne MOËT & CHANDON Fondé en 1743

Í Norræna húsinu Sturlugötu 5 101 Reykjavík S: 552 1522 dillrestaurant@dillrestaurant.is dillrestaurant.is



Í pizzum erum við bestir!

KOMDU VIÐ OG NÆLDU ÞÉR Í PIZZU MEÐ 50% AFSLÆTTI



| | Pizza Margarita | Pizza með 1 álegg. | Pizza með 2 álegg. | Pizza með 3 álegg. |
|---|---|---|---|---|
| 9'' | kr. 970 m/50% afsl. kr. **485** | kr. 1160 m/50% afsl. kr. **580** | kr. 1350 m/50% afsl. kr. **675** | kr. 1540 m/50% afsl. kr. **770** |
| 12'' | kr. 1390 m/50% afsl. kr. **695** | kr. 1680 m/50% afsl. kr. **840** | kr. 1970 m/50% afsl. kr. **985** | kr. 2260 m/50% afsl. kr. **1130** |
| 5'' | kr. 1680 m/50% afsl. kr. **840** | kr. 2100 m/50% afsl. kr. **1050** | kr. 2520 m/50% afsl. kr. **1260** | kr. 2940 m/50% afsl. kr. **1470** |

Gildir þegar pizza er sótt. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Gildir frá 20. mars til 29. mars

Sjö Hróa Hattar staðir
Eitt símanúmer 55 44444

PIZZA Hrói Höttur 55 44444

Kópavogur: **Smiðjuvegi 2,** Reykjavík: **Fákafeni 11, Hringbraut 119 – Langarima 21,** Hafnarfjörður: **Hjallahrauni 13,** Selfoss: **Austurvegi 22**
Mosfellsbær: **Kjarna**

> **Tyra Banks**

„Tískuheimurinn er alls ekki fyrir alla. Það er ekki nóg að vera falleg og myndast vel. Það þarf líka tilfinningalegt jafnvægi og þroska.“ Banks stjórnar keppni þar sem leitað er að næstu ofurfyrirsætu Bandaríkjanna í þættinum America's Next Top Model. Í kvöld hefst ný sería á Skjáeinum.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON UM SKEMMTIÞÆTTI

# *Óskýrt tal og skarpir dómarar*

Það er spenningur hjá ungviðinu í fjölskyldunni um keppnisþætti sjónvarpsstöðvanna á föstudögum og erfitt að velja á milli hvort Gettu betur eða Idolið er meira spennandi. Það er óneitanlega meira glits í Idolinu, þökk sé snjallri leikmynd Alfreðs Böðvarssonar þótt maður hugsi stundum að útslátturinn mætti líka gilda fyrir bæði dómara og kynna: hvort myndir þú frekar kjósa Simma eða Jóa af pallinum ef þú mættir ráða? Hver af dómurunum þremur dettur út í kvöld? Hringdu í .... ef þú vilt að Selma verði send heim.

Það voru víst miklar deilur í gangi um hvort Eva María væri tæk í hávaðasama útsendingu í einhverjum dálkum, einhverjir þóttust ekki skilja nema lítið af því sem hún segir – sem er vitaskuld galli þegar um spurningakeppni er að ræða. Hún dugar mér vel í sínum skartkjólum. Það hlýtur að skila sér á endanum hvort svar var rétt eða ekki.



Bæði þessi formöt eru gamalreynd þótt annað sé heimasmíðað en hitt innflutt. Það er óneitanlega meiri heimsbragur á Idolinu þótt það sé í rauninni bara gamla hæfileikakeppnin sem er þrautreynt form, bæði í útvarpi og sjónvarpi. Alveg eins og spurningakeppnin er forni fyrirbæri. Stundum finnst manni að listræn stjórn á þáttum eins og Gettu betur og Útsvari miðist við sem mesta sveitamennsku, eitthvert samræmt gamalt ruv-lúkk. Svolítið þvælt, svolítið púkó.

Í þáttum af þessu tagi er treyst á ódýra þátttöku áhugamanna. Í harðnandi fjárhagsaðstæðum væri það slæmt ef það yrði meginefni í íslenskri framleiðslu á sjónvarpsstöðvunum stóru, þótt gaman megi hafa af.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **20.00** Gossip Girl STÖÐ 2



▶ **20.05** Throw Momma from the Train STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** Top Chef SKJÁREINN



▶ **20.15** Bráðavaktin (ER) SJÓNVARPIÐ



▶ **21.15** The Sopranos STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**15.00 Lífsgæði á lokaspretti** (e)
**15.50 Sjónleikur í átta þáttum** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Púkka** (2:26)
**17.55 Gurra grís** (81:104)
**18.00 Disneystundin** Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Nýi skóli keisarans.
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.15 Bráðavaktin** (ER) (16:19) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg.
**21.00 Svipmyndir af myndlistarmönnum - Ferdinand Ahm Krag** (Portraits of Carnegie Art Award 2008) Í stuttum þáttum er brugðið upp svipmyndum af myndlistarmönnum sem tóku þátt í Carnegie Art Award samsýningunni 2008.
**21.10 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Sýningar** (Forestillinger: - Marko) (6:6) Danskur myndaflokkur eftir Per Fly. Leikstjórinn Marko er að setja upp gamanleikrit eftir Shakespeare og það gengur á ýmsu dagana fyrir frumsýningu. Aðalhlutverk: Mads Wille, Sonja Richter, Sara Hjort Ditlevsen og Pernilla August.
**23.20 Fréttaaukinn** (e)
**23.55 Kastljós** (e)
**00.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.05 Thunderstruck**
**10.00 Sneakers**
**12.05 Throw Momma from the Train**
**14.00 Thunderstruck**
**16.00 The Ant Bully**
**18.00 Sneakers**
▶**20.05 Throw Momma from the Train** Grínmynd um tvo ólíka félaga sem ákveða að koma ástvinum sínum fyrir kattarnef. Með aðalhlutverk fara Danny DeVito og Billy Crystal.
**22.00 The Last King of Scotland**
**00.00 The Machinist**
**04.00 The Last King of Scotland**
**06.00 The Prestige**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Litla risaeðlan, Doddi litli og Eyrnastór, Könnuðurinn Dóra og Stóra teiknimyndastundin.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (280:300)
**10.15 Sisters** (13:28)
**11.05 Ghost Whisperer** (60:62)
**11.50 Numbers**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hollyoaks** (153:260)
**13.25 E.R.** (5:22)
**14.10 Las Vegas** (18:19)
**14.55 The O.C.** (15:27)
**15.40 BeyBlade**
**16.03 Íkornastrákurinn**
**16.28 Leðurblökumaðurinn**
**16.48 Ruff's Patch**
**16.58 Gulla og grænjaxlarnir**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (18:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.24 Veður**
**19.35 The Simpsons** (3:20)
▶**20.00 Gossip Girl** (8:25) Þættir sem eru byggðir á samnefndum metsölubókum og fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**20.45 Grey's Anatomy** (17:24) Fimmta sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi.
**21.30 Oprah** Gestir Opruh eru Tina Fey og Will Smith.
**22.15 Weeds** (11:15) Ekkjan úrræðagóða, Nancy Bowden, ákvað að hasla sér völl sem eiturlyfjasali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu.
**22.40 Sex and the City** (12:12)
**23.10 The Mentalist** (6:23)
**23.55 E.R.** (5:22)
**00.40 Stage Beauty**
**02.25 Ghost Whisperer** (60:62)
**03.10 Numbers**
**03.55 Gossip Girl** (8:25)
**04.40 Grey's Anatomy** (17:24)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Keflavík - KR** Útsending frá leik í Iceland Express deildinni í körfubolta.
**17.05 Keflavík - KR** Útsending frá leik í Iceland Express deildinni í körfubolta.
**18.35 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.
**19.05 Snæfell - Grindavík** Bein útsending frá leik í Iceland Express deildinni í körfubolta.
**21.00 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.
**21.55 NBA tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.
**22.20 Snæfell - Grindavík** Útsending frá leik í Iceland Express deildinni í körfubolta.
**23.50 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.50 Stoke - Middlesbrough** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.30 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**19.00 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
**19.30 Markaþáttur** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**20.25 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.
**21.35 Newcastle - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**23.15 Portsmouth - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**07.30 Káta maskínan** (8:12) (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Óstöðvandi tónlist**
**12.00 Káta maskínan** (8:12) Menningarþáttur í umsjón Þorsteins J. Vilhjálmssonar. (e)
**12.30 Óstöðvandi tónlist**
**18.35 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.20 Nýtt útlit** (2:10) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata. (e)
▶**20.10 Top Chef** (3:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu. Kokkarnir 13 sem eftir eru byrja daginn á að búa til frumlegan ís fyrir baðstrandagesti. Stóra verkefnið felst í því að búa til rétt fyrir slökkviliðsmenn og besti rétturinn ratar á matseðil TGI Friday.
**21.00 America's Next Top Model, NÝTT** (1:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Núna eru 34 stúlkur kynntar til leiks í Caesar's Palace í Las Vegas þar sem þær þurfa að leggja allt undir í fyrstu myndatökunni. Tyra ákveður síðan hvaða 13 stúlkur komast áfram og flytja inn saman í lúxusíbúð í New York.
**21.50 90210** (12:24) Bandarísk unglingasería sem slegið hefur í gegn í Bandaríkjunum. Annie fer að gruna Sean um græsku eftir að hún heyrir hann tala í símann.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 Law & Order** (24:24) (e)
**00.20 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Lífsblómið** Í umsjón Steinunnar Önnu Gunnlaugsdóttur.
**21.00 Líf og land** Valdemar Ásgeirsson bóndi ræðir um málefni landsbyggðarinnar.
**21.30 Íslands safarí** Akeem R. Oppong fjallar um málefni innflytenda. Hann ræðir við Lúðvík Geirsson.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Biblían

Biblía

*Bók bókanna er falleg fermingargjöf sem endist allt lífið*

*Inniheldur tímatal, litprentuð kort, orðskýringar og mikilvæga ritningarstaði.*



JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

TVÆR STÆRÐIR • FIMM MISMUNANDI ÚTFÆRSLUR • 1872 BLAÐSÍÐUR

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.45**

**Grey's Anatomy**

Fimmta sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Meredith og Derek komast að því að mun erfiðara er að viðhalda hinu fullkomna sambandi en þau áttu von á. Christina uppgötvar loks að það eru fleiri menn til en Burke og sjúkrahúsið Seattle Grace þarf miklar endurbætur eigi það að geta kallast einn virtasti háskólaspítali landsins.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Kiljan**

**Sjónvarpið kl. 21.10**

Í þættinum í kvöld verður fjallað um breska höfundinn Terry Pratchett og ævintýraheim hans. Birna Þórðardóttir segir frá nýrri ljóðabók sinni sem heitir Birna þó og Gunnar Hersveinn ræðir um bókina Orðspor: gildin í samfélaginu. Þá munu Kolbrún og Páll fjalla um nýútkomnar bækur og Bragi verður á sínum stað eins og endranær. Umsjónarmaður þáttarins er Egill Helgason.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Blátt og rautt
**15.30** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Pipar og salt
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (152:260)
**16.30 Hollyoaks** (153:260)
**17.00 Seinfeld** (23:24)
**17.30 X-Files** (4:24)
**18.15 The Sopranos**
**19.00 Hollyoaks** (152:260)
**19.30 Hollyoaks** (153:260)
**20.00 Seinfeld** (23:24) Jerry, George, Elaine og Kramer eru hneppt í fangelsi fyrir ótrúlega sök.
**20.30 X-Files** (4:24) Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI.
▶**21.15 The Sopranos** Stöð 2 og Stöð 2 Extra rifja upp þessa geysivinsælu þætti þar sem fylgst er með fjölskyldumanninum og mafíuforingjanum Tony Soprano í daglegu lífi. Þrátt fyrir að hafa átt mikillar velgengni að fagna í starfi og eiga góða fjölskyldu er hann þjáður á sálinni.
**22.00 Little Britain USA** (3:6) Fyndnasta tvíeyki Bretlands, Matt Lucas og David Walliams, er mætt aftur og að þessu sinni ætla þeir að grínast í Bandaríkjunum og gera grín að öllu því sem okkur Evrópubúum þykir hallærislegt í fari Kananna.
**22.25 Bones** (3:26) Dr. Temperance „Bones" Brennan, réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Brennan og rannsóknarlögreglumaðurinn Booth vinna vel saman í starfinu en spennan milli þeirra hefur verið að magnast allt frá upphaf þáttanna.
**23.10 Ashes to Ashes** (2:8)
**23.55 Auddi og Sveppi**
**00.25 Sjáðu**
**00.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.05** EastEnders **10.35** My Hero **11.05** Jonathan Creek **11.55** Dalziel and Pascoe **12.45** My Hero **13.15** The Weakest Link **14.00** EastEnders **14.30** My Hero **15.00** Blackadder the Third **15.30** The Weakest Link **16.15** Jonathan Creek **17.05** Dalziel and Pascoe **17.55** EastEnders **18.25** The Weakest Link **19.10** My Hero **19.40** Blackadder the Third **20.10** The Inspector Lynley Mysteries **21.00** The Chase **21.50** Blackadder the Third **22.20** My Hero **22.50** The Chase **23.40** Jonathan Creek

## DR 1

**11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Kontant **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet med Vejret **12.30** Hammerslag **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **14.30** X Factor **15.30** X Factor Afgørelsen **16.00** Grumme historier om grusomme børn **16.15** Isa's Stepz **16.30** Skæg med tal **16.55** Gurli Gris **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** Diagnose søges **19.30** Sager der nager **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Taggart **23.05** OBS **23.10** Onsdags Lotto **23.15** Når mor og far drikker

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.10** Brennpunkt **12.00** NRK nyheter **12.05** Berlin, Berlin **12.30** Slipp naboene løs **13.00** NRK nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** I sørhellinga **14.00** NRK nyheter **14.05** Par i hjerter **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Dyrisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Lille Prinsesse **17.10** Ugler i mosen **17.30** Yoko! Jakamoko! Toto! **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** 330 skvadronen **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** Sporløst forsvunnet **21.30** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** Lov og orden. New York **23.25** The Wire **00.20** Kulturnytt

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Direktörens dilemma **11.35** Plus **12.35** Nanny McPhee **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Konståkning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Sommer **21.00** Konståkning **22.00** Kulturnyheterna **22.15** 183 dagar **23.15** Vem tror du att du är? **00.15** Sändningar från SVT24




FOOD & FUN MATSEÐILL 25. - 29. MARS Á GALLERY RESTAURANT

FÆRRI KOMUST AÐ EN VILDU

Dagana 25.-29. mars n.k. viljum við gefa fleirum tækifæri til að njóta hins glæsilega Food&Fun matseðils sem sló rækilega í gegn um síðustu helgi. Hinn margverðlaunaði Eric Ziebold frá Bandaríkjunum setti matseðilinn saman.

BAR

MOJITO

FIMMTUDAGSKVÖLD Í MARS

Mojito 2 fyrir 1
Havana Club kokteilar 2 fyrir 1
Öl á aðeins 399 kr.
HAPPY-HOUR ALLA DAGA MILLI 15 OG 18.

ERIC ZIEBOLD
MATREIÐSLUMESITARINN



ERIC ZIEBOLD
er margverðlaunaður matreiðslumeistari og á og rekur CityZen, the AAA Five Diamond Restaurant, í Washington.
Eric býr yfir einstakri hæfni á sviði matreiðslu og hefur meðal annars stjórnað einu besta veitingahúsi heims, The French Laundry í Kaliforníu.

Gallery Restaurant

FOOD&FUN
MATSEÐILL

Heit Klausturbleikja, marineraðar japanskar fjallakartöflur og snöggsoðið greipaldin

Pönnueldaður íslenskur þorskur með léttsteiktu brandade- og skeljasafa

Pakkaður og fylltur lambahryggur ásamt Dijon brauðbúðing og brasseruðum hvítum eðalbaunum

Afrískt te-ís soufflé með kumqat-sultu ásamt kardimommukrydduðum kleinuhring

**Verð aðeins 6.400 kr. á mann**

*Verið velkomin*

*Borðapantanir í síma 552 5700 og á gallery@holt.is*
*Opið alla daga í hádeginu og á kvöldin.*

HOTEL HOLT

Bergstaðastræti 37 s. 552 5700
holt@holt.is www.holt.is

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er Maður lifandi í Borgartúni. Mér líður alltaf eins og ég hafi gert mér eitthvað gott þegar ég fæ mér hádegismat þar.“*

Kristján B. Jónasson bókaútgefandi.

# Íslenskur leikari flytur til Los Angeles

„Ég legg í hann á morgun með feitt umslag frá útlendingaeftirlitinu. Guð má vita hvað gerist,“ segir Darri Ingólfsson leikari. Hann hefur fengið atvinnuleyfi í Bandaríkjunum og hyggst setjast að í Los Angeles, höfuðborg skemmtanaiðnaðarins. Darra þekkja flestir úr hlutverki morðingjans í sjónvarpsþáttunum Mannaveiðum sem sýndir voru í fyrra. Hann hefur hins vegar lítið dvalist á Íslandi síðustu ár. „Planið var alltaf að fara til Bandaríkjanna. Svo ákvað ég að fara í leiklistarnám í London og allt í einu liðu átta ár. Síðustu tvö árin hef ég hins vegar verið að grúska í þessu græna korts-dóti. Þetta hefur verið ótrúleg pappírsvinna,“ segir Darri.

Darri segir að hann renni algerlega blint í sjóinn með atvinnu í Los Angeles. „Þetta verður bara hark. Ég á nokkra kunningja þarna úti og ég vona að einhver þeirra geti komið mér í samband við umboðsmann. Annars gerist ekki neitt,“ segir leikarinn sem segist vel átta sig á því að erfitt verði að koma sér á framfæri. „Ég heyrði að það væru 800 þúsund leikarar í LA... en fólk vinnur í lottói á hverjum degi,“ segir hann og hlær. - hdm



**REYNIR FYRIR SÉR Í BORG ENGLANNA** Darri Ingólfsson flytur til Los Angeles á morgun þar sem hann ætlar að reyna að koma sér á framfæri sem leikari. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LÁRÉTT** 2. fangi, 6. ólæti, 8. hallandi, 9. bein, 11. í röð, 12. hólf, 14. hroki, 16. tímaeining, 17. hlóðir, 18. skammst., 20. frá, 21. sundfæri.
**LÓÐRÉTT** 1. leikur, 3. klaki, 4. hjara, 5. loka, 7. aðdragandi, 10. fjór, 13. viðmót, 15. ræningi, 16. keraldi, 19. einnig.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. gísl, 6. at, 8. ská, 9. rif, 11. rs, 12. kleif, 14. dramb, 16. ár, 17. stó, 18. móu, 20. af, 21. uggi. **LÓÐRÉTT:** 1. hark, 3. ís, 4. skrimta, 5. lás, 7. tildrög, 10. fer, 13. fas, 15. bófi, 16. ámu, 19. og.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. 82,3 milljarðar króna.
2. 300 þúsund krónur.
3. Eitt-eitt.

Er HREINT hjá þér?
Lækkaðu ræstingarkostnaðinn!
Hreint RÆSTING
• Reykjavík • Akureyri • Selfossi
Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is

TINATIN JAPARIDZE: LYKILLINN AÐ HJARTA RÚSSNESKA BJARNARINS

# Leynihöfundur að íslenska Eurovisionlaginu Is it True?

Nafnið Tinatin Japaridze kemur sennilega flestum Íslendingum spánskt fyrir sjónir. En það tengist landi og þjóð með nokkrum sérstökum hætti. Því þessi georgíska poppstjarna sem alin er upp í Moskvu en býr nú í New York er einn þriggja höfunda að framlagi Íslands til Eurovision, Is it True? sem Jóhanna Guðrún flytur. Og Íslendingar hafa þarna náð töluverðu forskoti á önnur lönd með ögn skárri rússneskri tengingu en Rússalánið víðfræga. „Við reyndum að halda þessu leyndu enda vildum við að fólkið kynni að meta lagið en væri ekki að spá í einhverja pólitík. Það gekk eftir og ég get ekki beðið eftir að hitta Jóhönnu, Óskar og Chris í Moskvu,“ segir Tinatin í samtali við Fréttablaðið í gær.

Is it True? var upphaflega hugsað á plötu Tinatin sem hún vann með Óskari Páli og lagahöfundinum Christopher Neil í London fyrir nokkrum árum. Lagasmíðarnar gengu hins vegar vel að lagið rataði ofan í skúffu þar sem það hálfpartinn gleymdist. „Síðan hafði Óskar samband við mig fyrir hálfu ári og spurði hvort það væri mér að sársaukalausu að senda lagið inn í Eurovision,“ útskýrir Tinatin sem fór í kjölfarið að fylgjast grannt með keppninni hérna heima í gegnum fartölvu sína í New York. „Óskar var alveg handviss um að það kæmist í gegnum sextánlaga-úrslitin en svo gæti brugðið til beggja vona á úrslitakvöldinu.“ Tinatin hélt því niðri í sér andanum þegar hún horfði á úrslitakvöldið og reyndi að skilja hvað væri í gangi. „Ég skil auðvitað ekki stakt orð í íslensku og vissi því ekkert hvernig þetta fór fram. Fyrst hélt ég að við hefðum lent í öðru sæti og fannst það alveg frábært. Ég meira að segja vakti mömmu mína í Moskvu og sagði henni frá því. En svo varð náttúrlega allt brjálað þegar ég komst að því að við hefðum unnið og hvorki ég, Christopher né Óskar Páll vorum viðstödd,“ segir Tinatin.

Söngkonan er nú að vinna að því að þýða texta lagsins yfir á rússnesku ásamt landa sínum sem búsettur er í New York. Og hún hlakkar mikið til að koma til Moskvu og fá tækifæri til að taka þátt í Eurovision-ævintýri Íslendinga og hitta fjölskyldu sína sem þar er búsett. Tinatin hefur jafnframt mikla trú á Jóhönnu Guðrúnu. „Þegar maður er listamaður er maður mjög vandfýsinn á aðra listamenn. En að svona falleg stúlka geti sungið jafn vel er náttúrlega bara draumur.“ Og Tinatin telur að Íslendingar hafi alla burði til að heilla að minnsta kosti Rússa upp úr skónum ef ekki aðrar þjóðir. „Samband Íslands og Rússlands er mjög sérstakt og ég held að þetta eigi eftir að ganga mjög vel.“

freyrgigja@frettabladid.is



**ÞÝÐIR TEXTANN YFIR Á RÚSSNESKU** Tinatin vinnur nú hörðum höndum að því að þýða texta íslenska Eurovision-lagsins yfir á rússnesku og telur að það gæti heillað Rússa upp úr skónum.



**KOMIN MEÐ FORSKOT** Jóhanna Guðrún er óneitanlega komin með forskot á önnur lönd með þessari rússnesku tengingu. Hún er ögn skárri en Rússalánið víðfræga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Landsfundarfulltrúar Vinstri grænna veltu því mjög fyrir sér hvort meistarakokkurinn **Siggi Hall** væri genginn til liðs við flokkinn. En Siggi var eins og grár köttur á Hótel Nordica og var kammó við kommúnistana – enda hefur hann ekkert á móti þeim. En ekki var það svo að Siggi væri landsfundarfulltrúi heldur var hann að snúast í tengslum við Food and Fun.



Fréttablaðið missté sig í gær þegar sagt var af tilþrifamiklum og fúlskeggjuðum Friðriki Weisshappel, veitingahúsamógúl í Kaupmannahöfn, sem vakti óskipta athygli vegfarenda í miðborginni þar sem hann sprangaði um með barnavagn á undan sér. Sagt var að Friðrik væri hér Árna Snævar innan handar vegna afmælisveislu en afmælisbarnið var annar Árni og er sá Sævarsson. Eru hlutaðeigandi beðnir velvirðingar á þessu, ekki síst **Árni Snævarr** en yfir hann rigndi í gær óbótaskömmum frá fólki sem taldi furðu sæta að hafa ekki fengið boðsmiða í veisluna.



Óljósar fréttir berast frá framleiðslufyrirtækinu Saga Film. Starfsmenn þar á bæ leita nú logandi ljósi að tvífara grínistans **Péturs Jóhanns Sigfússonar** fyrir væntanlegan sjónvarpsþátt. Engar upplýsingar fást um hvað nákvæmlega er að ræða en þeir sem telja sig líkan Pétri ættu að setja sig í samband við fyrirtækið. Það skyldi þó aldrei vera að tveir einstaklingar með þetta sérstaka útlit nái að verða frægir á Íslandi. - jbg, hdm



FISKBÚÐIN HAFBERG Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FISKI Í DAG
ýsuflök, lúðusneiðar laxaflök, fiskréttir hörpuskel, humar, rauðmagi og margt fleira.
HUGSUM UM HEILSUNA OG BORÐUM FISK.
Veljum íslenskt
opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00



# Spurningakeppni slegin af

„Jú, ég get ekki neitað því. Mér finnst þetta vera skrítin ákvörðun því þetta er ekki dýrt efni hefði ég haldið,“ segir Ævar Örn Jósepsson rithöfundur.

Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri útvarpssviðs Ríkisútvarpsins, hefur tekið þá ákvörðun að slá af spurningakeppni fjölmiðlanna sem verið hefur veigamikill liður í páskadagskrá Rásar 2 og notið mikilla vinsælda. „Já, þetta hefur verið fastur liður hjá mörgum að hlusta á þetta, ekki síst í bílum og sumarbústöðum,“ segir Ævar Örn en fólk er gjarnan á faraldsfæti um þetta leyti árs. Ævar Örn hefur verið umsjónarmaður keppninnar undanfarin fimm ár. Aðspurður vill hann ekki gefa upp hversu mikla verktakagreiðslu hann hefur verið að þiggja, segir hana hvorki háa né lága en eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er um þrjú hundruð þúsund krónur að ræða. Og væntanlega leggst þá einhver fastakostnaður við dagskrárgerðina. Ævar hefur því samkvæmt þessu verið að þiggja um þúsund krónur per spurningu.

Spurningakeppni fjölmiðlanna er um tuttugu ára en það mun hafa verið Þjóðviljinn sem bar sigur úr býtum í fyrstu keppninni sem var árið 1989. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er þetta liður í niðurskurði stofnunarinnar. Síðast sigraði fréttastofa Ríkisútvarpsins eftir mikla eyðimerkurgöngu. Þegar sú kenning er viðruð við Ævar Örn hvort menn hafi beðið eftir því og lagt þá keppnina niður til að halda bikarnum í Efstaleitinu, hlær spurningahöfundurinn en telur svo ekki vera. - jbg



**ÆVAR ÖRN** Hefur haldið utan um keppnina sem hefur verið svo ríkur partur af páskadagskrá Rásar 2.




Sett upp í samstarfi við
VISA

Miðasala er í síma **568 8000**
og á **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir.is
„...ég sá það á vísi“





**BAKÞANKAR**
Kolbeins Óttarssonar Proppé


## *Boðskapurinn*

Í gær voru sex ár upp á dag síðan Íslendingar stóðu að innrás í Írak ásamt fleiri þjóðum. Vissulega var stuðningur Íslendinga meiri í orði en á borði enda hermönnum ekki fyrir að fara hér á landi, þrátt fyrir óskir margra um annað. En við stóðum engu síður fyrir innrásinni undir forystu George W. Bush. Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson héldu að með blóði Íraka gætu þeir keypt áframhaldandi veru erlends herliðs hér á landi. Svo var ekki.

**Á MÁNUDAGINN** eru önnur tímamót. Þá eru sextíu ár síðan Alþingi Íslendinga samþykkti að gerast aðili að Atlantshafsbandalaginu. Þjóðin klofnaði í tvær fylkingar, en í skjóli táragasskýja og kylfuhögga var samþykkt að hið nýstofnaða lýðveldi skyldi ganga í hernaðarbandalag. Þar höfum við verið síðan.

**MENN** geta haft hver sína skoðun á Atlantshafsbandalaginu, en það er óumdeilt að það er hernaðarbandalag. Íslendingar, herlaus þjóðin, eru í liði með þjóðum sem eyða milljörðum í byssur og sprengjur. Þeir sem studdu veru okkar í bandalaginu og viðdvöl hers hér á landi vitnuðu gjarnan til þess að Ísland yrði að leggja sitt af mörkum í samfélagi siðaðra þjóða. Ekki dugaði að spila frítt með, við þyrftum að velja okkur stað með góða liðinu og leggja okkar af mörkum.

**FÆRA** mætti hins vegar fyrir því rök að ýmislegt hefði breyst á síðustu 60 árum og þessi svarthvíta heimsmynd ætti ekki lengur við. Bandaríkjamenn mátu það í það minnsta þannig að ekki væri lengur þörf fyrir að vera með her hér á landi. Íslendingar töldu sig hins vegar vita betur og sömdu við aðrar þjóðir um að koma með loftheri sína hingað til lands. Á síðasta ári eyddu Íslendingar um 1,4 milljörðum króna í varnarmál, þar með talið aðild að Atlantshafsbandalaginu.

**ARONSKA** var það nefnt þegar menn hugsuðu um varnir landsins í krónum og aurum og vildu græða sem mest á veru hers hér og þótti ekki par fínt. Það er líka einfalt að hefja sig yfir slíka hugsun og í stóru samhengi hlutanna er 1,4 milljarðar kannski ekki mikið.

**EINHVER** myndi segja að Íslendingar hefðu færi á að boða nýja hugsun í nýjum heimi. Gætu horfið frá 60 ára gamalli hernaðarhyggju og boðað frið og samvinnu þjóða í millum. Það væri til einhvers unnið.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 25. mars, 84. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.10 | 13.34 | 19.59 |
| Akureyri | 6.53 | 13.18 | 19.45 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


